



Fótboltakapparnir Gylfi Sigurðsson og Rúrik Gíslason hittu aðdáendur og stuðningsmenn íslenska karlalandsliðsins í fótbolta í Kringlunni í gær og árituðu treyjur, fótbolta og plaköt í gríð og erg þegar ljósmyndara bar að garði. Þeir halda brátt út til Rússlands ásamt liðsfélögum sínum en fyrst mæta þeir Gana í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikil ólga innan grasrótar VG

Varaformaður Vinstri grænna segir mun þyngri tón í grasrót flokksins nú en þegar vantraust á dómsmálaráðherra var í umræðunni. Grasrótin sé afar ósátt við veiðigjaldahugmyndir atvinnuveganefndar þingsins.

STJÓRNMÁL Grasrót Vinstri grænna er afar óánægð með forystu flokksins fyrir að hafa staðið að framlagningu frumvarps um breytingu á veiðigjöldum sem áttu að færa stórúterðinni skattaafslátt. Síðustu sjö mánuðir hafa verið ansi erfiðir fyrir flokkinn og skilja margir flokksmenn hvorki upp né niður í vegferð hans undir forystu Katrinar Jakobsdóttur.

Veiðigjaldafrumvarpið hefur sett þingstörf á hliðina en rúm vika er síðan atvinnuveganefnd lagði til lækkan á veiðigjöldum. Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður nefndarinnar, taldi þetta þá vera mikilvægt mál sem þyrfti að samþykkja.

„Ég skynja reiði meðal flokksmanna og töluvert öðruvísi og þyngri tón en áður. Flokkurinn hefur fengið yfir sig margar gusurnar síðan ríkisstjórn var mynduð síðastliðið haust. Sú reiði sem kom við stjórnarmyndun er skiljanleg.

Hins vegar er þyngri tónn í reiðinni núna og þetta mál ristir dýpra í

hugum flokksmanna,“ segir Edward Hákon Huijbens, varaformaður Vinstri grænna. „Mitt persónulega mat er að veiðigjaldamálið þurfi meiri yfirlegu.“

Edward segir VG hafa fengið á sig nokkuð ómaklega gagnrýni á síðustu mánuðum. Samstarfið hafi tekið á. Ekki er langt

Katrin Jakobsdóttir og Lilja Rafney Magnúsdóttir



síðan þingmenn og ráðherrar flokksins skiptu um skoðun á embættisfærslum dómsmálaráðherra til að viðhalda stjórnarsamstarfinu.

„Gagnrýni á flokkinn hefur verið mikil og hún skiptist að mínu mati í tvennt. Annars vegar strangt og gott aðhald í félagsmönnum þar sem virkir félagsmenn veita uppbyggilega og vandaða gagnrýni,“ segir Edward.

„Hins vegar er svo gagnrýni sem er að einhverju leyti ómakleg. Við verðum að muna að flokkurinn fékk 17 prósentu fylgi og er ekki einráður í ríkisstjórn. Svo virðist sem skuldinni sé skellt á Vinstri græn fyrir allt sem aflaga kunni að fara.“ – sa / sjá síðu 4



9 DAGAR Í HM



BJÖRN BERGMANN

ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnum



MIÐNÆTUROPUN

SKUGGALEGA GÓÐ TILBOÐ OG STEMNING TIL 24 Í KVÖLD

SJÁ TILBOÐ OG DAGSKRÁ Á BLS 14-17



SMÁRALIND

Veður



Hæglætisveður í dag og líkur á að sjáist til sólar í flestum landshlutum. Hiti 10 til 18 stig, svalast norðvestan til. **SJÁ SIÐU 34**



Frá Mjóstræti FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Áralangt karp um þvottavél

DÓMSMÁL Íbúar í Mjóstræti 2b í Reykjavík þurfa að fjarlægja þvottavél sína úr rými sem þau eiga í sameign með konu sem býr að Bókhúðustig 8. Deila um staðsetningu þvottavélarinnar hefur staðið yfir í tvo tæpa tvo áratugi eða síðan árið 1998.

Málið fór fyrir kærufnd fjöl-eignarhúsamála árið 2000 sem taldi óheimilt að hafa þvottavélina þar. Hálfu ári síðar freistaði konan þess að fá þvottavélina fjarlægða með aðfarargerð en þeirri kröfu var hafnað í hér-aði og Hæstarétti. Héraðsdómur féllst síðan á eignaskiptahlutfallakröfu konunnar með dómi árið 2003.

Núverandi eigendur eignuðust Mjóstrætið árið 2016 og komu skömmu síðar fyrir þvottavél í rýmiinu. Síðan þá hefur verið deilt um staðsetningu hennar.

„Hvort sem umrædd þvottavél hefur verið staðsett í sameignarrýmiinu, og þá á hvaða grundvelli, liggur fyrir að enginn samningur var á milli þáverandi eigenda fasteignarinnar um slíka hagnýtingu og engar þinglýstar heimildir stýðja þau sjónarmið stefndu að þar se gert ráð fyrir þvottahúsi.“ segir í nýjum dómi í héraði. Þar var fallist á kröfu konunnar um að óheimilt væri að hafa þvottavélina í sameigninni. Eigendur Mjóstrætisins þurfa að auki að greiða konunni 750 þúsund krónur í málskostnað. –joe



Breiðfyllking veipara við Alþingi



Veiparar hugðust fjölmennu á þingpalla Alþingis í gær þegar umræða um rafrettufrumvarpið átti að fara fram. Þingfundur var hins vegar frestað óvænt þannig að baráttufólk fyrir aðgengi að rafrettum tók sér stöðu fyrir utan þinghúsið og blés þar á boðaðar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Viðræður halda áfram í FB í dag

KOSNINGAR Meirihlutaviðræður í Reykjavík ganga vel að sögn Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, oddvita Pirata. „Við höldum áfram þessari vegferð í gegnum málaflökkana, við förum síðan aftur yfir einhver mál til að leysa ágreiningsefni.“

Piratar, Samfylking, VG og Viðreisn funda klukkan eitt í dag í FB. Um framhaldið segir Dóra: „[Það] gæti gengið að klára þetta á næstu dögum. Skýrist sennilega betur í dag.“ Verkskipting hefur ekki verið rétt formlega. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, hefur sagt að einhver oddvita verði borgarstjóri. –tg



Dóra Björt Guðjónsdóttir

Tólfumenn drifu sig í bólusetningu fyrir HM

Töluvert hefur verið hringt í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undanfarið til að spyrjast fyrir um bólusetningar vegna ferða á HM í Rússlandi. Sóttvarnalæknir hvetur fólk almennt til að huga að bólusetningum.

HEILBRIGÐISMÁL Stjórnarmenn stuðningsmannasveitarinnar Tólfunnar vildu hafa vaðið fyrir neðan sig og drifu sig í bólusetningu fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi. Sveinn Ásgeirsson, varaformaður Tólfunnar, viðurkennir að hafa ekki þælt í þessu fyrr en hann sá umfjöllun um ráðleggingar sóttvarnalæknis vegna ferða til Rússlands.

„Ég fór nú bara í bólusetningu í gærmorgun. Flestir okkar hafa verið að fara síðustu daga.“ Sveinn verður hluti af hópi Tólfumanna á leiknum gegn Argentínu í Moskvu 16. júní.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur töluvert verið hringt og spurst fyrir um bólusetningar vegna ferða til Rússlands.

Undanfarið hafi orðið einhver fjölgun á bólusetningum en ekki sé hægt að fullyrða hvort það sé eingöngu vegna HM. Til að mynda hafi stórir hópar nýstúdenta farið í útskrifarferðir til Mexíkó síðustu daga sem gæti skýrt hluta af aukningunni.

„Almennt hvetjum við fólk til að huga að bólusetningum. Það þarf hver og einn að bera ábyrgð á sjálfum sér.“ segir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir hjá Embætti landlæknis. Sérstaklega er minnst á mislinga í ráðleggingum sóttvarnalæknis.

Þórólfur segir að skipulegar bólusetningar gegn mislingum hafi hafist hér á landi 1976 og nánast alla Íslendinga fædda fyrir 1970 hafa fengið mislinga. Þeir hafi því lítið að óttast. Hins vegar séu alltaf einhverjir sem missi af bólusetningum. Líkurnar á því séu meiri hjá þeim



Meðlimir Tólfunnar undirbúa sig nú fyrir HM og hafa stjórnarmenn meðal annars drifið sig í bólusetningu áður en þeir halda utan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ráðleggingar sóttvarnalæknis

Samkvæmt ráðleggingum sóttvarnalæknis eru það einkum þeir hópar sem þurfa að huga að bólusetningu áður en ferð er til Rússlands.

Í fyrsta lagi börn og unglingar sem ekki hafa verið fullbólusett.

Í öðru lagi þeir sem eru eldri en 23 ára og hafa ekki fengið stífkrampa- og barnaveikibólusetningu síðan í grunnskóla.

Í þriðja lagi allir fæddir eftir 1970 sem hafa hvorki veikt af mislingum né verið bólusettir gegn þeim.

sem fæddir séu um það leyti sem breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi bólusetninga.

Þórólfur segir mislingatílfelli reglulega koma upp í Evrópu. Á síðasta ári greindust rúmlega 20 þúsund tílfelli í álfunni sem var mikil

fjöldur frá árinu áður. Rúmlega þrjú fjórðu hlutar þessara tílfella komu upp í Rúmeníu, á Ítalíu og í Úkraínu. Í Rússlandi var tilkynnt um 408 tílfelli en til samanburðar voru þau 927 í Þýskalandi og 520 í Frakklandi. **sigfatur@frettabladid.is**

14. JÚN
OG
15. JÚN

17 JUN

2018

BILL MURRAY

LISTAHÁTIÐ LISTAHÁTIÐ.IS

STÓRLEIKURINN ER Í BÍLALANDI

Peir sem komast ekki til Rússlands skella sér bara á Stórleikinn í Bílalandi. Við spilum á gríðarsterkum hóp tilboðsbíla í öllum stöðum og stærðum og allir í sínu besta formi.

KAUPAUKI!
LG 55" UHD SJÓNVARP
fylgir fánamerktum bílum í júní!



FYRIRLIÐI VIKUNNAR Rnr. 144508
RENAULT Talisman Zen Sport Tourer
Ekinn 33 þ.km, dísil, beinskiptur Nýskr. 03/17
Verð 3.290 þús. kr. **BOLTAVERÐ: 2.890 þús. kr.**



www.bilaland.is
OPIÐ Á LAUGARDAG FRÁ 12–16



BMW 218d Active Tourer
Nýskr. 05/16, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.790 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
3.290 þús. kr.
Rnr. 370877



FORD Focus Electric
Nýskr. 01/14, ekinn 56 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 1.990 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
1.690 þús. kr.
Rnr. 145062



RENAULT Captur Dynamic
Nýskr. 01/15, ekinn 34 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
2.090 þús. kr.
Rnr. 430029



TOYOTA Rav4 VX
Nýskr. 07/15, ekinn 38 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.790 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
4.390 þús. kr.
Rnr. 410030



SUBARU Forester
Nýskr. 11/12, ekinn 99 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.390 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
1.990 þús. kr.
Rnr. 390624



RENAULT Clio Expr. Sport Tourer
Nýskr. 11/14, ekinn 81 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.790 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
1.490 þús. kr.
Rnr. 370815



HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 03/17, ekinn 63 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.390 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
3.890 þús. kr.
Rnr. 144892



RENAULT Kadjar Zen 4wd
Nýskr. 05/17, ekinn 28 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.950 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
3.490 þús. kr.
Rnr. 144544



SUBARU Outback LUX
Nýskr. 06/15, ekinn 161 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
2.890 þús. kr.
Rnr. 370888



Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 11/16, ekinn 17 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990 þús. kr.

BOLTAVERÐ:
6.990 þús. kr.
Rnr. 370701

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

Opið frá kl. 9–18 og
á laugardögum frá kl. 12–16.

www.facebook.com/bilaland.is

bilaland
„Áfram Bílaland!“

Armband með örgjörva á Secret Solstice

SAMFÉLAG Nýjung verður á tónlistarhátíðinni Secret Solstice í ár sem fer fram 21. til 24. júní. Armbönd sem gestirnir fá innihalda örgjörva og verða tengd við bankareikning armbandshafa og þannig geta þeir borgað fyrir veitingar og annað á hátíðinni.

„Fólk fær armband þegar það kaupir miða á hátíðina sem verður tengt við bankareikning viðkomandi. Þetta virkar eins og snertilaus debetkort. Gestir nota svo Sol-

stice-appið til að fylla á armbandið. Einnig verða básar á svæðinu og þangað getur fólk leitað með pening eða greiðslukort þar sem starfsfólk hjálpar gestum að fylla á armböndin,“ segir Jón Bjarni Steinsson, einn skipuleggjenda hátíðarinnar. „Við höfum verið að leita leiða til að koma í veg fyrir að fólk undir aldri geti keypt afengi á hátíðinni og svona getum við tryggt það.

Við erum ekki í neinni tilrauna-starfsemi. Fyrirtækið sem við

kaupum þjónustuna hjá er erlent og framarlega á sínu sviði. Þetta hefur reynt vel á öðrum hátíðum.“

Miklir peningar eru í umferð yfir hátíðina og getur verið mikið umstang í kringum það að ferja peninga á milli svæða. Armbandið mun því létta mikið undir. „Þetta eykur öryggi starfsmanna og einfaldar bókhald,“ segir Jón Bjarni.

„Við getum ekki fylgst með því hvað hver og einn er að kaupa, þetta er ekki persónugreinanlegt.“ – gj



Secret Solstice hefst þann 21. júní og lýkur 24. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

FRÉTTABLAÐIÐ IS

MEST LESIÐ



1. Björgólfur Thor
endurskapar
aldargamlan
gæsileika langafa

2. Geir Ólafs
safnar fyrir
lyfjakostnaði Ægis
Þórs

3. KSÍ:
„Íslendingar
kunna ekki að lesa
leiðbeiningar“

4. Eldur í hóteli
í miðborg
Lundúna

5. Farþegum
Ícelandair
fjölgaði um 10
prósent

Aldrei hafa fleiri flokkar setið á þingi og því flóknara verkefni fyrir þingflokksformenn en áður að semja um þinglok. Ágætur gangur er í viðræðum og mun samkomulag að öllum líkindum sjá dagsins ljós í dag. Þingfundir standa líkast til fram í miðja næstu viku.

ALÞINGI Þreifingar milli formanna og þingflokksformanna stjórnmalá-hreyfinga á þingi héldu áfram í allan gærdeg. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, segist vera farin að sjá í land með samkomulag milli þingflokka um þinglok og vonast eftir því að samkomulag náist í dag.

„Eins og staðan er núna erum við ekki búin að klára samkomulag um neitt mál,“ segir Bjarkey. „Þetta er allt saman einn pakki sem við erum að reyna að ná samkomulagi um milli stjórnar og stjórnarandstöðu og því er þetta nokkuð mikil vinna þegar allt kemur til alls, þar inni eru líka mál sem þarf að ræða í þingsal og því er ljóst að þingið verður starfrækt vel fram í næstu viku.“

Þingstörf hafa verið í skötulíki síðustu tvo daga þar sem samningaviðræður milli flokkanna hafa átt sér stað í bakherbergjum þingsins. Þó hafa fastanefndir þingsins nýtt sér þennan tíma til að fara yfir mál sem enn eru í meðförum þeirra og þarf að klára á þessu þingi.

Mál sem talið er að verði snúin eru frumvörp um rafsigarettur og frumvarp heilbrigðisráðherra um steranotkun. Ný persónuverndarlög og fjármálaáætlun Bjarna Bene-



Þingið hefur starfað með afar óvenjulegum hætti eftir eldhúsdagsumræður. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Eins og staðan er núna erum við ekki búin að klára samkomulag um neitt mál.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG



diktssonar verða einnig rædd mikið á næstu dögum náli menn samkomulagi um störf þingsins.

Einnig hafa heyrst raddir um að 28 ný þingmál biði fyrstu umræðu, 60 þingmál eru í meðförum nefnda þingsins, önnur 17 biða annarrar umræðu og síðast en ekki síst eru fjögur mál sem biða þriðju umræðu í þinginu. Um 30 mál voru á dagskrá þingsins í gær og störfum um tíu leytið í gærkvöld.

Á morgun verður að öllum líkindum rétt um fjármálaáætlun til ársins 2023 sem þarf að samþykka fyrir þinglok.

Sattatillaga forsætisráðherra um með hvaða hætti þingið taki á veiði-

gjaldamálinu er undirstaða þeirrar vinnu sem nú er unnin milli þingflokksformanna um þinglokinn. Af samtölum að dæma ríkir þokkalegur friður um þá vinnu og hún virðist ganga ágætlega. Hins vegar sé afar flókið að semja um þinglok þar sem aldrei hafa jafn margir flokkar setið á þingi og nú.

„Það er jákvæður gangur í þessu og þetta mjakast áfram. Nú er bara unnið hörðum höndum að því að ná lendingu og það er í höndum þingflokksformanna að semja. Eins og þingið er oft á tíðum þá tekur þetta bara tíma en við reynum að vinna þetta í sátt,“ bætir Bjarkey við.

sveinn@frettabladid.is

FIAT TALENTO BUS

TILBOÐSVERÐ

6 MANNA

3.701.613 ÁN VSK.

4.590.000 MEÐ VSK.

9 MANNA

3.911.290 ÁN VSK.

4.850.000 MEÐ VSK.

LISTAVERÐ MEÐ AUKAHLUTUM

5.850.000 MEÐ VSK.

Búnaður: 125 hö. diesel, 6 gira, beinskíptur, loftkæling frammi í og aftur í og stór afturhleri sem opnast upp. Premium pakki: 17" álfelgur, bakkmýndavél, bakkskynjarar, samlitir stuðningar og hraðastillir. 5 ára ábyrgð o.fl.



TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BÓÐI - TIL AFGREIÐSLU STRAX

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBODSÁÐILI FIAT - ÞVERHOLTÍ 6 - 270 MOSFELLSBÆR - S. 534 4433 - WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD



Herra
lagervinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull verslun af merkjavöru!

40% - 60%

afsláttur af öllum vörum

Opið virka daga frá kl. 11 til 18 / laugardaga frá kl. 11 til 17 / sunnudaga frá 13 til 17 / Sími 568 9512 Suðurlandsbraut 54 / bláu húsin (við faxafen)

Fjórir nýir ritstjórar á Fréttablaðinu

FRÉTTABLAÐIÐ Nýtt skipurit hefur tekið gildi hjá Torgi, útgefufélagi Fréttablaðsins. Kristín Þorsteinsdóttir, sem verið hefur útgefandi og aðalritstjóri undanfarin fjögur ár, mun einbeita sér að rekstri fréttastofunnar og verður áfram útgefandi í aðalstarfi. Ritstjórar Fréttablaðsins verða þau Kjartan Hreinn Njálsson, Ólöf Skaftadóttir og Sunna Karen Sigurþórsdóttir sem ritstýrt hefur vefútgáfu blaðsins, Fréttablaðið.is. Hörður Ægisson mun áfram ritstýra Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins.

Þá hefur verið stofnuð ný deild innan fyrirtækisins, Stafræn verkefni,

IT og Markaðsmál og mun Jóhanna Helga Viðarsdóttir stýra henni þvert á sviði.

Sigrún L. Sigurjónsdóttir mun áfram stýra fjármálasviði og Elmar Hallgríms Hallgrímsson sölu, greinivun og dreifingu.

Markmið nýs skipulags er að efla alla þætti starfsemi Torgs með sérstaka áherslu á stafrænan hluta og um leið skilgreina verkswið betur með það að markmiði að bjóða neytendum og auglýsendum betri fjölmiðla. Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir er forstjóri Torgs. – þea



Kristín Þorsteinsdóttir

Kjartan Hreinn Njálsson

Ólöf Skaftadóttir

Sunna Karen Sigurþórsdóttir

Hörður Ægisson

Sífelld fleiri konur fá styrk

NÝSKÖPUN Sextíu og þremur verkefnum verður úthlutað styrkjum úr Tækniþróunarsjóði. Umsóknum um styrki úr sjóðnum hefur fjölgað og hlutfall kvenna hefur hækkað mikið síðustu ár.



Hrund Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs

„Þetta er stærsta úthlutun ársins úr sjóðnum, upphæðin er nálægt 700 milljón krónum. Við mælum hlutfall karla og kvenna sem fá styrki út frá kyni verkefnastjóra. Hlutfall kvenna hefur hækkað mikið síðustu misseri. Nú eru konur 37% verkefnastjóra. Síðasta haust var hlutfall kvenna sem verkefnisstjóra um 45%,“ segir Hrund Gunnsteinsdóttir, stjórnarformaður Tækniþróunarsjóðs.

„Ég held að í þessu samhengi sé það mikilvægt að Tækniþróunarsjóður tali áfram til stærri hóps,“ segir Hrund. „Nýsköpun þrífst á fjölbreytni. Umsóknum hefur einnig fjölgað þvert á atvinnulífið. Umsóknir núna voru 377 talsins sem er 17 prósentu aukning frá því í fyrra,“ segir hún. – kg

Ræða búðir utan ESB

DANMÖRK Forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke Rasmussen, á nú í viðræðum við leiðtoga í öðrum Evrópuríkjum, þar á meðal Þýskalandi, Austurríki og Hollandi, um að setja upp sérstakar búðir fyrir hælisleitendur sem fengið hafa sýnjuh. Rasmussen vonast til að fyrstu skrefin verði tekin þegar á þessu ári. Hugmyndin gengur út á að setja upp búðirnar einhvers staðar í Evrópu en utan Evrópusambandsríkjanna. Það er mat Rasmussen að koma eigi þeim fyrir sem sýnjuh hefur verið um hæli í landi sem ekki er efst á lista hælisleitenda og þeirra sem smygla fólki. – ibs

Nánasti vandamaður getur virt fyrir mæli hins látna að vettugi

Frumvarp um ætlað samþykki til líffæragjafar varð að lögum í gær og tekur gildi um áramótin. Almenn tók áhættu með efni laganna meðal þeirra sem starfa í stéttinni. Fólki sem ekki vill láta gefa líffæri sín að sér látnu mun þurfa að lýsa því sérstaklega yfir. „Ánægjulegur áfangi,“ segir sérfræðingur hjá Landspítala.

HEILBRIGÐISMÁL Frá og með næstu áramótum verða allir þeir sem ekki hafa hug á að líffæri þeirra, að þeim látnum, verði notuð við lækni-meferð annars einstaklings að gefa andstöðu sína upp meðan þeir lifa. Frumvarp um ætlað samþykki við líffæragjöf, í stað ætlaðrar neitunar, var samþykkt á Alþingi í gær. Lögin taka gildi fyrsta dag ársins 2019.

Í upphafi gerði frumvarpið ráð fyrir því að ætlað samþykki lægi fyrir hjá einstaklingum sem væru sjálfráða en sú breyting var felld úr lögnum við meðferð þingsins. Í frumvarpinu felst hins vegar að óheimilt sé að slík aðgerð fari fram gegn því. Slíkt gildir óháð því hvort um yfirlýst samþykki er að ræða eða ætlað samþykki.

„Þetta varð niðurstaðan í nefndinni, að reka þennan varnagla. Almenn tók áhættu með efni laganna meðal þeirra sem starfa í stéttinni. Fólki sem ekki vill láta gefa líffæri sín að sér látnu mun þurfa að lýsa því sérstaklega yfir. „Ánægjulegur áfangi,“ segir sérfræðingur hjá Landspítala.

Meðan á undirbúningi málsins stóð var meðal annars rætt við líffæragjafarteymi á Sahlgrenska-sjúkrahúsinu í Svíþjóð. Í þeim viðræðum kom fram að aðeins er eitt þekkt tilfalli í Svíþjóð þar sem aðstandendur viku frá vilja hins látna.

„Þessi lög eru mjög ánægjulegur áfangi,“ segir Runólfur Pálsson, umsjónarmaður líffæragræðsluteymis Landspítalans.

Tölur og gögn frá ríkjum heimsins benda til þess að í löndum þar sem ætlað samþykki er lögfest sé gjafatími líffæra hærri en í ríkjum sem búa ekki við slík lög. Hingað til



Rúmlega tíu prósent þjóðarinnar hafa skráð sig á lista Landlæknis fyrir líffæragjafa frá 2014. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ég vil itreka við fólk að ræða um afstöðu sína við eldhúsbörðið heima

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins



hefur sú leið verið farin hér á landi að fólk þurfi að láta vilja sinn til líffæragjafar skýrt í ljós. Stjórnmöld hafa meðal annars ráðist í herferðir til að fjölga á lista líffæragjafa en það hefur skilað sér í því að rétt rúm tíu prósent landsmanna eru á þeim lista.

„Staðreyndin er sú að í flestum tilfellum liggur ekkert fyrir um afstöðu mögulegs gefanda. Líggt slíkt ekki fyrir hefur verið leitað til aðstandenda til að kanna hvort afstaða hins látna hafi legið fyrir meðan hann lifði,“ segir Runólfur.

Í lögnum er kveðið á um að vel-ferðarráðuneytið þurfi að kynna innihald þeirra fyrir landsmönnum áður en þau taka gildi um næstu áramót. Þeir sem eindregið leggast gegn því að líffæri þeirra séu notuð verða að gefa þá afstöðu sína upp á þar til gerðu skráningarformi Embættis landlæknis.

„Ég vil itreka við fólk að ræða um afstöðu sína við eldhúsbörðið heima. Slíkt getur komið í veg fyrir að fólk lenti í erfðri stöðu ef slýs eða sjúkdóm aðstandanda ber að,“ segir Silja Dögg. voli@frettabladid.is

Freyja segir niðurstöðu héraðsdóms vera mikil vonbrigði

DÓMSMÁL Barnaverndarstofa var í gær sýknuð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í máli Freyju Haraldsdóttur gegn stofnuninni. Freyja stefndi Barnaverndarstofu fyrir að hafa sýnjuh henni leyfi til að gerast fösturfórelstri. Segir í dómnum að ekki verði annað séð en að mat Barnaverndarstofu hafi verið reist á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum sem miði að því höfuðmarkmiði að geta öryggis og réttinda fösturbarna, en að engin vægari úrræði en höfnun umsóknar hefðu verið tæk með góðu móti.

„Þetta eru náttúrulega mikil vonbrigði og augljóslega ekki niðurstaðan sem við vildum,“ segir Freyja



Freyja Haraldsdóttir segir að um fordóma sé að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/FREYJA

í samtali við Fréttablaðið. Aðspurð að því hvort til standi að áfrýja dómnum segir Freyja að ákvörðun hafi ekki verið tekin um það.

„Fatláð fólk á að hafa fullan aðgang að réttlátri málmeferð. Við eigum rétt á friðhelgi frá forðómum sem ákveða fyrir fram að við séum vanhæf bara út frá því hvernig líkaminn okkar er eða litur úti eða hreyfir sig. Þetta mál hefur einkennst af því að það er verið að ákveða fyrir fram að ég sé vanhæf út af því hvernig líkama ég er í. Það er ekki einu sinni vilji til að kanna það frekar. Það eru augljóslega forðomar,“ segir Freyja.

Í niðurstöðukafla dómsins segir

að óumdeilt sé að Freyja sé vel menntuð og atorkusóm kona sem er virk félagslega og hefur áður komið að störfum með börnum. Jafnframt sé það óumdeilt að Freyja búi í ágætum húsnáðum og við traustar fjölskylduástæður.

Segir dómurinn að það liggi fyrir að heimilishald Freyju byggji á því að fjórar til sex aðstoðarkonur ganga vaktir, og að það myndi skapa óstöðugleika í tengslamyndun við barn og valda því að nokkur stofnanabragur yrði á umhverfinu. Einnig segir að slíkar aðstæður feli ekki í sér þann langtíma stöðugleika sem ber sérstaklega að stuðla að fyrir fösturbarn. –jt

MIDNÆTUROPNUN

RISA

TAX

FREE

**EINUNGIS Í SMÁRALIND
Í DAG 7. JÚNÍ**

**Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm,
öllum hjólum, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Óheimilt að synja fyrrverandi fanga um aðstoð

VELFERÐARMÁL Úrskurðarnefnd velferðarmála hefur komist að þeirri niðurstöðu að fortakslaut ákvæði í reglum Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð standist ekki grundvallarreglur íslensks réttar um rétt til félagslegrar aðstoðar.

Fyrrverandi fangi kvartaði til nefndarinnar eftir synjun bæjarins um fjárhagsaðstoð en hann hafði sótt um aðstoð á þeim grundvelli að hann stundaði háskólanám en þar sem



Guðmundur Ingi Þórðsson, formaður Afstöðu.

hann sé á vanskilaskrá eigi hann ekki rétt á námsláni frá LÍN nema með ábyrgðarmanni, en ómögulegt geti reynst fyrir fyrrverandi fanga sem biða gjaldþrot að fá ábyrgðarmann

að láni. Umsókn mannsins var synjað með vísan til fortakslaus ákvæðis reglna bæjarins um að einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, njóti ekki réttar til fjárhagsaðstoðar.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar er á því byggt að umrætt ákvæði leiði í reynd til þess að ekki fari fram eiginlegt mat á aðstæðum umsækjenda og því hvort þeir geti séð sjálfum sér og fjölskyldum sínum farboða án

aðstoðar. „Þar sem löggjafinn hefur eftirlítið stjórnvöldum mat til þess að geta tekið ákvörðun sem best hentar hag hvers aðila, með tilliti til allra aðstæðna, er stjórnvöldum óheimilt að afnema matið með því að setja til dæmis verklagsreglu sem tekur til allra mála, sambærilegra sem ósambærilegra.“

Formaður Afstöðu, félags fanga, fagnar niðurstöðunni og segir hana fordæmisgefandi. „Afstaða hefur

margtöf bent á að þeir verst stöðu í samfélaginu falli á milli skips og bryggju með fortakslausum ákvæðum sem þessu og að þau hefti möguleika þeirra sem ljúka afplánum til að byggja upp líf sitt að nýju. Það er því sérlega ánægjulegt að úrskurðarnefndin taki af allan vafa í þessu tiltekna máli og segi að meta þurfi aðstæður allra umsækjenda um fjárhagsaðstoð,“ segir Guðmundur Ingi Þórðsson, formaður Afstöðu. – að

Dópuð undir stýri á Facebook

AKUREYRI Lögreglan á Akureyri hefur ákært konu á fertugsaldri fyrir að hafa verið að skoða Facebook í símanum á meðan hún ók bifreið sinni.

Lögreglan stöðvaði konuna að nóttu til um miðja viku þar sem aksturslag hennar þótti skringilegt. Kom í ljós að hún hafði verið önnur kafin á Facebook undir stýri. Við rannsókn málsins var tekið blóðsýni úr konunni og þar fundust fimm slævandil lyf en einnig MDMA.

Verði konan sakfelld fyrir háttalagði þarf hún að sæta sviptingú öku-réttinda og greiðslu sektar í ríkissjóð. Einnig fer ákærvaldið fram á að konan greiði sakarkostnað. – 5a

Vikur úr sal meðan brotápoli gefur skýrslu

DÓMSMÁL Landsréttur hefur úrskurðað að maður sem ákærður er í kynferðisbrotamáli gegn 14 ára stúlku þurfi að vikja úr þingsal á meðan hún gefur skýrslu við aðalmeðferð málsins. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður komist að sömu niðurstöðu.

Manninum er gefið að sök að hafa tvisvar átt kynferðislegt samneyti við stúlkuna, þar sem hún veitti honum munnmök og þau höfðu samræði.

Lögmaður mannsins var mótfallinn þeirri kröfu réttargæslumanns brotápoli að skjólstæðingur hans fengi ekki að vera viðstaddur þegar brotápoli gæfi skýrslu.

„Brotápoli var einungis 14 ára gömul er ætlað brot var framið. Er hún orðin 16 ára í dag. Ætlað brot ákærða er alvarlegt. Af framangreindu og því sem fram kemur í vottorði sálfræðingsins virtu telur dómari að hagsmunir brotápoli, af því að geta gefið skýrslu án nærveru ákærða, vegi þyngra en hagsmunir ákærða af því að vera viðstaddur skýrslugjöf hennar,“ segir í niðurstöðu héraðsdóms. – tg

Páll rúinn trausti í kjördæminu

Sjálfstæðismenn í Eyjum eru æfir af reiði vegna framgöngu Páls Magnússonar, oddvita kjördæmisins, í aðdraganda nýafstaðinna kosninga. Segja hann bera ábyrgð á því að meirihluti flokksins féll í Vestmannaeyjum. Nafngreindir fulltrúar í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins einnig sagðir hafa unnið gegn flokknum í Eyjum. Titringur er í Valhöll vegna málsins.

STJÓRNMÁL „Það er engin launung á því að við Sjálfstæðismenn í Eyjum erum mjög ósatt við framgöngu Páls í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna,“ segir Jarl Sigurgeirsson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum, um oddvita flokksins í Suðurkjördæmi, Pál Magnússon. Jarl segir Pál launa illa þá vinnu sem hann sjálfur og margir Sjálfstæðismenn lögðu á sig fyrir Pál og flokkinn í aðdraganda síðustu þingskosninga.

Klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknunum, Fyrir Heimaey, vann góðan sigur í kosningunum, fékk þrjá menn kjörna og myndaði nýjan meirihluta með Eýjalistanum en Sjálfstæðismenn töpuðu meirihluta sem þeir hafa haft undanfarin tólf ár og fengu einnig þrjá menn kjörna. Vináttusamband er milli Páls og Írisar Róbertsdóttur, oddvita

Elliði er líklegur helsti keppinaur Páls um forystu í Suðurkjördæmi.



Mikil reiði er innan flokksins vegna meintrar framgöngu Páls gegn eigin flokki í aðdraganda kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

klofningsframboðsins og nýs bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. Þau hafa verið samherjar í pólitík um árabíl og hafa til dæmis lengi setið saman í stjórn IBV. Íris

studdi Pál dyggilega í prófkjöri Sjálfstæðismanna fyrir síðustu þingskosningar og þótt Páll hafi ekki stutt klofningsframboð Írisar opinberlega eru víðmælendur Fréttablaðsins í flokknum á einu máli um að hann stóð með Írisi og félögum hennar í baráttunni og veitti framboði Sjálfstæðisflokksins í Eyjum engan stuðning.

Einn víðmælandi blaðsins bendir á hve mjótt hafi verið á munum milli flokksins og klofningsframboðsins og því hafi atkvæði Páls sjálfs og hans

nánustu í raun gert útslagið og meirihluti flokksins fallið á atkvæðum þeirra.

Annar víðmælandi blaðsins telur einsýnt að Páll muni aldrei aftur sigra í prófkjöri fyrir flokkinn í kjördæminu. Þessi afstaða tilheyrir ekki eingöngu Eýjamönnum heldur hafi sveitarstjórnarmenn flokksins um allt kjördæmið snúið baki við Páli.

Samherjar Páls í Sjálfstæðisflokknunum, þeir Janus Arn Guðmundsson og Þengill Björnsson, munu einnig hafa beitt sér óformlega fyrir klofningsframboði. Þeir unnu báðir með Páli í aðdraganda síðustu alþingskosninga og Janus í framhaldinu sem kosningastjóri flokksins í kjördæminu.

Nokkurs titringur gæti í Valhöll vegna málsins en Janus og Þengill sitja báðir í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins og Janus er nýráðinn framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Til eru þeir í forystu flokksins sem vilja helst losna við þá Janus og Þengil úr flokknum enda þrifist þeir á innanflokksátökum og margir telja fráleitið að þeir geti setið í trúnaðarstöðu fyrir flokkinn og um leið beitt sér gegn flokknum í kosningum. Hins vegar eru þeir sem vilja ekki þann óvinafögnuð að taka hart á þeim sem beita sér gegn flokknum.

Elliði Vignisson, fráfarandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur verið nefndur sem mögulegur eftirmaður Bjarna Benediktssonar á formannsstóli, hann hefur einnig íhugað að hella sér út í landsmálin og vitað er að hann lá undir feldi fyrir síðustu þingskosningar. Gæfi Elliði kost á sér í landsmálin má gera ráð fyrir að hann etji kappi við Pál sem er oddviti flokksins í kjördæminu og því ljósi má halda því fram að Páll hafi hagsmuni af því að koma Elliða á kné áður en hann nær of langt. Árangurinn kann hins vegar að vera of djúur verði keyptur ef orðspor Páls sjálfs í kjördæminu fylgir með. Sjá nánar á fréttablaðið.is. adalheidur@frettabladid.is



NILFISK VINNUR VERKIÐ Á METHRAÐA

Nilfisk háþrýstidælar eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með öflugri háþrýstidælu vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.



OPÍÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17.





Aska og aur þekja bæinn San Miguel Los Lotes í Escuintla-sýslu, 35 kílómetra suðvestur af Gvatemalaborg. Enn er leitað að fórnarlömbum hamfaranna, lífs eða liðnum. NORDICPHOTOS/AFP

Hörmungar í Gvatemala

Að minnsta kosti 75 hafa farist eftir að Volcan de Fuego gaus í Gvatemala á sunnudaginn. Annað gos varð á þriðjudagskvöld og gusthlaup í kjölfarið. 192 hið minnsta er enn saknað og björgunarstarf hefur gengið erfiðlega. 3.000 hafa þurft að flýja heimili sin og eldgosíð. Íbúar á svæðinu fengu enga viðvörðun áður en eldgosíð hófst og margir náður ekki að flýja í óðagotinu sem myndaðist.



Stund milli stríða hjá björgunarfólki í bænum San Miguel Los Lotes. NORDICPHOTOS/AFP



Öskupaktir fætur fórnarlamb. Staðfest tala látinn er 75 en sú tala mun hækka. NORDICPHOTOS/AFP



Þessi hjón voru óttaslegin þegar björgunarfólk fann þau. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Björgunarfólki í San Miguel Los Lotes tókst að bjarga þessum litla hvolpi.



Walk-in N

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fánlegur í
mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng,
8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili

MARKAÐURINN

Davíð nýr í stjórn Haga

Davíð Harðarson, fjármálastjóri Nordic Visitor, var kjörinn nýr í stjórn Haga á aðalfundi félagsins í gær. Hann tekur sæti Salvarar Nordal sem sagði sig úr stjórninni í september síðastliðnum í kjölfar þess að hún tók við embætti umboðsmanns barna. Á fundinum var samþykkt að stjórnarlausn hækkí um 10 prósent.

Aðrir í stjórn félagsins voru endurkjörnir. Hvorki Már Wolfgang Mixa, lektor í fjármálum við Háskólann í Reykjavík né Tryggvi Guðbjörn Benediktsson, stjórnarmaður í Bilabúð Benna, hlutu brautargengi.

Fyrir í stjórn Haga voru Erna Gísladóttir, forstjóri BL, Kristín Friðgeirsdóttir, kennari við London Business School, Sigurður Arnar Sigurðsson ráðgjafi og Stefán Árni Auðólfsson, héraðsdómslögmaður og stjórnarmaður í Símanum. – hvj

LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í frétt Markaðarins í gær um stjórnarkjör Heimavalla að Björk Þórarinsdóttir gæfi kost á sér til stjórnarsetu á hluthafafundi félagsins á föstudag. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Veik rök fyrir innflæðishöftum

Bandarískir hagfræðiprófessorar vilja að innflæðishöftin verði afnumin í skrefum. Rökin fyrir þeim séu veik við núverandi aðstæður. Koma megi í veg fyrir fjármálagan óstöðugleika eftir öðrum leiðum.

Tveir bandarískir hagfræðiprófessorar, sem íslensk stjórnvöld fengu til þess að veita sér ráðgjöf um peningastefnu Íslands til framtíðar, telja að rökin fyrir höftum á innflæði fjármagns séu veik við núverandi aðstæður. Innflæði erlends fjármagns hingað til lands sé ekki af þeirri stærðargráðu að það vegi að fjármálastöðugleika og þá mætti afstýra slíkri hættu með annars konar þjóðhagsvarúðartækjum.

Hagfræðiprófessorarnir tveir, Kristín J. Forbes, sem starfar við MIT-háskólann, og Sebastian



Arnór Sighvatsson aðstoðareðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Edwards hjá UCLA-háskólanum, héldu erindi á ráðstefnu forsætisráðuneytisins um framtíð islenkskrar peningastefnu á Grand hóteli í gær. Þau eru í hópi sex erlendra sérfræðinga sem starfshópur um endurmat á peningastefnu landsins fékk til þess að veita stjórnvöldum ráðgjöf. Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum á þriðjudag en á meðal þeirra er að áfema eigi innflæðishöftin í skrefum.

Asgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands og formaður hópsins, sagði á ráðstefnunni að líta ætti á innflæðishöftin sem þjóðhagsvarúðartæki til þess að tryggja fjármálastöðugleika en ekki sem peningastjórntæki sem Seðlabankinn gæti gripið til þegar honum hentar. „Þó svo að innflæðishöftin verði áfram hluti af stjórntækjum Seðlabankans er mikilvægt að ströng skilyrði gildi um hvenær þeim er beitt,“ nefndi hann.

Umrædd höft, sem stjórnendur Seðlabanka Íslands settu á innflæði fjármagns samarið 2016, virka þannig að 40 prósent af innflæði vegna fjárfestinga í skráðum skuldabréfum og innlánunum þarf að binda í eitt ár á núll prósent vöxtum. Höftunum var meðal

annars ætlað að sporna við vaxtamunarviðskiptum með íslensk ríkisskuldabréf, þar sem aðdráttaraflíð er einkum að gagnast á miklum vaxtamunum Íslands við útlönd, en gagnrýnt hefur verið að höftin standi jafnframt í vegi fyrir kaupum erlendra fjárfesta á skráðum langtímaskuldabréfum íslenskra fyrirtækja.

Forbes, sem sat í peningastefnunefnd Englandsbanka á árunum 2014 til 2017, og Edwards sögðust bæði telja að réttlæta hefði mátt setningu innflæðisshaftanna tímabundið þegar höft voru losuð á útlæði fjármagns snemma árs 2016. „Nú þegar höftunum hefur nánast að fullu verið aflétt er hins vegar erfiðara að færa rök fyrir því að innflæðishöftin séu réttlætunleg,“ sagði Forbes.

Í skýrslu sem Forbes skrifaði fyrir starfshópinn er meðal annars tekið fram að innflæðishöftin geti verið túlkun á þann veg að erlendir fjárfestar séu ekki velkomnir til landsins. Þau gætu þannig fælt fjárfesta frá og komið í veg fyrir fjárfestingar. Auk þess gætu höftin stuðlað að landflótta fyrirtækja sem vilja ekki búa við höftin. Einnig sýni reynslan að fjárfestar séu fljótir að finna leiðir fram hjá höftum.

Forbes nefnir þrjú atriði sem stjórnvöld ættu að hafa í huga áður en þau gripa til innflæðisshafta. Í fyrsta lagi þurfi efnahagslegt ójafnvægi að hafa myndast. Má þá ekki vera hægt að beita öðrum þjóðhagsvarúðartækjum til þess að sporna gegn ójafnvæginu. Í öðru lagi eigi höftin að vera tímabundin aðgerð og í þriðja lagi eigi einungis að beita höftunum þegar innflæði fjármagns skapar raunverulega ógn við fjármálastöðugleika.

Hún segir erfitt að sjá – miðað við núverandi stöðu efnahagsmála – að umrædd skilyrði séu uppfyllt.

Forbes og Edwards fjalla í skýrslum sínum auk þess um reynslu Chilebúa sem bjuggu við innflæðishöft á árunum 1991 til 1998. Rannsóknir bendi til þess að höftin hafi hækkað fjármögnunarkostnað minni og meðalstórra fyrirtækja í landinu vegna þess að þau drógu úr framboði á lánsfé og takmörkuðu þar með aðgengi að lánsfé. Það hafi komið niður á fjárfestingu og verðmætastöpun. Að auki segja tvímenningarnir rannsóknir sýna að Seðlabanki Chile hafi viðhaldið herra vaxtastigi í skjóli haftanna en hann hefði að öðrum kosti gert.

kristiningi@frettabladid.is

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar LED rakapétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM

KORTER Í 4

Svarið við erfiðustu spurningu dagsins er ...

... **Asiskur sinneps lax**

Grønn aspas, búnt

499 kr. pk.

Laxaflok beinhreinsuð

2489 kr. kg

La Choy sojasósá

499 kr. pk.

Honey mustard, 290 g

299 kr. pk.

Þú finnur uppskriftina á

kronan.is/ uppskriftir

Verð áður 2759 kr. kg



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/éða myndabrengl.

Proenza Schouler

Arizona

Nýtt Eau de Parfum



20% kynningarafsláttur 7. - 13. júní
Hagkaup Kringlu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri

HAGKAUP *Meira
svona
alla daga*

MIÐNÆTUROPNUN
SKUGGALEGA GÓÐ TILBOÐ OG STEMNING



OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD



20%
afsláttur af
völdum vörum



20%
afsláttur af
öllum vörum



1.190 KR.
Kaffi og volg eplakaka
með rjóma.



20%
afsláttur af öllum fatnaði
og skóm



20%
afsláttur af allri gjafavöru
nema Jbart vörum
35%
afsláttur af eldliljum



20%
afsláttur af símavekjum
og blekhylkjum



25%
afsláttur af verði
allra vörutegunda



15%
afsláttur af öllum vörum



25%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af
flestum vörum



40%
afsláttur af öllum
Skullcandy heyrnartólum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum vörum



TAXFREE
af allri sérvöru



20%
afsláttur af öllum vörum



1.290 KR.
12" bátur mánaðarins
og gos



20%
afsláttur af öllum vörum



20%
afsláttur af öllum
silfur og stál skartgripum

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

TILBOÐIN GILDA Í ALLAN DAG

OPIÐ TIL 24 Í KVÖLD



30%
afsláttur af COMBÓ
15%
afsláttur af öllu öðru



20%
afsláttur af öllum vörum
nema 10% afsláttur
af trúlofunarhringum

KARAKTER
KONUR

20%
afsláttur af
öllum vörum

Kaupfélagið

20%
afsláttur af
öllum skóm



35%
afsláttur af
gjafavöru



Legóbúðin

15-20%
afsláttur af
völdum settum



20%
afsláttur af öllum vörum
40%
afsláttur af völdum vörum



20%
afsláttur af líttala, Kartell,
Rosendahl og Kaj Bojesen
10%
afsláttur af öllu öðru

LINDEX

20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af öllu
Gildir ekki af öðrum tilboðum



25%
afsláttur af ilfum,
snyrtivörum, hreinlætisvörum
og sokkabuxum



20%
afsláttur af öllum vörum
nema Viva Glam
Fritt í 30 mín. fókusfórðun.
Pantanir í MAC Smáralind
eða í síma 530 1070



20%
afsláttur af
öllum vörum

MODUS
hár og snyrtistofa

25%
afsláttur af
öllum vörum

name it®

20%
afsláttur af
öllum vörum



2.490 KR.
170 g Camembert borgari
eða Bearnaise borgari ásamt
frönskum og hrásalati

Optical Studio

20%
afsláttur af
öllum vörum

PANDÖRA™

20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
vildarafsláttur
af öllum vörum



1.990 KR.
hlaðborð og gos



950 KR.
Ekta New York
pizzasneið að eigin vali
og gosglas

SELECTED
FEMME / HOMME

20%
afsláttur af
öllum vörum



1.499 KR.
Sumarburrito
og Kristall



3 FYRIR 2
af öllum vörum

SKUGGALEGA GÓÐ TILBOÐ Í ALLAN DAG



2 FYRIR 1
af PopSockets



20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af
öllum skóm



50%
afsláttur af karóki
og lazertag



20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af
öllum skóm



TE & KAFFI

20%
afsláttur af
Piparlakkrísfrappó



20%
afsláttur af öllum vörum
og fjöldi annarra tilboða



20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af
öllum vörum



vodafone

20%
afsláttur af Nokia
og Garmin snjallúrum



20%
afsláttur af
öllum vörum



20%
afsláttur af
Face - Body - Home
snyrtivörum frá Laugar Spa



1.690 KR.
Italiano kjúklingaflatbaka
og Toppur.




SKÍNANDI DAGSKRÁ FRÁ KL. 17

Líf og fjör fyrir alla fjölskylduna með frábærum skemmtiatriðum, candy floss og óvæntum uppákomum.

Sirkus Íslands og lifandi tónlist flutt af Jóa Pé og Króla, Birgi Steini, Sycamore Tree og fleirum.

Einstök tilboð sem gilda í allan dag, spennandi kynningar og sælkerasmakk um allt hús.

SJÁÐU ALLT UM DAGSKRÁNA Á SMARALIND.IS





Kim og Rodman á körfuboltaleik.
NORDICPHOTOS/AFP/KCNA

Flugbann og Rodman á fundi

SINGAPÚR Undirbúningur fyrir leiðtogafund Kim Jong-un, einræðis-herra Norður-Kóreu, og Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, er á fullu skriði í Singapúr þar sem þeir munu mætast 12. júní.

Í gær greindi Reuters frá því að flugumferð í Singapúr yrði takmörkuð í kringum fundinn.

New York Post greindi svo frá því á þriðjudag að körfuboltamaðurinn Dennis Rodman yrði á svæðinu þegar leiðtogarnir fundu. Herma heimildir miðilsins að hann gæti komið við sögu í viðræðunum, en Bandaríkjamadurinn Rodman á í góðu sambandi við Kim og hefur heimsótt hann oftsinnis til Norður-Kóreu. – þea

Enn mótmælt í Jórdaníu

JÓRDANÍA Þrátt fyrir að Abdúlla Jórdaníukonungur hafi skipt um forsætisráðherra vegna mikillar andstöðu almennings við fyrirhugaðar skattahækkningar og hávær mótmæli er enn mótmælt á góttum höfuðborgarinnar Amman, sem og víðar.

Mótmælin hófust í síðustu viku og fóru rúmlega þrjátíu verkalyðsfélög í allsherjarverkfalli í mótmælaskyni. Þegar Abdúlla konungur skipaði Omar al-Razzaz, sem áður starfaði sem hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum, á miðvikudag lægði öldurnar nokkuð.

Enn eru þó nokkur verkalyðsfélög í allsherjarverkfalli og voru ýmsar verslanir og apóteka lokað í höfuðborginni í gær. – þea

Deila persónulegum gögnum með meintri þjóðaröryggisógn

Enn eitt hneykslið skekur Facebook. Miðillinn deilir upplýsingum með kínverska símafyrirtækinu Huawei. CIA, FBI og NSA hafa sagt Huawei ógn við þjóðaröryggi. Forstjóri Huawei neitar staðfestlega að fyrirtæki hans stundi njósnir. Bandarískir þingmenn eru æfir yfir málinu og kalla samninga Facebook reginhneyksli.

TÆKNI Samfélagsmiðlarinn Facebook, sem starfrækir miðla á borð við Messenger, Facebook, Instagram og WhatsApp, deilir gögnum um notendur sína með að minnsta kosti fjórum kínverskum tækni-fyrirtækjum. Þar með talinn er símaframleiðandinn Huawei, sem bandarískar leyniþjónustustofnanir hafa sagt að þjóðaröryggisógn stafi af vegna meintra tengsla við kínversk yfirvöld.

Facebook staðfesti tilvist samninganna í fyrriðitö en auk Huawei er um að ræða tölvuframleiðandann Lenovo Group og símaframleiðendurna OPPO og TCL Corp. Alls eru fyrirtækin, sem Facebook hefur gert slíka gagnadeilingarsamninga við, um sextíu talsins.

Fyrirtækið sagði þó að gildistími rúmlega helmingssamninganna væri liðinn. Þá var tilkynnt að samningnum við Huawei yrði rift síðar í vikunni og samningnum við hin kínversku fyrirtækin sömuleiðis með tíð og tíma.

The New York Times greindi fyrst frá tilvist samninganna á þriðjudag en þeir voru gerðir undir lok síðasta áratugar, áður en sérstakt Facebook-app var tekið í almenna notkun. Gáfu þeir kínversku fyrirtækjunum heimild til að bjóða upp á ákveðna eiginleika Facebook í símunum sínum.

Bandaríska alríkislögreglan (FBI), leyniþjónustan (CIA) og þjóðaröryggisstofnunin (NSA) voruðu bandaríska neytendur við því í febrúar að kaupa snjallsíma úr smíðju Huawei. Toppar stofnananna komu fyrir upplýsingamálanefnd öldungadeildar þingsins og sögðu að öryggisógn stafaði af fyrirtækjunum.

„Það fylgir því ákveðin áhætta að leyfa fyrirtæki, skuldbundnu erlendri ríkisstjórn, að starfa innan



Mark Zuckerberg, forstjóri og stofnandi Facebook, þegar hann kom fyrir nefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings í apríl. NORDICPHOTOS/GETTY

fjarskiptainnviða ríkisins,” sagði Chris Wray alríkislögreglustjóri á fundinum og bætti við: „Það gerir fyrirtækinu kleift að breyta eða stela upplýsingum og auðveldar þeim njósnir.“

Huawei er þriðji stærsti snjallsímaframleiðandi heims. Þrátt fyrir það hefur fyrirtækinu ekki tekist að brjótast inn á Bandaríkjamarkað, einkum vegna fyrrnefndra áhyggna. Í apríl sagði Richard Yu, forstjóri Huawei, að fyrirtækið ætlaði sér toppsætið og að vinna traust bandarískra neytenda.

„Þessar áhyggjur byggjast á örökstuddum grun og eru í rauninni ósanngjarnar. Við erum opin fyrir gagnsæjum viðræðum á staðreynda-grundvelli,” sagði Yu við CNET í apríl.

Hér á Íslandi selja til að mynda Síminn og Elko síma frá Huawei.

Vert er þó að taka fram að engar upplýsingar um meintar njósnir Huawei fyrir kínversk yfirvöld hafa komið fyrir augu almennings.

Allt frá því Cambridge Analytica-hneykslið svokallaða komst í fréttirnar á dögnum hafa stjórnmálamenn og fjölmiðlar vestanhafs fylgst náið með aðgerðum Facebook. Kom Mark Zuckerberg forstjóri sjálfur til að mynda fyrir báðar deildir þingsins til að svara spurningum og játaði að mistök hefðu verið gerð þegar persónulegum upplýsingum var deilt með aróðursfyrirtækinu.

Og ljóst er að bandarískir stjórnmálamenn hafa áhyggjur af samningnum nú. Demokratinn Mark Warner, varaformaður upplýsingamálanefndarinnar, sagði við The New York Times að fréttirnar væru mikið áhyggjuefni. „Eg hlakka til að

Af hverju upplýsti Facebook ekki um þennan samning fyrir löngu?

Marco Rubio, þingmaður

heyrta meira um það hvernig Facebook kom í veg fyrir að gögnin væru vistuð á kínverskum vefþjónum,” sagði Warner.

Facebook hefur sagt að fyrirtækið hafi haft fulla stjórn á upplýsingaflæðinu. „Við viljum hafa það á hreinu að allar upplýsingar voru vistaðar á símunum sjálfum, ekki á vefþjónum Huawei,” sagði Francisco Varela, varaforseti hjá Facebook.

Debbie Dingell, fulltrúadeildarþingmaður og Demókrati, sagði í gær að málið væri reginhneyksli. Bandaríkjamenn ættu ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að persónulegar upplýsingar þeirra gætu verið vistaðar á vefþjónum í Kína. Fulltrúadeildin þyrfti að rannsaka málið ofan í kjöllinn og koma í veg fyrir að þetta geti endurtekið sig.

„Af hverju fær Huawei, fyrirtæki sem leyniþjónustusamfélagið okkar hefur sagt ógn við þjóðaröryggi, aðgang að persónulegum upplýsingum okkar? Í ljósi fjölda notenda Facebook yrðu möguleg áhrif á friðhelgi einkalífs okkar og þjóðaröryggi gríðarleg,” sagði Dingell.

Marco Rubio, öldungadeildarþingmaður og Repúblikani, tók í sama streng. „Af hverju upplýsti Facebook ekki um þennan samning fyrir löngu? Þetta er ekki sambærilegt samningum við aðra framleiðendur. Suðurkóreska ríkisstjórnin stýrir hvorki né notar Samsung eins og Kína stýrir og notar Huawei,” sagði Rubio. thorngny@frettabladid.is

FORD FOCUS FIMASTUR!

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra aksturs-eiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, leidsögukerfi með Íslands-korti, nálegðarskynjurum, 8" snerti/litaskjá, My Key, upphitanlegri framrúðu o.fl. Aukabúnaður innifalinn: Dökkar rúður í farþegarými og málmilitur.

FOCUS TREND EDITION
3.105.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:
2.795.000 KR.

Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýyr og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

HM TILBOÐ! LEIKINN HEIM

AÐEINS 100 TÆKI

64.990

AFSLÁTTUR



LG 55" OLED B7



LG OLED55B7V

LG 55" OLED B7 ÁSAMT SJ6 SOUNDBAR · VERÐ 314.980 KR.

HM TILBOÐ 249.990 KR.



BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 - 18



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Þrautagangan



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladi.is

Þegar stjórnmalaflokkar með ólíkar áherslur fara í ríkisstjórnarsamstarf þurfa þeir vitanleg að ná málamiðlun í ýmsum málum. Í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur málamiðlun milli flokkanna nær eingöngu falist í því að Vinstri græn gefa eftir. Við þetta bætist að Framsóknarflokkurinn fylgir Sjálfstæðisflokknum sjálfkrafa, sennilega af gömlum vana, allavega er eins og menn þar á bæ kunnir ekki annað. Fyrir vikið gleymist jafnvel að Framsóknarflokkurinn er hluti af þessari ríkisstjórn. Hann er svo passifur að það er eins og hann sé ekki á svæðinu.

Á sama tíma sést á Vinstri grænum að þau eru farin að þjást verulega í ríkisstjórnarsamstarfinu. Útspilið um lækun veiðigjalda, sem hyglar stórum fyrirtækjum í sjávarútvegi, gat ekki annað en valdið ógleði innan raða Vinstri grænna. Það hlýtur að hafa auknið mjög á þessa vanliðan að einn þingmannaflokkurinn er formaður atvinnuveganefndar en meirihluti hennar lagði frumvarpið fram. Vinstri græn reyndu að réttlæta stuðning sinn við frumvarpið með hjali um umhyggju sína fyrir minni fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þá umhyggju hefði þurft að sýna í annars konar aðgerðum en þeim að leggja fram og styðja frumvarp þar sem tíu stærstu útgerðirnar áttu að fá um helming lækkunarinnar.

Samfylkingin og Viðreisn virðast vera sérlega næm á þjáningar Vinstri grænna og þótt þessir tveir flokkar séu á ýmsan hátt velviljaðir þeim sem eiga bágð vilja þeir fremur auka vanliðan Vinstri grænna en draga úr henni. Allavega hömuðust þessir flokkar á Vinstri grænum í eldhúsdagsmæðum á Alþingi fyrir í vikunni, enda ekki vanþörf á að veita tiltal flokki sem hefur frá stjórnarmyndun tölt á eftir Sjálfstæðisflokknum, vansæll og niðurlátur. Það er hörmungarsjón.

Vinstri græn er flokkur sem allt frá stofnun hefur hamrað á mikilvægi þess að jafna kjörin, rétta hag þeirra sem minnst eiga og skapa þannig réttlátara samfélag. Það er sannarlega komin upp óvænt staða þegar flokkurinn leggst á árar með Sjálfstæðisflokknum í því að greiða götu útgerðarauðvaldsins. Ólíklegt er að þjóðin sé sammála því að sá samfélagshópur þurfi á alveg sérstökum stuðningi að halda. Forsvarsmenn stóruþgerðarinnar hafa verið iðnir við það síðustu ár að greiða sér riflegan arð. Þeir sem slíkt gera liða ekki skort, samt þagnar grátör útgerðarinnar svo að segja aldrei, heldur barmar sér stöðugt. Ætíð getur hann svo leitað huggunar og skjóls í náðaraðmi Sjálfstæðisflokksins og mætt þar djúpum og innilegum skilningi og ekta blíðu.

Hin harða gagnrýni sem Vinstri græn hafa orðið að þola vegna þjónkunar sinnar við útgerðarauðvaldið og Sjálfstæðisflokkinn hefur orðið til þess að nú er flokkurinn að hrökklast frá málinu og er með því að reyna að bjarga heiðri sínu. Kjósendur biða svo spennir eftir því hvernig flokkurinn muni bregðast við þegar sjávarútvegsráðherra leggur í fyllingu tímans fram nýtt frumvarp um veiðigjöld þar sem stóruþgerðinni verður vafalítið hyglað.

Flest bendir til að þrautaganga Vinstri grænna í þessu ríkisstjórnarsamstarfi sé hafin. Rík ástæða er til að ætla að hún muni enda með ósköpum.

Halldór



Frá degi til dags

Andleysi þéttingarinnar
Hjálmar Sveinsson hefur, sem borgarfulltrúi Samfylkingar, verið mjög áfram um þéttingu byggðar og tíðrætt um kosti hennar. Akveðinn viðsúningur er frá 2009 þegar hann fann þéttingunni flest til foráttu í greininni „Skipulag auðnarinnar“ sem birtist í Skírni. Þar talaði hann um „þéttingu“ sem andlaust orð og „hve nytjahyggjurökin hafa vegið þungt“ í umræðunni um þéttingu byggðar á Íslandi. Þéttingarstefna sem var sett formlega á dagskrá í svæðisskipulagi 2002 hafi þegar til kom ekki reynst hafa „neitt með lífsgæði að gera; bætt almenningsskými, framúrskarandi hönnun, félagslegan jöfnuð eða ábyrga umhverfisstefnu“. Í framkvæmd hafi hún orðið „fritt spil fyrir fjárfesta og byggingaverktaka“.

Borgarstjórn verktakanna
Þótt grein Hjálmars sé ekki nema níu ára gömul er hún nú þegar orðin áhugaverð í sögulegu ljósi. Ekki síst kenningar um að öll þéttingaráform hafi miðast við hagsmuni verktaka. Fráfarandi borgarstjórn þykir nefnilega hafa verið verktökum ákaflega leiðtóm. Tilfinningarlegur skortur er á íbúðarhúsnæði og helst virðist byggð á dýrum stöðum með ávisun á hvers kyns brask og ákvarðanir í þessum efnum hafa gagnast einmitt verktökum miklu frekar en til dæmis ungu fólki sem situr fast í foreldrahúsum vegna íbúðaskorts.
thorarin@frettabladi.is

Nei, ekki ljósaperu!



Fjalar Sigurðarson
markaðsstjóri
Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Hún er lifseig sú áratá að skreyta umræðu um nýsköpun með mynd af glóperu, gömlu góðu ljósaperunni. Margt gefur til efni til að endurskoða þessa klisju.

Í fyrsta lagi þá þrengja klisjur að hugsun. Þegar seilst er eftir klisju sleppir fólk því að hugsa, situr fast í gömlu fari og missir af tækifæri til að fá nýjar og spennandi hugmyndir. Glóperan er aldargömul og er tákun um úrelta og orkufreka tækni á hraðri útleið.

En meginástæðan fyrir því að glópera hentar illa sem tákun fyrir nýsköpun er að nýsköpun þarf alls ekki að vera uppfinning. Nýnæmið er oft fylgið í því að nota þekkt tækni eða hugmyndir á nýjan hátt. Með því að vitna ítrekað í glóperu Edisons er nýsköpun jafnað við uppfinningu, og það engu smá uppfinningu. Mark nýsköpunar er þannig sett svo hátt að samlíkingin gæti dregið kjark úr þeim sem ætla sér ekki endilega að gjörbylta lífsháttum margra kynslóða. Snjallt hugvitsfólk þarf ekki að bera sig saman við Edison eða aðra uppfinningamenn. Hagnýtar og snjallar lausnir koma í öllum stöðum og gerðum. Fyrsta skrefið er að móta hugmyndina og kynna sér skrefin sem þarf að stiga og í hvaða röð þarf að stiga þau.

Heimsækjið vefinn okkar

Á vef Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands www.nmi.is er mikið af hentugu efni til að kynna sér og fara í gegnum þegar unnið er með nýsköpun og nýjar hugmyndir. Auk upplýsinga eru þar sníðmát fyrir hugmyndavinnu og reiknilíkon fyrir rekstrar- og viðskiptaáætlanir. Fyrsta skref þitt sem frumkvöðull ætti að vera að heimsækja vefinn okkar www.nmi.is – og stiga fyrstu skrefin í að útfæra hugmyndina þína, hversu stór eða smá sem hún er. Útfærslan og nánari vinna er sú deigla sem mun skera úr um gildi hugmyndarinnar. Og hún þarf alls ekki að vera glópera.



Flest bendir til að þrautaganga Vinstri grænna í þessu ríkisstjórnarsamstarfi sé hafin.

HM leikur
Fréttablaðsins og Heimilistækja

þú gætir unnið Philips 65“
snjallsjónvarp!

Skráning og nánari upplýsingar á
www.frettabladi.is/hmleikur

Heimilistækj

Frumvarp um lækkun veiðigjalda

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

stjórnarskrámalínu síðan 2013. Skýringin blasir við. Henni hafa margir menn lýst í löngu máli innan lands og utan svo eftir hefur verið tekið. Hér er ein lýsingin enn, tekin úr óbirtri meistaraprófsritgerð Þorvalds Logasonar, félagsfræðings í Háskóla Íslands 2011 með leyfi höfundar:

„Kvótakerfið hefur ... virkað eins og dulið sjóðakerfi, með föstum fyrirfram ákveðnum fyrirgreiðslum

til útvalinna útgerðarmanna. Á kvótanum hefur verið pólitískt eignarhald. Búið voru til eitruð vensl milli þeirra stjórnsmálaflokka sem studdu kvótann, Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk, og útgerðarmanna. Fyrirgreiðslukerfið í sjávarútvegi var í raun lögfest og bundið við tvo stjórnsmálaflokka sem um leið festi pólitískt samráð þeirra á milli. Samráð sem gengið hefur undir heitinu, helminga-

skipti. Hér: Helmingaskipti verðmætustu auðlindar þjóðarinnar. Svo mikil völd, eignir og verðmæti eru í húfi, að augljós hættu er á að þeir sem þau hafa óðlast séu tilbúnir til að ganga mjög langt til að verja auðvöld sín. Eitraða sambandi milli ofangreindra stjórnsmálaflokka og útgerðarmanna eru, að mati höfundar, veigamikill skýringaþáttur spillingarinnar á Íslandi, vegna þess að útgerðarauðvaldið

er tryggasti bakhjarl valdakjarna beggja flokkanna.“
Best færi á að Alþingi klippti sjálfstæðisflokkinn sem bindur marga þingmenn við útvegsmenn. Lögfesting nýju stjórnarskrárinnar býður Alþingi greiða leið til þess. Alþingi dugir að segja við útvegsmenn: Þjóðin hefur talað. Ef Alþingi bregzt þessari frumskyldu sinni við lýðræðið þurfa önnur öfl, utan þings, að leysa málið.

Alþingi veitti frumvarpi til laga um lækkun veiðigjalda flýtimeóferð á dögnum. Venjan er að veita almenningi þriggja vikna frest til að skila umsögnum um frumvarp. Að þessu sinni var fresturinn órskammur. Útgerðin heimtar sitt. Við vorum 14 sem náðum að skila atvinnuveganefnd Alþingis fáeinum athugasemdum við frumvarpið.

Mikil lækkun veiðigjalda frá 2013

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu lækkuðu veiðigjöld á hverju ári frá 2012/13 til 2016/17 þótt ríkissjóði lægi mjög á tekjum til að vernda fólk í landinu gegn óþyrmelegum afleiðingum hrunsins. Lækkun veiðigjaldanna nemur næstum 3/4 á þessu árabili á verðlagi hvers árs og er enn meiri á föstu verðlagi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mótmælti lækkun veiðigjalda 2013 af hagstjórnarstæðum og það gerðu einnig margir aðrir innan lands. Indriði H. Þorláksson, f.v. ríkisskattstjóri, hefur lýst því að aðeins um 10% fiskveiðirentunnar hefur undangengin ár skilað sér til réttis eiganda auðlindarinnar, fólksins í landinu, meðan 90% hafa runnið til útvegsmanna. Til samanburðar hafa 80% oliurentunnar í Noregi runnið til réttis eiganda þar.

Alþingi fer gegn lögum og stjórnarskrá

Fyrirhuguð lækkun veiðigjalda gengur í berhögg við lög in landinu eða a.m.k. anda laganna, m.a. fyrstu grein laganna um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, en þar segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameiginleg islensku þjóðarinnar.“ Fyrirhuguð lækkun gengur einnig í berhögg við:

- Stjórnarskrána skv. dómi Hæstaréttar frá 1998.
- Úrskurð mannréttindanefndar Sð frá 2007 í máli sjómannanna Erlings Sveins Haraldssonar og Arnar Snævars Sveinssonar gegn íslenska ríkinu.
- Nýju stjórnarskrána sem 67% kjósenda lýstu stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslunni sem Alþingi bauð kjósendum til 2012 og þá sérstaklega auðlindaákvæðið sem 83% kjósenda lýstu sig fylgjandi, en þar segir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja. ... Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða gagnnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almennagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekings hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.“

Alþingi á enn eftir að virða vilja þjóðarinnar með því að lögfesta niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Þjóðin hefur talað

Engum þarf að koma á óvart skýringin á hvoru tveggja, lækkun veiðigjalda nú og itrekudóm undanbrögðum Alþingis í



Vandaðir hitarar fyrir pallinn, svalirnar og partítjaldið.

Fást í hvítu, svörtu og títanlit. Þrífótur fánlegur til að hafa þá standandi. 1400, 2000 og 2500 W. Innfelldir eða utanáliggjandi.

Áhrifarík lausn

- Mikil orkunýtni.
- Hraðvirk upphitun.
- Getur hitað upp svæði allt að 17 m².
- Innrauð hitun.

Umhverfisvæn tækni

- No-glare®-tækni: Engin glýja.
- Engin bein losun koltvísýrings.
- Minna ljós, meiri hiti.

Gæði

- Framleiddir í Þýskalandi.
- TÜV-gæðavottun.
- Fimm ára ábyrgð.
- Mikil ending, allt að 10.000 klst.



Langdu sumarið með góðri samvisku. Kynntu þér málið nánar hjá sölumönnum okkar.

Rafbúnaðardeild okkar er opin alla virka daga frá kl. 8 til 17.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Orkupakkinn er engin ógn við Ísland



Michael Mann
sendiherra ESB
á Íslandi

Á síðustu vikum og mánuðum hafa farið fram ákafar umræður á Íslandi um nýjasta löggjafarpakka Evrópusambandsins um orkumál og hvort hann ógni íslenskum orkumarkaði og jafnvel sjálfstæði landsins.

Áóllar á Íslandi sem halda því fram að Evrópusambandið vilji þvinga landsmenn til að framselja fullveldi sitt til stofnana ESB hafa haldið þessum orkumálum á lofti, máli sínu til stuðnings.

Evrópusambandið er meðvitað um þessar áhyggjur og tekur þær alvarlega, en hvað orkupakkinn varðar eru þær algjörlega tilefnislausar.

Til hagsbóta fyrir Íslendinga

Nú, eins og ávallt, er mikilvægast að einblína á staðreyndir. Því miður litast umræðan um ESB oft af miskilningi eða jafnvel visvitandi rangfærslum. Þriðji orkupakkinn

svokallaði, sem Íslendingum er skylt að innleiða samkvæmt EES-samningnum, er rökrétt framhald fyrri orkupakkanna tveggja, sem hafa verið innleiddir á Íslandi án vandkvæða.

Megintilgangurinn með orkupakknum er að veita neytendum ódýra og örugga orku með tilstilli markaðsafla og hann er ekki nokkur ógn við framkvæmd íslenskrar orkustefnu. Þar sem Ísland er eyja, einangruð frá öðrum orkumörkuðum, mun landið njóta viðtækra undanþága frá flestum helstu skyldum sem fylgja nýju löggjöfinni.

Auk þess mun löggjöfin í pakkanum ekki hafa nein áhrif á frelsi stjórnvalda til að ákvarða orkusamsetningu landsins. Sá réttur er tryggður í stofnsáttmála Evrópusambandsins og er hluti af EES-samningnum. Raunar eru bara nokkrar reglur í þriðja orkupakknum sem eiga við um Ísland. Þar á meðal eru ákvæði sem varða neytendavernd, auk við gagnsæi samninga og réttinn til að skipta um orkuveitu.

Það er því verulega erfitt að skilja hvernig hægt er að halda því fram að þessar reglur skerði frelsi Íslendinga til að ákvarða samsetningu orkujafa eða hvernig þær gætu á einhvern hátt verið óhagstæðar fyrir Ísland.



Megintilgangurinn með orkupakknum er að veita neytendum ódýra og örugga orku með tilstilli markaðsafla og hann er ekki nokkur ógn við framkvæmd íslenskrar orkustefnu.

Meintar heimildir ACER

Eitt af því sem hefur vakið hvað mestar deilur í íslenski stjórnmaláumræðu er framtíðarhlutverk samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði, ACER, og sá ótti að Ísland neyðist til að framselja ákvarðanaávald og fullveldi til slíkrar Evrópustofnunar. Staðreyndirnar segja þó einnig aðra sögu hvað þetta varðar.

Þar sem EES er tveggja stöðva kerfi munu þær valdheimildir sem ACER fer með í aðildarríkjum ESB verða á vegum ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, á Íslandi, en Ísland er eitt aðildarríki ESA. Innan ESB er helsta hlutverk ACER að fylgjast með mörkuðum og beina til-

mælum til aðildarríkja og það er aðeins í undantekningartilfellum sem ACER getur beitt valdheimildum gagnvart eftirlitsstjórnvöldum ESB-ríkja, í málum þar sem eftirlitsstjórnvöldum tveggja aðildarríkja tekst ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Ákvörðunum ACER er ekki beint að einkaaðilum, einungis innlendum eftirlitsstjórnvöldum í aðildarríkjum ESB. Stofnunin hefur ekkert ákvörðunarvald yfir innlendum eftirlitsstjórnvöldum í ríkjum utan ESB og myndi ekki hafa neinar heimildir hvað varðar leyfisveitingu og stjórnáslu á Íslandi. Heimildir ACER til að taka bindandi ákvarðanir eru að mestu bundnar við grunnvirki sem nýja landamæri og eiga því ekki við á Íslandi á meðan slík grunnvirki eru ekki til staðar. Þar sem ekki er um að ræða nein gagnkvæm tengsl á milli Íslands og ESB er engin þörf á að samræma regluverk Íslands og einhvers annars lands.

Jafnvel þótt sæstreglur til Bretlands verði einhvern tíma að veruleika myndi það ekki tengja Ísland við ESB-markaðinn þar sem Bretland gengur úr Evrópusambandinu frá og með mars á næsta ári.

Ekkert nýtt varðandi niðurgreiðslur

Einnig hefur verið lýst yfir áhyggi-

um af því að ESB muni í framtíðinni gæta haft afskipti af stuðningi íslenskra stjórnvalda við tilteknar dreifiveitur. Þriðji pakinn felur þó ekki í sér neinar nýjar skyldur varðandi niðurgreiðslu á orkugjöfum. Reglur um opinbera styrki lúta enn ákvæðum um ríkisaðstoð sem tilgreind eru í sérstakri löggjöf sem íslensk stjórnvöld hafa fyrir löngu samþykkt.

Merki um náð og gott samband Evrópusambandið fagnar alltaf heilbrigðum skodanaskiptum um stefnur og lög sambandsins og leggur sig fram við að tryggja að EES-riki utan ESB, svo sem Ísland, geti sætt sig við reglubreytingar. Það er þess vegna sem Ísland fékk svo margar varanlegar undanþágur frá þriðja orkupakknum.

Það var okkur ánægjuefni að óháður ráðgjafi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skyldi komast að þeirri niðurstöðu að Íslendingar þurfi ekki að óttast þessar nýjustu breytingar.

Ég vona að þessi greinar skrif geti átt þátt í að hefja opinískaa og heiðarlega umræðu um orkupakkinn á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda. Við litum á innleiðingu nýju orkulöggjafarinnar á Íslandi sem enn eitt merki um að samband Íslands og ESB sé náð og báðum aðilum til góða.

Orkuskipti í garðinum



Sigurður
Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs



Hvernig væri að staldra aðeins við þegar næsta sláttuvél eða orf er keypt og kyla á orkuskipti í garðinum? Sláttuvélar sem ganga fyrir rafmagn eru mun ódýrari í rekstri og oft ódýrari í innkaupum líka.

Auðveld orkuskipti

Í dag er á markaðnum mikið framboð af topp sláttuvélum, orfum og hekkklippum sem ganga fyrir útblásturslausri og um 75% hljóðlátari raforku. Nú geta klaufar, sem klippa rafmagnssnúruna alltaf í sundur, líka andað léttar því hægt er að fá allar græjur með rafhlöðu sem hægt er að hláða og skipta út fyrir aðra fullhláða. Það eru meira að segja komnir rafhlöðudrífir slátturaktorar á markaði fyrir stærri flatir. Ef menn vilja svo vera í sérflökki og slá nágrannanum við í tæknilausnum, þá er um að gera að fjárfesta í sjálfvirkum sláttubjarka sem sér algerlega um sláttinn fyrir þig og hleður sig sjálfur þess á milli. Svo er líka hægt að einfalda þetta bara og nota vélarlausa sláttuvél sem brennir bara kaloríum.

Hvernig væri að staldra aðeins við þegar næsta sláttuvél eða orf er keypt og kyla á orkuskipti í garðinum? Sláttuvélar sem ganga fyrir rafmagn eru mun ódýrari í rekstri og oft ódýrari í innkaupum líka. Þær nota innlenda orku sem gengar ekkert og eru þar að auki mun hljóðlátari, sem gerir garðslátt á laugardagsmorgni mun nágrannavænni. Hættum að nota olíu í garðinum og skiptum yfir í rafmagn. Íslensk raforka er ódýr og græn og því er engin ástæða til að eyða gjaldveri í garðinum. Skiptu yfir í græna garðyrkju næst þegar þú kaupir sláttugræjur í garðinn.

Verndum störf á landsbyggðinni



Halla Signý
Kristjánsdóttir
þingmaður
Framsóknarflokksins í
NV-kjördæmi

Fyrir nokkrum dögum boðaði Landsbankinn styttingu afgreiðslutíma í ellefu útibúum á landsbyggðinni. Fjórðan starfsmönnum var sagt upp samhliða breytingunum.

Landsbankinn hefur skilgreinda samfélagsstefnu sem segir: „Landsbankinn hefur markað stefnu í samfélagsábyrgð þar sem efnahags-, samfélags- og umhverfismálum er flétt að saman við starfshætti bankans. Stefnan miðar að því að stuðla að sjálfbærni í íslensku samfélagi, vera hreyfið og starfa að ábyrgum stjórnháttum í rekstri bankans.“

Sjálfbærni samfélaga byggist á því að skapa umhverfi sem mætir þörfum nútímans og skapa möguleika fyrir komandi kynslóðir til að þróast áfram á eigin veflarafi.

Þegar vegið er að fjölbreytni í atvinnulífi og þjónustu með þessum hætti er verið að draga úr styrk samfélagsins til sjálfbærni. Þótt hægt sé að færa rök fyrir því að bankaafgreiðsla í útibúum fari minnkandi með aukinni tækni, er bankastarfsemi í heild ekki að dragast saman. Því er það mjög undarlegt og í hrópanni ósamræmi við samfélagsstefnu Landsbankans að fækka starfsmönnum í útibúum sínum um landið. Þeim væri í löfa lagið að flytja verkefni og störf sem hægt er að vinna á staðsetningum út á land. Tækniinni fleygir jafn fram jafnt yfir landið. Ljósleiðaravæðing landsins virkar í báðar áttir og engin einstefta í þeim efnum.

Landsbankinn er í eigu ríkisins og þessi stefna er í ósamræmi við stefnu stjórnvalda um aukna

áherslu í byggðamálum. Eins og segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þá felast mikil verðmæti í því að landi öllu sé haldið í blómlegri byggð og það sé mikilvægt að landsmenn eigi að hafa jafnan aðgang að þjónustu og atvinnutækifærum um allt land.

Öflug byggðastefna

Í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á blómlega byggð um allt land. Í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaaætlun sem nú er í vinnslu á Alþingi er viðfangsefnið að takast á við fækkun íbúa á einstökum svæðum og einhæft atvinnulíf í takt við tækni-breytingar og þróun. Markmiðið er að jafna aðgengi að þjónustu og atvinnu og stuðla að sjálfbærni þróun um allt land. Þá skiptir máli að opinberum aðilum sé falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar.

Það skiptir miklu máli að ríkið hafi forgang í því að flytja verkefni og störf út um landið. Nýlega tilkynnti félags- og jafnréttisráðherra að velferðarráðuneytið hyggist styrkja starfseiningu Vinnumála-stofnunar á Hvammstanga og flytja tvö störf þangað í kjölfar aukinna verkefna Fæðingarorlofsjóðs.

Þetta er dæmi um gott fordæmi þar sem störf vegna nýrra verkefna eru flutt út á land til að styrkja þá starfsemi sem fyrir er. Einnig væri hægt að flytja verkefni frá stofnun ríkisins og ráðuneyta til að efla opinberar stofnanir á landsbyggðinni.

Opinber störf út á land

Með samþykkt nýrra laga um framkvæmdarvald og stjórnáslu ríkisins í héraði var samþykkt bráðabirgðaákvæði sem fól í sér að ráðherra skuli í samstarfi við forsætisráðherra láta semja aðgerðaáætlun fyrir Stjórnarráðið, þar sem afmarka skyldi stjórnásluverkefni ráðuneyta og undirstofnana þeirra sem talið er ákjósanlegt að



Þetta þarf alls ekki að vera svona, því opinberum störfum er ekki að fækka á landsvisu. Þau eru bara með óeðlilega samþjöppunareiginleika og soggast til höfuðborgarsvæðisins.

flytja til embætta sýslumanna. Við sameiningu sýslumannsembætta um landið var lögð áhersla á að styrkja embættin með því að flytja verkefni til þeirra. Þetta hefur ekki gengið sem skyldi. Það hefur þurft að fara í uppsagnir hjá sýslumannsembættum um landið og þjónusta útibúa verið minnkuð þvert á loforð um eflingu og aukinn styrk.

Þetta þarf alls ekki að vera svona, því opinberum störfum er ekki að fækka á landsvisu. Þau eru bara með óeðlilega samþjöppunareiginleika og soggast til höfuðborgarsvæðisins. Því fjólgar tónum fasteignum ríkisins um landið sem þarf að greiða af skatta og skyldur og hita upp. Ríkið má ekki vera frumkvæðull í að draga úr litrófi atvinnulífsins um landið og Landsbankinn þarf að standa við sína samfélagsstefnu og styðja við öfluga og blómlega byggð í öllu landinu. Það sem við þurfum er öflug byggðastefna og standa svo við hana. Svo það takist skiptir máli að hafa hana að leiðarljósi í öllum framkvæmdum og fjármála-stefnu ríkisins.

Milwaukee hátíðin verður
fimmtudaginn 7. Júní í Síðumúla 9.

VERKFÆRA SALAN

Tilboð á Milwaukee verkfærum

Sérfræðingar frá Milwaukee verða á staðnum.
Hamborgarar og pylsur á grillinu.
Komdu og prófaðu öll nýjustu verkfærin
frá Milwaukee.



M12
SETT
CPP2A-402C
SETT SEM SAMANSTENDUR
AF BORVÉL 44NM M/HÖGGI
OG HÖGGSKRÚFVÉL 135NM.
2X4,0AH RAFHLÖÐUR OG
HLEDSLUTÆKI.
VNR: MW 4933440992
49.900,-

M18
BORVÉL M18
FPD-502XA FUEL
TVEGGJA HRADA MED HÖGGI
135NM. FYLGJA 2x5,0 AH
RAFHLÖÐUR, HLEDSLUTÆKI
OG 100STK ALIKAHLUTAPAKKI.
VNR: MW 4933464127
67.900,-

M18
SLÁTTUORF
M18 CLT-O FUEL™
1MER FULLUM HRADA Á 1 SEK.
TVEGGJA HRADA.
STÖR HLIÐ. STÖK VÉL. ÁN
RAFHLÖÐU OG HLEDSLUTÆKIS
VNR: MW 4933459345
37.900,-



M18
SETT
M18 ONE-KEY™
FUEL™
BORVÉL ONE-KEY 135NM.
SLÍPIROKKUR 125MM, 3X5,0AH
RAFHLÖÐUR OG HLEDSLUTÆKI.
VNR: MW 4933459359
106.900,-



M18
**VERKFÆRA-
SETT**
M18FPP6A
BORVÉL, SLÍPIROKKUR,
HERSLUSKRÚFVÉL,
HJÓLSÖG, SVERÐSÖG,
3X5,0AH RAFHLÖÐUR OG
HLEDSLUTÆKI.
VNR: MW 4933451243
185.900,-

HAPPDRÆTTI

Allir sem versla
Milwaukee vörur á
tímabilinu 28.Mai-28.
Júní eiga kost á því
að vinna PackOut
töskusetið að verðmæti
Kr. 49.900,-



6 sett verða dregin út

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Verð í bækling gilda til 30. júní 2018.

DALSHRAUN 13
220 HAFNARFJÖRDUR

SÍÐUMÚLI 9
108 REYKJAVÍK

DALSBRAUT 1
600 AKUREYRI

VERKFÆRASALAN EHF

WWW.VFS.IS

VFS@VFS.IS

560-8888

Fjórða iðnbyltingin er ekki einkamál tækniheima... mannvitið verður að fá að vera með



Sigurður Ragnarsson
forseti viðskipta-
deildar Háskólans á Bifröst

Við erum að upplifa einstaka tíma, fjórða iðnbyltingin er skollin á. Tækniframfarir hafa tekið stór skref síðustu ár og ekki munu skrefin minnka á næstu misserum. Þetta mun leiða til ýmissa breytinga fyrir tilveru okkar og margir spretta fram á sjónarsviðið til að kynna sín framfarir. Það sem við hins vegar verðum að hafa í huga er að eins og oft áður í tengslum við tæknina þá snúast þessar breytingar um svo miklu meira en tækni. Mannleg þátturinn spilar nefnlega stórt hlutverk og líklega stærsta hlutverk.

Við þurfum að leiða þessar breytingar og stýra með þeim hætti að þær þjóni okkur sem best en það þýðir að fjórða iðnbyltingin er ekki einkamál tækniheima. Bæði atvinnulíf og samfélag þurfa að sýna frumkvæði og skilgreina hvaða ógnir og tækifæri felast í þessari byltingu. Meðal annars, eins og margoft hefur komið fram munu stórfbreytast enn meir en við

höfum áður séð, sum munu hverfa og önnur ný birtast. Eitt er þó ljóst og það er að mannleg samskipti munu skipta meira máli en áður og því verður færni á því sviði sífellt verðmætari.

Á sviði viðskipta er gjarnan talið um viðskiptagreind þar sem við vinnum með hvernig gervigreind getur í viðskiptalegum tilgangi hjálpað okkur að ná betri árangri og hvernig við getum nýtt hana til að ná viðskiptalegum markmiðum. Við sjáum nú þegar dæmi um þetta þar sem fyrirtæki eins og Facebook notar gervigreind til að kortleggja hegðun notenda sinna sem það nýtir sér síðan í viðskiptalegum tilgangi. Þetta leiðir auðvitað hugann að mörgum atriðum eins og til dæmis síðfærðum sem er auðvitað samofin mannlega þættinum. Það munu koma upp, og hafa komið upp, mörg síðferðileg álitamál sem þarf að taka afstöðu til í tengslum við fyrnfendna byltingu og þá er eins gott að mannvitið fái að koma þar nærri. Við getum ekki látið tæknina um að tækla þau mál.

Það er sama á hvaða sviði við störfum, við þurfum að taka þátt í framþróuninni og megum ekki bara láta tæknina ráða för. Það eru gríðarlega spennandi tímar fram undan svo framarlega sem „velarnar“, svo maður vísir í kvikmyndina um Tor-tímamann, fái ekki að taka völdin.

Auðlindin Ísland



Þórey Anna Matthíasdóttir



Jakob S. Jónsson
leiðsögumenn

húsa stendur auður, eingöngu notuð sem sumarhús fyrir brottfluttar fjölskyldur? Eiga þeir að sjá þorp þar sem býr nær eingöngu erlent vinnuafli að bjarga auðæfum hafsinis? Eiga þeir að aka um firði fulla af fiskeldiskerjum? Eiga þeir að aka fram á risavaxin álver, þar sem engir Íslendingar vinna lengur, aðeins erlent verkafólk?

Ferðabjónustan er komin til að vera og er orðin margfalt stærri atvinnuvegur en sjávarvegurinn. Það má reikna út tekjurnar á ýmsan hátt, en óumdeilanlegt er að þær eru umtalsverðar.

Stefna stjórnvalda í málefnum ferðabjónustu til framtíðar á Íslandi má ekki einokráðast yfir spurninguna um hvort við ætlum að koma á komugjöldum eða gistinguatgjaldi. Málefnið er mun flóknara en svo.

Yfir 90% ferðamanna sem koma til Íslands segja, að aðdráttarflugi sé óspillt og ósnert náttúra og má það til sanns vegar færa – hér er að finna stærstu flæmi óspilltrar náttúru í Evrópu og náttúran og landið er einstakt í ljósi þess að Ísland er eldvríkasta svæði veraldar eins og er og auk þess eitt yngsta og víðkvæmasta land í heimi. Jafnframt býr hér fámenn þjóð, sem er bara að gera það býsna gott þegar kemur að hugviti, þekkingu og listum og getur á næstu árum stigið mörg stór skref fram á við á þeim sviðum.

En spurningin sem þarf að svara er: Hver á að koma ferðamannsins að vera að landi og náttúru? Hver á að koma hans að vera að þjóðinni sjálfri, sögu hennar og menningu?

Hvernig viljum við að gestir okkar komi að fjórðum landsins, fjöllum og fossom? Eiga þeir að sjá stórar virkjanir og háspennulinur? Eiga þeir að sjá þorp þar sem helmingur

Taka þarf afstöðu til langs tíma
Hvernig viljum við byggja upp „leiksviðið“, sem mætt þessum erlendu ferðamönnum sem færa okkur gjaldþyrningi í staðinn?

Þeirri spurningu þarf að svara. Og það þarf að taka afstöðu til langs tíma – það þýðir ekki að hugsa til skemmrí títla en 70-80 ára hið minnsta. Af hverju?

Tökum dæmi út frá spurningunni hvort æskilegt sé að ferðamenn hitti heimamenn á ferðum sínum um landið:

Hér búa tæplega 350 þúsund manns og fjölskyldunin hefur verið mikil í rúmlega hundrað ár – um 30 þúsund Íslendingar búa erlendis og að sama skapi býr hér álika margt erlent fólk, margt til frambúðar, annað til skemmrí títla. Það heldur uppi fiskvinnslunni, þjónustu við aldraða, sér um að þrifa skólana okkar og sjúkrahúsinn. Og það heldur uppi ferðabjónustunni. Í ferðabjónustu starfa rúmlega 20 þúsund manns og af þeim fjöldi er sennilega helmingur að minnsta kosti erlent vinnuafli.

Ef við ætluðum okkur að framleiða Íslendinga, sem tækju við af hinu erlenda vinnuafli, myndi það taka okkur um 70-80 ár að búa þá til, fæða þá, mennta og þjálfva, áður en öll störf í ferðabjónustu væru skipuð Íslendingum eingöngu. Og þá hefði störfum í ferðabjónustu jafnframt fjölgað og væru eflaust



Hvernig viljum við að gestir okkar komi að fjórðum landsins, fjöllum og fossom? Eiga þeir að sjá stórar virkjanir og háspennulinur? Eiga þeir að sjá þorp þar sem helmingur húsa stendur auður, eingöngu notuð sem sumarhús fyrir brottfluttar fjölskyldur? Eiga þeir að sjá þorp þar sem býr nær eingöngu erlent vinnuafli að bjarga auðæfum hafsinis?

orðin um 40 þúsund, ef ekki meir – og fjöldi ferðamanna þá vaxið úr þeim 2,5 milljónum sem nú er spáð upp í jafnvel 5-6 milljónir.

Nú er það varla mögulegt, jafnvel ekki æskilegt að „Íslendingavæða“ ferðabjónustuna. Dæmið er fyrsta og fremst sett fram til að örva hugarflöð og sýna fram á, að þörfin fyrir stefnumótun í ferðabjónustu er orðin áþandli Ríki og sveitarfélög, fyrirtæki í ferðabjónustu og aðrir hagsmunaaðilar verða að segja til um hvernig sinnst skuli óskum hinna erlendu ferðamanna: að þeir fái að njóta þeirrar vöru sem þeir komu hingað til að kaupa: ósnortna, óspillta náttúru.

Er ekki kominn tími til að setjast niður og koma skipulagi á málaflökkin – og eigum við ekki að gera það á þann hátt sem vængastur er til árangurs – í góðri samvinnu, í lausnamiðbúð verkferli og aftrústru virðingu fyrir landi, náttúru, þjóð, sögu og menningu?



Amadeus borðstofuhúsgögn

Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Opíó virka daga 11-18 laugardaga 11-15

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Hvers virði er íslenska?



Jurgita Millerienė
grunnskóla-
kennari

Íslendingar eru heimsþekktir fyrir að vera ansi stoltir af landinu sínu, vatninu, loftinu, fótbottanum eða í stuttu máli öllu sem kemur frá Íslandi. Þeir sameinast um að standa saman til að stöðja og hvetja hver annan. En hvað um íslenskt tungumál? Er hægt að segja sömu sögu um það?

Ég flutti til Íslands árið 2001. Eins og margir aðrir ætlaði ég að vera aðeins í sex mánuði og fara svo aftur heim til Litháens. Þó að ég ætlaði að stoppa stutt fór ég strax á íslenskunámskéið. Mér fannst það mjög merkilegt að læra tungumál sem aðeins 300.000 manns geta talað í heiminum öllum, einnig fannst mér sjálfsgætt að byrja strax að læra, jafnvel þó að ég ætlaði ekki að búa hér á landi.

Ég vildi bera virðingu fyrir íslenskrí þjóð og íslensku tungumáli. Það er ansi góð tilfinning að geta boðið góðan dag á íslensku og geta átt smá spjall á þeirra tungumáli. Með því að læra íslenskt tungumál og sækja íslenskunám skéið er hægt að læra um venjur, hátíðir, óskrifðar reglur, menningu, bókmenntir og margt annað í leiðinni. Þar opnast nýr heimur sem hvetur mann til að kynna íslenskrí menningu enn betur og taka þátt í samfélaginu. Að tilheyra hópnum og vera einn af þeim.

Eins og margir aðrir sem voru í sömu sporum og ég, erum við hér

ennþá 17 árum seinna á Íslandi. En ég kann tungumálið og ég tek virkan þátt í samfélaginu. Eg get valið mér starf, ég get gert allt sem ég vil og verið stolt af því sem ég geri. Eg byggji brýr milli Litháens og Íslands og er bæði Litháí og Íslendingur. Við eigum 3 börn sem tala bæði góða íslensku og litháísku. Það eru allt of margir sem hugsa að það sé nóg að kunna aðeins ensku af því að þeir ætli ekki að búa hér lengi. Kannski eitt, tvö ár eða kannski þangað til þau hafa safnað nógu miklu af peningum til að geta flutt aftur heim. Því miður er raunin oft þannig að fólk íslengist hér á Íslandi, tekur ekki þátt í íslensku samfélagi og sorglegast af öllu að börnin finna mest fyrir því.

Það er mjög óþægileg tilfinning að biða og biða og biða aðeins meira því fólk er ekki að lifa lífinu heldur er í einhvers konar biðstöðu. Það er alltaf á leiðinni heim en svo líða kannski eitt, tvö...fimm eða fleiri ár og það er enn að biða, enn að safna, enn að hugsa. Börnum reynist það afar erlitt að meðhöndla svona aðstæður og oft vilja þau ekki læra íslensku því þau sjá engan tilgang því þau eru alveg að fara heim aftur.

Ég vinn sem grunnskólakennari í Háaleitisskóla uppi á Asbrú og vann svo í 9 ár í leikskólanum Hjallatúni og sú þróun sem ég sé á hverjum einasta degi veldur mér áhyggjum hvað verður um íslenskt tungumál í náinni framtíð. Það sem er að gerast nú þegar er að börnin sem fæðast hér á Íslandi standa oft á tíðum frekar illa í íslensku. Það eru eflaust margar ástæður fyrir því en ein af þeim er að Íslendingar gera ekki nógu miklar kröfur til þess að foreldrar þeirra læri íslensku og beri virðingu fyrir samfélaginu sem þeir búa í.



Af hverju er það svona krúttlegt að tala ensku en alls ekki krúttlegt að tala góða íslensku? Af hverju erum við ekki stolt af tungumálinu sem aðeins 300.000 manns geta talað?

Og ekki nóg með það finnst mér enn meira sláandi að Íslendingum finnst það svo krúttlegt þegar börnin þeirra tala ensku og það er að aukast að foreldrar svara þeim á ensku á móti. Margir skólar eru í vandræðum því nemendur tala ensku sín á milli þrátt fyrir það að oft á tíðum eru þau öll íslensk. Öllum finnst enska svo skemmtileg sem eflaust er líka rétt en hvað um íslensku? Af hverju er það svona krúttlegt að tala ensku en alls ekki krúttlegt að tala góða íslensku? Af hverju erum við ekki stolt af tungumálinu sem aðeins 300.000 manns geta talað?

Og hvað um ferðamenn? Margir þeirra eru að koma til Íslands ekki aðeins í þeim tilgangi að skoða landið heldur finnst þeim einnig mjög áhugavert að heyra íslenskt tal. Þeir verða sennilega líka fyrir vonbrigðum ef það verður aðeins töluð krúttleg enska hér á landi.

Ég hef mjög mikinn áhuga á tungumálum og mér finnst íslenska persónulega mjög merkilegt tungumál. Vonandi verður eitthvað gert svo það finnst öllum á Íslandi mikilvægt að tala íslensku og að það verði allir mjög stoltir af íslensku tungumáli.

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



198
kr. stk.

Íslenski fáninn
50x70 cm



2.598
kr./stk.

Iceland Treyja
Allar stærðir



598
kr. stk.

Bolti Ísland
22 cm

KASSATILBOÐ

Aðeins
65 kr.
dósin



1.560
kr./ks.

Pepsi eða Pepsi Max kassi
24x330 ml

ÍSLENSK
framleiðsla



2l

195
kr. 2 l

Pepsi og Pepsi Max
2 lítrar



BONUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **10. júní** eða meðan birgðir endast.

Höfum við gengið til góðs? Tíu ára afmæli Kárahnjúkavirkjunar



Ólafur Hallgrímsson fv. sóknarprestur

Hinn 30. nóv. 2017 voru liðin 10 ár frá gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar. Kárahnjúkavirkjun ásamt byggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði eru tvímælalaust umdeildustu framkvæmdir á lýðveldistímanum og þótt lengra sé aftur farið, því valda umhverfisspöllum þau, sem virkjunin hafði í för með sér, sem snerti í raun allt svæðið frá jökli út til Héraðsfljóts, en þó mest og alvarlegast hvað Lagarfljót snertir. Við virkjunina tvöfaldaðist rennsli Fljótsins og vatnsborð hækkaði með tilheyrandi landbroti, einkum utan Lagarfoss, gegnsæi minnkaði um helming vegna stóruáukins svifaurs frá Hálsöndi, sem þýðir versandi líffskilyrði, eins og nú þegar er komið í ljós. Útlit Fljótsins hefur tekið verulegum breytingum.

Það hefur nú fengið á sig korglitaðan eða dökkan lit í stað hins blágráa eða gulgræna litar, sem það áður hafði, en er nú gjörsamlega horfinn. Ótalin eru áhrif sk. Hraunaveitu á rennsli og marga fossa í Jökulsá og Kelduá í Fljótsdal, sem eru nú aðeins svipur hjá sjón stærstan hluta ársins. Óþarft er að ríffa upp gifurlega andstöðu gegn virkjuninni og aðvörunarorð færustu sérfræðinga við afleiðingum hennar. Það er flestum í fersku minni. Á slíkt var ekki hlustað. Ríkisstjórnir, sem sátu að völdum á framkvæmdatíma, voru ákveðnar í að virkja, hvað sem andmælum liði. Þar var þó hlutur tveggja ráðherra verstur, þeirra Valgerðar Sverrisdóttur jónadóttur og Sívjar Friðleifsdóttur umhverfisráðherra sem gaf grænt ljós á byggingu virkjunarinnar þrátt fyrir úrskurð Skipulagsstofnunar, sem hafnað hafði virkjunartilhöngum alfarið vegna „of mikilla oáfturkræfra, neikvæðra umhverfisáhrifa“. Nöfn þessara ágætu kvenna munu verða örjufanlega tengd byggingu Kárahnjúkavirkjunar, ásamt nafni Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar, en hversu mikill heiður fylgir því, skal ósagt látið.

Missa íbúa
Nú þegar Kárahnjúkavirkjun hefur verið starfrækt í áratug, er ekki úr vegi að skoða, hver áhrif virkjunar og stóriðju hafa orðið á atvinnulíf og íbúapróun á Austurlandi. Er þá fyrst til að taka, að nær öll aðvörunarorð andstaðinga virkjunarinnar, hvað snertir náttúruspöllum af hennar völdum, hafa ræst og raunar skjótar en flesta grunaði. Í þessu sambandi er fróðlegt að vitna í samantekt Björns Hafþórs Guðmundssonar, fv. framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), um búsetuþróun og íbúafjölda á Austurlandi á árunum 1991-2014 með tilkomu stóriðju á Reyðarfirði það tímabil, sem birtist í tímaritum Glettingi á Egilsstöðum, 25. árg. 2. tbl. 2015. Þar telur Björn ljóst, að spár um verulega fólksfjölgun á Austurlandi í kjölfar byggingar álversins hafi ekki gengið eftir. Þegar hann er spurður, í hverju spárnar hafi brugðist, svarar hann: „Íbúum hefur fækkað meir en göðu hófi gegnir til „jaðrana“, þegar á heildina er lítið. Þess vegna hefur okkur ekki verið að fjölga, þrátt fyrir tilkomu álversins, enda aldrei markvisst unnið að því að efla svæðið í

heild og fjölga eggjunum í kórfunni.“ Þessu til viðbótar birtir svo ritstjóri Glettings í sama tbl. samantekt um fólksfjöldaþróun í Austurlandskjörðæmi umrætt tímabil, en þar kemur fram, að í fjórðungnum hefur fjölgað um rúmli. 700 manns, en sú fjölgun skilar sér einvörðungu til Reyðarfjarðarsvæðisins (Fjarðabyggðar) og Héraðs (Egilsstaða). Önnur svæði ymist halda sínu eða missa íbúa. Heildarmyndin allt tímabilið sýnir fækkan á Austurlandi út á tæplega fimm prósent á sama tíma sem landsmönnum öllum fjölgaði um 26 prósent. (Glettingur, 2. tbl. 2015). Að vísu eru nú liðin fjögur ár síðan úttekt þessi var gerð, en ólíklega hefur staðan breyst verulega síðan. Fólksflótti af Austurlandi hefur ekki stöðvast þrátt fyrir tilkomu stóriðjunnar, enda vitað, að eftirt er að stýra íbúapróun, þar kemur margt fleira til en atvinnna. Það hljóta engu að síður að vera vonbrigði, ekki sist í ljósi væntinga og þess gifurlega fjármagns, sem lagt var í virkjanafamkvæmdir og e.t.v. hefði mátt nýta að einhverju leyti til annars konar og fjölbreyttari atvinnuuppbyggingar, sem komið hefði fjórðungnum og öllum íbúum hans að betra gagni.



Trúlega verður Kárahnjúkavirkjun síðasta stóra vatnsaflsvirkjun á Íslandi, svo mjög hefur viðhorf fólks til umhverfisins breyst nú síðustu árin. Hún verður áminning um, að slíkt megi aldrei endurtaka sig.

Á tíu ára stóriðjuafmæli búa Austfirðingar við umbreytt og skemmt Lagarfljót, sem bæði hefur skipt um lit og lögum. Erfitt hlýtur að vera fyrir margan Héraðsbúa að horfast í augu við, að sú skuli orðin raunin með sjálft Lagarfljótið, stólt okkar Austfirðinga og eitt mesta og þekktasta vatnsfall landsins. Mér er til efs, að slíkt hefði getað gerst í nokkru lýðræðisríki nema Íslandi. Trúlega verður Kárahnjúkavirkjun síðasta stóra vatnsaflsvirkjun á Íslandi, svo mjög hefur viðhorf fólks til umhverfisins breyst nú síðustu árin. Hún verður áminning um, að slíkt megi aldrei endurtaka sig.

Er ekki tími til kominn að tengja?



Stefán Pálsson tæknisagnfræðingur

Reykvikingar – og raunar heimurinn allur – standa frammi fyrir tæknikerfisbreytingu. Orkuskipti í samgöngum eru fyrir dyrum og margt bendir til að þau gerist hraðar en nokkurn hefði óráð fyrir. Rafbilar munu hratt leysa bensín- og dísilbíl á hölm, sem mun hafa jákvæð umhverfisáhrif fyrir veröldina en einnig leiða til mikils þjóðhagslegs sparnaðar fyrir Íslandi. Tæknisagan kennir okkur þó að breytingar innan ramma ríkjandi tæknikerfis eru alltaf flóknar og erfðar. Skipulagslegar ákvarðanir sem teknar voru út frá eldri tækni geta reynst heftandi og skapað vandamál við innleiðingu nýs tækjabúnaðar.

Reglulega fáum við fregnir af nýjum aföngum í rafbilavæðingu landsins, þar sem sýndar eru myndir af stjórnmálamönnum og stjórnmendum orkufyrirtækja taka í notkun hraðhleðslustöðvar á við og dreif um landið. Sjálfsagt er að fagna því, enda mun þéttara net slíkra stöðva greiða fyrir ferðalögum út á land og því ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að fólk kaupir sér rafbil. En þótt vígsluathafnir af þessum toga séu myndrænar, taka þær ekki nema á litlum hluta þess sem gera þarf til að greiða fyrir orkuskiptunum. Hraðhleðslustöðvar munu þegar fram í sækir ekki verða nema jaðarstarð þegar kemur að því að knýja bilafloata landsmanna. Þær eru í grunninn leifar af því tæknikerfi sem við erum að kveðja og byggir á því að ökomenn keyri farartæki sín á bensinstöð/hleðslustöð og fylli af orku. Í framtíðinni verða þessar stöðvar neyðarbrauð þegar geymirinn tæmist á ferðalagi. Öbbinn af öllum billhleðslum mun eiga sér stað við heimahús eða á vinnustað. Það verður svo tækni-



Afar erfitt reyndist að fá nokkra ráðgjöf um mögulegar útfærslur. Lítil eða engin svör var að finna við tæknilegum spurningum. Eins og staðan er í dag þarf hvert einasta húsfélag og hver einasti borgarbúi að metnað fyrir orkuskiptum að finna upp hjólið.

manna að finna útfærslur á því hvornig best verður rúkað fyrir þær hleðslur. En hér erum við einmitt komin að stóru spurningunni. Hvernig mun okkur takast að byggja upp slíkt innviðakerfi innan núverandi borgar- og bæjarmyndar um land

allt? Íbúi í einbýlishúsi með heimreið og bílskur mun vandkvæðalítið geta tengt rafmagnstengil í sitt einkastaði. Sama gildir um háttsettu stjórnendurna í fyrirtækjum og stofnum, sem geta afmarkað einkastaði rafbila við vinnustaðinn. En hvað með þau sem búa í blokk? Hvað með þau sem búa við eldri götur borgarinnar þar sem bílum er lagt úti í götu og enginn á afmarkað staði? Hvað með þau sem sækja skóla eða vinnu á stóra vinnustaði á bilum sínum, þar sem hver grípur það staði sem býst? Er ekki raunveruleg hætt á því að einungis efnafolk eigi kost á að taka þátt í þessari mikilvægu tæknibreytingu? Sá sem þetta ritar er formaður húsfélags í fjölbýlishúsi hér í borg. Íbúar húsins hafa sett sér metnaðarfull markmið um að ýta undir rafbilavæðingu. Í samskiptum okkar við (annars mjög velviljaða) starfsmenn Reykjavíkurborgar, hefur komið í ljós hversu skammt á veg borgin er komin í að huga að þessari endurnýjun innviðs. Afar erfitt reyndist að fá nokkra ráðgjöf

um mögulegar útfærslur. Lítil eða engin svör var að finna við tæknilegum spurningum. Eins og staðan er í dag þarf hvert einasta húsfélag og hver einasti borgarbúi að metnað fyrir orkuskiptum að finna upp hjólið. Hraðhleðslustöðvar við þjóðveginn eru finar, en þegar kemur að stóru myndinni þurfum við hagnýtar og víðræðanlegar lausnir til að koma upp nýju tæknikerfi innan núverandi borgarmyndar. Við þurfum að grafa lagnastokka í götur í eldri fjórða borgarinnar svo unnt sé að setja upp hleðslustaura og setja reglur um aðgengi að þeim stöðum. Við þurfum ráðgjafarþjónustu fyrir húsfélög og starfsfólk sem sýnir frumkvæði að því að hanna og kynna mögulegar útfærslur á hleðslukerfum við ólíkar aðstaður út um allan bæ. Þessi vinna mun að sjálfsögðu þurfa að vinnast í fullu samstarfi við orkufyrirtæki borgarinnar. Þetta er eitt mikilvægasta umhverfismálið sem við okkur Reykjavíkingum blasir. Á komandi kjörtímabili verður kominn tími til að tengja.

Öryggismál og fjölbýlishús



Daniel Árnason framkvæmdastjóri Eignaumsjónar

Hvort sem við búum í þéttbýlu eða strjálbýlu samfélagi er öryggi fjölskyldunnar og heimilísins í forgangi en algengustu ógnanirnar þar eru einkum tvær: Brunahætta og innbrot eða umferð óþöðinna gesta. Nýlegir alvarlegir eldsvoðar, bæði í stíghásum fjölbýlishúsum og í atvinnuhúsnæði, sýna okkur að þrátt fyrir opinberar kröfur og reglugerðir þurfa eigendur sjálfir að vera á varðbergi gagnvart aðstoðjandi ógnunum því reglu-

gerðir sjá ekki allt fyrir varðandi einstakar fasteignir. Þar hvílir ábyrgðin fyrst og síðast hjá eigendum sjálfum. Þau úrræði sem eigendur hafa til að minnka líkur á eldsvoða eða tjóni af þeim völdum eru t.d. samstillt átak við uppsetningu slökkvi-tækja og -búnaðar, uppsetning reykskynjara og samtenging þeirra, uppsetning og vöktun á brunaöryggiskerfum og fleira. Ef þú býrð í fjölbýlishúsi á íbúðin þín að vera sjálfstætt brunahólf og vert að kanna hvort frágangur á veggjum, lofti, gölfli og hurðum að sameign sé ekki örugglega með þeim hætti að eldur geti ekki breiðst út í milli íbúða. Í eldri húsum þarf að huga sérlega vel að öryggismálum, enda óvíst að byggingarreglugerðir sem þá giltu uppfylli allar þær öryggiskröfur sem gerðar eru í dag. Þar er t.d. rétt að

huga að úrbótum á brunahólfum, t.d. með endurnýjun millihúða og brunabættingum samkvæmt viðurkenndum aðferðum. Þá þarf sérstaklega að huga að brunavörnum í sorpgeymslum innandyra, geymslum og geymslugöngum. Einnig þarf að áreitta og fylgja eftir reglum um hvað má geyma í sameign og í eldri húsum getur þurft að endurnýja rafmagnstöflur og jafnvel lagfir. Eðskilegt væri að framkvæma bruna- og rýmingaræfingar í fjölbýlishúsum, ásamt því að prófa viðvörunar- og eldvarnarbúnað. Reynolds sýnir enn fremur að huga þarf sérstaklega á öryggismálum í fjölbýlishúsum fyrir eldri borgara, enda fylgja aukin slyshætta óneitanlega hækkandi aldri. **Aðgangsstýring og eftirlit** Með aukinni skipulagðri glæpastarfsemi og tíðari innbrotum

hafa húseigendur í vaxandi mæli tekið upp nútímalegri og tæknilegri aðgangsstýringar að eignum sínum til að hafa betra yfirlit yfir hverjir hafa að þeim aðgang. Þannig eru t.d. nýrri fjölbýlishús gjarnan með bilakjallara sem aukid hefur til muna þörfina fyrir góða aðgangsstýringu. Eftirlitsmyndavélum og tilheyrandi tækni hefur fleygt mikið fram á síðustu misserum og hefur uppsetning þeirra fælingaráhrif gagnvart óæskilegri umgengi og þjöfnandi og myndefni úr þeim getur hjálpað til við að rekja slóð ef og gripdeildir eða skemmdarverk í hefur verið að ræða. Hafa eigendur fjölbýlishúsa sett upp slíkar eftirlitsmyndavélar er rétt er að minna á ákveði persónuverndarlaga, ef setja á slíkan búnað upp, sem og reglur um það hverjir megi hafa aðgang að slíku myndefni.

Erfitt er að mæla árangur af auknum ráðstöfunum í öryggismálum en ef marka má verð brunatrygginga fasteigna hefur kostnaður vegna tjóna af völdum eldsvoða farið ört vaxandi undanfarin ár. Þá sjáum við að kostnaður við öryggis- og aðgangsmál í fjölbýlishúsum, sem eru í þjónustu hjá okkur, hefur aukist um 48% að meðaltali á hverja íbúð. Þá aukningu má að einhverju leyti rekja til nýrri fasteigna en þar virðast eigendur leggja meiri áherslu á forvarnir. Með stærri og flóknari fjöleignarhúsum, hækkandi aldri þjóðarinnar og aukinni kaupgetu er líka full þörf á að stjórnuvöld séu í takt við tímann og auk kröfur um eldvarnir bygginga. Því hvetjum við bæði eigendur fasteigna og ekki síður stjórnuvöld til að sýna frumkvæði og efla bæði forvarnir og eftirlit. Slysingera ekki boð á undan sér!

FÓLK

FIMMTUDAGUR 7. JÚNÍ 2018

Tíska



Mike The Jacket kemur fram á Secret Solstice síðar í júní. Hann segir ekkert toppa glænýja og fallega strigaskó. ➔6



Feðginin og gullsmiðirnir Rakel Mist og Haukur Valdimarsson starfa saman við sköpun gulls og gersema í Carat/acredo í Hátúni 6a. MYND: SIGTRYGGUR ARI

Feðgin eru gullsmiðir í Carat/acredo

Það er ævintýri að velja saman giftingarhringa hjá Carat/acredo. Það er ýmist hægt að gera í faðmi elskunnar heima í stofu eða með fulltingi gullsmíða-feðginanna Hauks og Rakelar Mistar sem umvefja viðskiptavinum sínum. ➔2



Miðnæturöfnun í dag!

**20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM**

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsiðu →

Að velja giftingarhring er eitt af hjartfölgnum augnablikum lífsins því þá velja hjónaefnin sér hringa sem þau ætla að bera út lífið," segir Haukur Valdimarsson, gullsmiður í Carat/acredo.

Haukur starfar við hlið dóttur sinnar, gullsmiðsins Rakelar Mistar, en saman sérhæfa þau sig í trúlofunar- og giftingarhringum og hvers kyns demantaskarti.

„Við Rakel höfum yndi af því að vera einn hlekkur í keðju þeirra gleðilegu tímamóta sem hjónaband er. Ástin svifur yfir vötnunum og tilhökkunin leynir sér ekki," segir Haukur, en þau Rakel veita persónulega og þægilega þjónustu þar sem hver og einn fær þann tíma sem hann þarf við valið.

„Við bjóðum líka upp á ákveðna upplifun og erum með tver starfsstöðvar þar sem fólk getur látið fara vel um sig og skoðað úrvalið, bæði í tölvum og á staðnum þar sem eru yfir 200 sýnishorn til að skoða og máta," útskýrir Haukur.

Heillandi heimur hringa

Carat var stofnað árið 2000 og rak lengst af verslun í Smáralind. Árið 2015 flutti Carat sig um set yfir í Hátún 6a og hóf um leið samstarf við þýska skartgripaframleiðandann acredo sem sérhæfir sig í gimsteinum og stórglæsilegu eðalskarti.

„Okkur fannst vanta meiri fjölbreytileika í landslagið," segir Haukur. „Með acredo opnaðist risastór gluggi með áður ósæðum möguleikum og útfærslum. Á heimasíðu okkar, acredo.is, má sjá stórkostlegt úrval hringa og þar getur fólk fíkt að sjálfri til að setja saman draumahringana og valið mismunandi þykktir og breiddir, demanta og líti á gulli, svo sem hvítgull, rauðgull, rósa-gull og platinu.“

Þegar útlit hringanna hefur verið ákveðið í hönnunarforriti acredo fara þeir í pöntunarferli hjá Carat/acredo og er hver hringur sérsmiðaður.

„Acredo hefur slegið í gegn hjá íslenskum þórum," upplýsir Haukur. „Þetta er heillandi heimur að stíga inn í og möguleikarnir endalásir að velja og setja saman útlit hringanna sjálf. Hver einasti hringur er sniðinn eftir óskum hvers og eins, og sannarlega engin lagervara sem er sótt upp í hillu.“

Demantar hæstmóðins

Demantar eru hæstmóðins í giftingarhringum nú.

„Demantar halda alltaf sínu og fara aldrei úr tisku," segir Haukur en niútiú prósent giftingarhringa frá Carat/acredo eru með demöntum í hring brúðar. „Oftan en ekki er nú bætt við grennri hring á fingur hennar sem er alsettur demöntum, og nú er líka vinsælt að setja jafnvel þrjú hringa á fingur brúðarinnar.“

Carat/acredo er með allar stærðir eðalsteina og þar á meðal glæsilega litaða demanta.

„Þannig eru svartir demantar nú í tisku hjá körlum og koma virkilega flott út í hring. En þótt demantur sé konungur eðalsteinanna er ánægjulegt að segja frá því að verðið er einfaldlega frábært í samstarfi við acredo," segir Haukur.

Að velja sér hring á acredo.is er þægilegt. Verð á hringum birtist samhliða hringavali og breyting á verði fylgir jafnðóðum og útliti, lögum og efniviði hringis er breytt.

„Það er hentugt að geta strax séð kostnaðinn og mikil hagræðing í að geta skoðað úrvalið í ró og næði heima. En hvort sem fólk hefur undirbúið sig heima eða ekki



Verslun og verkstæði Carat/acredo er glæsilegt eins og ómótstæðilegt úrval trúlofunar- og giftingarhringa fyrir ástfangið fólk. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Feðginin Rakel og Haukur við vinnu sína á gullsmiðaverkstæðinu.



Glæsileg verslun Carat/acredo er í Hátúni 6a í Reykjavík.



tökum við jafn vel á móti öllum og bjóðum upp á kaffi, sóðavatn og jafnvel kampað ef stemingin er þannig. Það er stór ákvörðun að velja réttu hringana og okkar innlegg í þá fögru minningu er að veita góðan tíma og ómótstæðilegt úrval," segir Haukur.

Feðginin Haukur og Rakel Mist smíða einnig sína eigin fögru hringa, bæði með klassisku útliti og grófari séríslenskri áferð. Einnig hvers kyns sérsmiði að óskum viðskiptavina.

„Ef tilvonandi brúðhjón hafa engan möguleika á að koma til okkar í dagsins önn geta þau pantað tíma til að skoða trúlofunar- og giftingarhringa utan hefðbundins opnunartíma. Þá er hægt að pantatíma í gegnum Facebook eða carat@carat.is," útskýrir Rakel.

Skoðið töfrandi úrval trúlofunar- og giftingarhringa á carat.is og acredo.is. Carat/acredo er í Hátúni 6a. Sími 577 7740. Vefverslun er á carat.is.





20% afsláttur

BITTE KAI RAND

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Bláa húsin v/ Faxafen • www.selena.is • 553 7355



Ulpuona keyptir Friðrik Thorlacius, öðru nafni Mike The Jacket, í H&M en þar verslar hann reglulega. MYNDIR/ERNIR

Það eru engar reglur

Mike The Jacket kemur fram á Secret Solstice síðar í júní. Hann segir ekkert toppa glænýja og fallega strigaskó.

Starri Freyr
Jónsson
starri@frettabladid.is



Mike The Jacket er sólo-verkefni plötusnúðsins og tónlistarmannsins Friðriks Thorlacius sem kemur fram á tónlistarhátíðinni Secret Solstice síðar í þessum mánuði. Þetta er fimmta árið í röð sem hann kemur fram á hátíðinni og segir hann að þeir sem hafi séð sig spila í gegnum árin viti nákvæmlega hvað sé í vændum. „Ég ætla m.a. að flytja þar fimm ný lög. Það er fátt betra en að spila nýtt efni fyrir tónleikagesti og fá viðbrögð beint í æð og sérstaklega þegar allt verður tryllt. Ég er búinn að prufukeyra hluta af nýja efninu og það hefur vakíð ótrúlega lukku. Gestir geta búist við ótrúlega flottu sjó og magnaðri orku sem fær þá til að vilja dansa, dansa og dansa meira.“

Friðrik hefur komið víða við á undanförunum árum, ýmist einn eða með félögum sínum í Plugg'd.

„Við hituðum m.a. upp á Nasa og Broadway fyrir marga heimspækta plötusnúða á árunum 2006 til 2009. Þar má m.a. nefna Deadmau5, Dirty South, Pendulum og Chris Lake. Árið 2011 tók ég þátt í remix keppni tónlistarmannsins Deadmau5 og endaði í topp 10 úrslitum. Ut frá því stofnaði ég KSF (Killer Sounding Frequencies) með félagi mínum þar sem við unnum með mörgum frábærum tónlistarmönnum, t.d. Alviu. Við unnum remix keppnina „Dirty South“ árið 2016 og fengum í kjölfarið að spila á aðalviðinu á fjórtán hæða skemmtiferðaskipi frá Miami til Jamaíku sem var eftirminnleg ferð.“

Friðrik vinnur sem rafvirki og utan tónlistarinnar stundar hann snjó- og hjólabrettinn auk nýjasta æðis-



Svarti bomber jakkinn sem Friðrik klæðist hér er uppáhaldsflíkin hans.

ins sem er að hans sögn að hjóla út um allar trissur og skrásetja ferðir sínar með Strava-appinu.

Hann lýsir fatastil sínum sem frekar „kasjúl“ en ekkert toppi þó glænýja strigaskó. „Maður verður eins og nýr maður í nýjum skóm. Ég fylgist ekki beint með tiskunni og pikka bara út það sem að ég fíla sjálfur. Fatakaupin koma í rispum, stundum kaupi ég ekki neitt svo mánuðum skiptir og svo kemur sprengja þegar ég dett inn á eitthvað.“

Attu þér tiskufyrirmynd?

Ég á mér í raun enga tiskufyrirmynd en mér finnst íslensk hönnun vera að sækja í sig veðrið, t.d. eru Inklaw að koma sterkir inn. Svo er ég stanslaust að spotta eitthvað nýtt sem gefur mér innblástur.

Hvernig hefur tiskuhuginn þróast?

Ég hef aldrei verið mikill jakkafatakarl en eftir að ég eignaðist fyrstu Hugo Boss jakkafötin í fyrra varð ekki aftur snúið. Þau eru kóngabla og köflótt og fara mér einstaklega vel. Ég stækka alltof hratt í þau þannig að það er útlit fyrir

að ég þurfi að finna mér önnur.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Ég hef verslað heimikíð í H&M í gegnum tíðina og sérstaklega meðan ég bjó í Svíþjóð. Brettabúir eru líka í miklu uppahaldi því þar er mikið úrval af töf bolum.

Attu eina uppáhaldsflík?

Í dag er það svarti bomber jakkinn minn með hettunni sem sést á einni myndinni. Hann er geggjáður og hentar öllum tilefnum.

Bestu og verstu fatakaupin?

Bestu kaupin átti ég um daginn, þegar ég rambaði inn í H&M og keypti þrjá jakka sem kostuðu undir 25.000 kr. og eru allir geggjáðir. Verstu kaupin eru þegar ég kaupði eitthvað í flyti og þegar ég máta heima er ég ekki jafn sáttur.

Hvað finnst þér einkenna klæðnað karla í dag?

Það er einhver svaka vakning í dag, misfrábær og mishræðileg. Mér finnst best að það eru engar reglur. Það sama gildir um tónlist mína, þar eru engar reglur.

Notar þú fylgihluti?

Hálsmen hafa ekki verið í miklu uppahaldi fyrr en núna. Ég er oftast með einfalda silfröða „old school“ keðju með silfröðum USB-lykki sem inniheldur tónlistina mína. Lykillinn gerir mér kleift að vera alltaf tilbúinn til að spila, hvar og hvenær sem er. Svo eru arm-bönd og úr alltaf klassísk.

Flott sumarföt,
fyrir flottar konur

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Ég fer á fjöll
í sumar

FJALLAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

IKEA

25%
afsláttur

6. - 10. júní



Sothys dagar í Lyfju

Á Sothys dögum er 25% afsláttur af línunni í öllum verslunum Lyfju. Glæsilegur kaupauki fylgir með hverju keyptu kremi!

Sothys er þekkt fyrir að bjóða upp á fyrsta flokks húðvörur, hannaðar til að koma á mótis við þínar þarfir.

Frí húðgreining í boði á miðnæturopnun Smáralindar í kvöld!

lyfja.is

Sérfræðingur Sothys veitir fría húðgreiningu í Lyfju:

Í dag fim. | Smáralind kl. 14–23

Fös. 8. júní | Lágmúla kl. 14–17

Sun. 10. júní | Smáratorgi kl. 14–17

 **LYFJA**
– Lifið heil

Hógvær tíska

Hógvær tíska á rætur í trúarbrögðum og snýst um að sýna lítið hold og klæða sig þægilega. Hún hefur vaxið hratt á síðustu árum og er orðin áberandi víða.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Ný tegund af tíska hefur rutt sér til rúms á síðustu árum. Á ensku kallast hún „modest fashion“, eða „hógvær tíska“ á íslensku. Tiskan gengur út á að sýna lítið hold og hefur sterk tengsl við menningu trúarbragða, en tekur á sig ýmsar myndir. Vinsældir hógværrar tisku hafa aukist verulega síðastliðinn áratug og nú er svo komið að stór tiskufyrirtæki og alls kyns tiskumerki eru farin að hanna og framleiða fót sem eru sérstaklega hugsuð sem hógvær tíska.

Engin ein skilgreining

Hógvær tíska hefur enga skýra skilgreiningu. Í kjarnann snýst hún um að hylja líkamann á meðvitaðan hátt eins og hverjum finnst þægilegt og klæðast viðum, þægilegum fötum en lita glesilega út á sama tíma. Hver og einn hefur sína eigin skilgreiningu á því hvað er hógvært og sú skilgreining er að miklu leyti byggð á menningar- og trúarlegum bakgrunni.

Þeir sem kjósa að klæða sig samkvæmt hógværrari tíska gera það af ýmsum ástæðum. Ákvörðunin kann að vera tekin vegna trúar, menningar eða bara vegna þess að fólk finnst þetta flott og þægilegt.

Nýr neytendahópur

Ein af stóru ástæðunum fyrir því að hógvær tíska hefur sótt í sig veðrið er að múslimar á Vesturlöndum eyða mun meiru í tiskuvörur og fatnað nú en áður. Það er að hluta vegna þess að margar ungar múslimakonur hafa mun meira eyðslufé á milli handanna í dag en áður, þar sem þær hafa komið út á vinnu- og markaðinn í auknum mæli. Tiskumerkin vilja að sjálfsgöðu höfða til þessa stóra nýja neytendahóps.

Á sama tíma hefur tiskuheimurinn líka breyst. Nú er fjölbreytni orðin viðurkenndur hluti af tiskunni, í stað þess að vera undantekningin. Fyrir vikið hafa tiskufyrirtæki tekið að markaðssetja fjölbreyttari tiskuvörur til að höfða til breiðari hóps viðskiptavina.

Þó að hógvær tíska njóti mestra vinsælda hjá konum sem aðhyllast íslam, getur hver sem er tileinkað



Hógvær tíska er orðin áberandi á alls kyns viðburðum. NORDICPHOTOS/GETTY



Ruba Zai með ofurfyrirsætunni Bellu Hadid og tiskuhönnuðinum Alexander Wang. MYND/INSTAGRAM

sér hana. Sumir feministar eru hrifnir af henni og telja hana vald-eflandi og alls kyns konur hrifast af þessum stíl án þess að þekkja hann sem hógværa tíska.

Sterk tengsl við hijab

Þar sem hógvær tíska er vinsælust hjá konum sem eru múslimar er hún nátengd tiskunni í kringum höfuðklút múslima, sem kallast hijab. En þó að margir tengi þetta saman er hógvær tíska ekki í eðli sínu tíska múslima eða endilega tengd hijab-inu sjálfu.

Ruba Zai er af afgönskum uppruna, hefur yfir milljón fylgjendur á Instagram og hefur tekið þátt í að móta tiskuna í kringum hijab. Zai segir að þegar hún byrjaði að tala um tíska og stíl í tengslum við höfuðklútinn hafi enginn í tiskuheiminum haft áhuga á höpunum sem notaði hann og sá hópur hafi

á sama skapi ekki tengt við fötin sem komu frá þekktum tiskumerkjum.

Alls kyns merki taka þátt

Fyrst markaðssettu tiskufyrirtæki hógværa tíska í tengslum við ramadan, aðaltrúarhátíð múslima, en fljótlega fóru framleiðendur að bjóða þessar vörur allan ársins hring og auka úrvalið.

Nú er hógvær tíska orðin áberandi á alls kyns tiskuhátíðum og viðburðum. Merki eins og H&M, Uniqlo, Tommy Hilfiger, Zara, Nike og jafnvel Dolce & Gabbana eru farin að selja fót í þessum stíl og alls kyns mismunandi hijab-höfuðklúta.

Þannig að hógvær tíska hefur fest sig í sessi og er hijab ekki vandráðagripur fyrir konur sem vilja tolla í tiskunni, heldur mikilvægur hluti af klæðnaðinum.



Smart sumarföt,
fyrir smart konur

Stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

MARC LAUGE
JEANS



Gallabuxur
Kr. 11.900.-

Str. 34-46
Sidd 70 og 74 cm

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

MIÐNÆTUROPNUM Í SMÁRALIND

20% afsláttur*
af öllum vörum

FRÍAR SJÓNMEIÐINGAR


Optical Studio
SMÁRALIND

*ekki af merktri tilboðsvöru

ÓPIÐ
TIL 24

Módel:
Kolfína Nikulásdóttir

GIORGIO ARMANI



ABSOLU
the new sensuality



20% kynningarafsláttur 7. - 13. júní
af öllum GA ilmum í snyrtivöruverslunum Hagkaups*

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

*GIORGIO ARMANI FÆST EKKI Í HAGKAUP BORGARNESI OG REYKJANESBÆ



SUMARKJÓLAR - SUMARADDRESS

Skoðið laxdal.is/pink passion



Skípholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Cristina Tamborero sýndi þessa glæsilegu brúðarkjóra í Barcelona. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Einfalt og fallett

Barcelona Bridal tiskuvikan fór fram í lok apríl en þar voru sýnd yfir 370 vörumerki sem tengjast brúðartísku. Alþjóðlegir hönnuðir sýndu glæsilegan fatnað fyrir brúðkaupin árið 2019 og rómantikin sveif yfir vötnum.

Barcelona Bridal er ein stærsta sýning sinnar tegundar og fer fram ár hvert í Barcelona. Brúðarkjólarnir voru í alls kyns útfærslum ásamt glæsilegum fylgihlutum. Einnig voru sýnd fót sem henta þeim sem vilja gifta sig í öðru en hvítu ásamt fötum fyrir brúðkaupsgesti. Brúðgumarnir voru heldur ekki langt undan og margt fallett kom fram fyrir þá.

Eins og gefur að skilja var rómantiskur blær yfir sýningunni en um 20 þúsund gestir voru mættir til að skoða herlegheitin. Kaupendur koma hvaðanæva úr Evrópu en einnig frá Bandaríkjunum, Brasilíu og Japan. Brúðarkjólarnir voru sumir einfaldir og fallettir en aðrir mikið skreyttir með víðu pils. Það var greinilegt á sýningunni að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þegar leita þarf að hinum eina rétta brúðarkjól fyrir stóra daginn.

tiskur blær yfir sýningunni en um 20 þúsund gestir voru mættir til að skoða herlegheitin. Kaupendur koma hvaðanæva úr Evrópu en einnig frá Bandaríkjunum, Brasilíu og Japan. Brúðarkjólarnir voru sumir einfaldir og fallettir en aðrir mikið skreyttir með víðu pils. Það var greinilegt á sýningunni að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þegar leita þarf að hinum eina rétta brúðarkjól fyrir stóra daginn.



Yolan Cris sýndi einnig þennan glæsilega kjól.

Frábært úrval

- stuttbuxur
- bermuda (hnésídd)
- kvartbuxur
- stærð 34 - 52
- margir litir



black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opíð: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

f Kíkið á myndir og verð á Facebook




Kjöll sem hannaður er af Yolan Cris.



Öðruvísi brúðarkjöll frá Carla Ruiz.



Esther Noriega sýndi þennan grænbláa samfesting.



Vinsæll litur en hér sýnir hönnuðurinn Cristina Tamborero fallett dress.

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:





TOUCHE ÉCLAT ALL-IN-ONE GLOW FOUNDATION

FERSKUR GEISLANDI LJÓMI.
NÁTTÚRULEG MIÐLUNGS PEKJA. LANGVARANDI RAKAGJÖF.
#GLOWASYOU GO



YVES SAINT LAURENT

YVES SAINT LAURENT KYNNING

Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI 7.-10. JÚNÍ

SUMARIÐ ER TÍMINN FYRIR GEISLANDI HÚÐ

TOUCHE ÉCLAT ALL-IN-ONE GLOW FOUNDATION NÝR LÉTTUR OG FRÍSKLEGUR FARÐI FRÁ YSL

- Rakagefandi farði sem framkallar heilbrigt útlit og geislandi ljóma.
- Gefur náttúrulega miðlungs þekju og aðlagast húðinni fullkomlega.
- Frískaðu uppá útlitið hvar sem er og hvenær sem er, spegill óþarfur.

VANTAR ÞIG AUKA MÍNÚTUR Í SÓLARHRINGINN? UNIVERSAL MAKEUP REMOVER MELTING BALM-IN-OIL



Alhliða farðahreinsir fyrir andlit, augu og varir sem bráðnar þegar hann hitnar á húðinni og leysir upp allan farða á augabragði. Tandurhrein húð og þægileg tilfinning. Einstaklega mildur en á sama tíma áhrifaríkur. Hentar vel fyrir viðkvæma húð.

25% AFSLÁTTUR AF
ALL IN ONE GLOW FARÐANUM FRÁ YSL

20%

AFSLÁTTUR
AF YSL Á KYNNINGU

COUTURE BROW – LITAÐ GEL FYRIR FULLKOMNAR AUGABRÚNIR

- Litað gel fyrir augabrúnir sem skerpir litinn og heldur þeim móðuðum allan daginn.
- Auðvelt og þægilegt í notkun hvort sem þú leitar eftir náttúrulegum eða þéttum og miklum augabrúnum.
- Fáanlegt í tveimur litatönum og endist í 24 klst.



Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



100% LÁN

SUBARU Impreza. Árgærd 2005, ekinn 136 þ.KM, bensín, sjálfstjórn 4 girar. Verð 690.000. Rnr.163188.



100% LÁN

NISSAN Micra. Árgærd 2011, ekinn 168 þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 620.000. Rnr.171202.



100% LÁN

NISSAN Patrol GR. Árgærd 2000, ekinn 236 þ.KM, dísel, sjálfstjórn 4 girar. Verð 780.000. Rnr.150585.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



bilfang.is



DIESEL-PLUG-IN!

Audi Q7 E-tron/S-line Plug-in 01/2018 ek. 3 þ.km. Bill hlaðinn búnaði. raðnr 153265. Verð 12.9 mill (Hekla 15.9 mil)



GLÆSILEGT EINTAK!

Landrover Discovery 5 HSE 08/17 ek 12 þ.km Glæsilegur innan sem utan (raðnr.153158) Verð 12.7 mill. (Kostar nyr í BL 14.2)

Bílasalan Bilfang
Malahöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú lítr í boði. Ekkert próf, engar tveggingar, BARA GAMAN. Verð kr. 209.000,-

SUZUKI

Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
suzuki.is / suzukisport.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 100-200þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



SKÚTA TIL SÖLU

Til sölu er 39 feta skúta sem staðsett er í Króatiu. Skútan er með nýja vél, nýjan skruvúxl, nýjan rafgeymi, nýjan eldsneytistank og allur reiði er nýr. Skútan hefur öll verið yfirfarin, skrokkurinn athugaður, málaður og síðan botnmálaður undir sjólinu. Bátturn fylgir GPS tæki, nýyfírfarinir björgunarbátur og nýlegur léttabátur með utanborðsmótor. Skútan er með íslenska skráningu og selst á 3 milljónir. Nánari upplýsingar í síma 821-7305.



Léttir Fyrirferðalítillir Hljóðlátir
Kraftmikill Sparneytnir 3,5-250 hð
Miðraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Viðgerðir



Þjónusta

Pípulagnir

Pípuagningameistarar getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur, úðun og ofl. Halldröf garðyrkjaumaður. S: 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á samngöngu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bill. Búslóðafl. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spáðómar

Símaspá frá kl.14-21. Góð reynsla. Kristín s. 897 9002

Húsaveiðhald




Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímaferfi, mynddyrasímar, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



Önnur þjónusta



VALDIS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉFERÐ. Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja ofl. Daleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu. Tímamantanir í síma 864-1273



Glæsilegt hjólhýsi



FENDT Tendenza 515 SG
• Árgærd 2018
• Nýtt
• Flott verð
• Góð lán í boði
Tilboð kr. 4.790.000. Rnr.105777.



Bíldshöfða 3 • 110 Reykjavík S. 587 6600 • www.bilabraut.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

EYJALIND Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjaland.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabær
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkið á facebook síðu okkar:
[facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímamantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörðun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 aukka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blökkjóni og sirenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



VW Tiguan Track & Style

Nýskráður 2/2013, ekinn 98 þús.km., dísel, sjálfskiptur, fjórhjóladrif, dráttarkrókur, einn eigandi!



Verð kr. 2.690.000



Honda CR-V Elegance dísil

Nýskráður 10/2015, ekinn 36 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 girar, fjórhjóladrif, leiðsögukerfi, bakmyndavél o.fl.



Verð kr. 4.390.000



KIA Rio dísil

Nýskráður 9/2014, ekinn 47 þús.km., dísel, beinskíptur, einn eigandi!



Verð kr. 1.590.000



Honda Civic Tourer Lifestyle

Nýskráður 4/2017, ekinn 16 þús.km., dísel, beinskíptur, bakmyndavél, 624 lítra farangursými, uppgefin eyðsla 3,9 l. m.v blandaðan akstur.



Verð kr. 2.890.000

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir bíla á söluskrá

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00



Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Keypt & Selt

Til sölu



TILBOÐ!

Til sölu á tilboðsverði 450 þús. vel með ferð þalómíno Colt fellihýsi 2002 módel. Fortjald, eldavel, miðstöð.ný grjótrind, pláss fyrir 2 gaskúta á beisli, rafmagnstengi 230V, Uppl. í s: 699 2522



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira göðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677



TRIGANO TJALDVAGN

Til sölu Trigano tjaldvagn árg.'96 verð 200 þús eða tilboð. Vel með farinn vagn. Frekari uppl. í s:862-0208



Óruggar veggfestingar. Góð lausn fyrir ínemlið og vinnustaðinn. sala@hjólalausnir.is



LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR!

Úrval af girðingaefni til sölu. IsBú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018

STIGA
4WD
Stiga Estate Pro 9122
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktör B&S 8240 Intek mótör Sérstyrktur sláttubúnaður 360 lítra grasuppsöfnunarkassi
Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vevtrarsol.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verluu okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



Til sölu Liebherr 35 K byggingakrani tekur 850kg í 36 metrum er í góðu standi og til afhendingar strax. Uppl. í síma 8922221 Magnús

Skólar & Námskeið

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAETT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði



SMÍÐUR / UPPSLÁTTUR

Heimaás óskar eftir að ráða smíði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"



VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA

Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -

Silfri ehf óskar eftir bílstjóra á fjögurra óxla truck.

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samvískusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA ADRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Útvegum starfsmenn

TIL FJÖLBREYTTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA

Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is



551 5000

Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins


Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.



HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | handafl.is

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

 **HAGVANGUR**

www.hagvangur.is

RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hugar bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is


intellecta



SHIMANO

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

RFR.




CUBE
Fjallahjól

Verð frá: 69.990kr
#bluelagoonchallenge




Tacx



#becube #triverslun

RolfPRIMA

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

Gylfi og Hannes byrja í kvöld

Gylfi Þór Sigurðsson verður í byrjunarliði Íslands sem mætir Gana í vináttulandsleik í kvöld. Allir eru klárir nema Aron Einar Gunnarsson. Þetta er síðasti leikur íslenska liðsins áður en það heldur til Rússlands.

FÓTBOLTI Generalprufan fyrir HM í Rússlandi verður í kvöld þegar Ísland mætir Gana í vináttulandsleik á Laugardalsvelli. Þetta er í fyrsta sinn sem þessar þjóðir mætast á fótbolta- velli.

Ísland tapaði 2-3 fyrir Noregi á laugardaginn. Það jákvæðasta við leikinn var innkoma Gylfa Þórs Sigurðssonar sem lék í tæpan hálf tíma eftir að hafa verið frá keppni vegna hnémeiðsla í um þrjá mánuði. Gylfi leit vel út og skoraði annað mark Íslands í leiknum.

„Það var mjög gaman að komast aftur á völinn, mér leið vel og var ferskur. Hnéð var fint og ég var góður eftir leik.“ sagði Gylfi á blaðamannafundi á Laugardalsvelli í gær. Hann kveðst vera 100% klár en segir ólíklegt að hann spili allar 90 mínútnar gegn Gana.

Landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson staðfesti á blaðamannafundinum að Gylfi myndi byrja leikinn gegn Gana og bera fyrirliðabandið í fjarveru Arons Gunnarssonar. Bataferli Akureyringsins gengur þó vel að sögn Heimis.

„Það eru allir klárir nema Aron sem er samt á réttu leið. Hann er á betri stað en við þjuggumst við og verður orðinn klár fyrir leikinn gegn Argentínu.“ sagði Heimir.

Eyjamaðurinn staðfesti einnig að Hannes Þór Halldórsson myndi verja íslenska markið í kvöld. Planið hafi alltaf verið að láta hann spila báða leikina fyrir HM en vegna smávægilegra meiðsla hafi hann verið hvíldur gegn Noregi.

Frederik Schram fékk tækifæri í fjarveru Hannesar. Hann nýtti tækifærið ekki nógu vel og gerði slæm mistök í öðru marki Norðmanna. Heimir ræddi við Frederik eftir leikinn og stappaði í hann stálínu. Hann segist hafa mikla trú á þessum 23 ára gamla markverði Roskilde í Danmörku.

„Ég er ofboðslega hrifinn af þessum strák. Hann er auðvitað sár að hafa gert þetta en ef þetta mark hefði ekki komið hefði hann átt frábæran leik. Hann greip vel inn í og átti frábærar spurnur. Lífmarkvarða hangir oft á bláþræði, annaðhvort eru þeir hetjur eða skúrkar. Það er gaman að



Það var glatt á hjalla á blaðamannafundi íslenska landsliðsins á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

●● Það var mjög gaman að komast aftur á völinn, mér leið vel og var ferskur. Hnéð var fint og ég var góður eftir leik.

Gylfi Þór Sigurðsson

sjá hvernig hann meðhöndlar svona. Þetta er einbeittur og heilbrigður einstaklingur.“ sagði Heimir.

Aðspurður um muninn á milli Gana og svo Nígeríu, sem Ísland mætir í Volgograd 22. júní, sagði Heimir: „Gana er með fleiri utfærslur á leik sínum. Liðin eru bæði með fljóta og vinnusama einstaklinga, skemmtilegar típur. Það er margt úr leiknum gegn Gana sem við getum nýtt okkur gegn Nígeríu.“ sagði Heimir.

Íslenska liðið fær fri á morgun og heldur svo til Rússlands á laugardagsmorgun. ingvithor@frettabladid.is

Fjórða heimsókn Afrikupjóðar til Íslands

Gana er aðeins þriðja Afrikupjóðin sem leikur A-landsleik hér á landi. Leikurinn í kvöld er jafnframt aðeins fjórði leikur Íslands við Afrikupjóð hér á landi.

Ísland 3-0 Nígería, 22. ágúst 1981

Ísland vann öruggan sigur á Nígeríu í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í ágúst 1981. Íslendingar komust yfir á 5. mínútu með marki Skagamannsins Arna Sveinssonar. Staðan var 1-0 í hálfleik. Á 65. mínútu bætti Lárus Guðmundsson öðru marki við og fyrirliðinn Martein Geirsson gulltryggt svo sigurinn þegar hann skoraði þriðja mark Íslands á 73. mínútu.

Ísland 4-1 Suður-Afrika, 17. ágúst 2005

Ísland þar sigurðr af Suður-Afríku, 4-1, í vináttulandsleik á Laugar-

dalsvellinum í ágúst 2005. Grétar Rafn Steinsson kom Íslendingum yfir á 25. mínútu með sínu fyrsta landsliðsmarki en Delron Buckley jafnaði þremur mínútum síðar. Arnar Þór Víðarsson kom Íslandi aftur yfir á 42. mínútu og í seinni hálfleik bættu Heiðar Helguson og Veigar Páll Gunnarsson við mörkum.

Ísland 1-0 Suður-Afrika, 13. október 2009

Ísland og Suður-Afrika mættust aftur í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í október 2009. Aðeins eitt mark var skorað í leiknum en það gerði Veigar Páll Gunnarsson í upphafi seinni hálfleiks. Aron Einar Gunnarsson, Emil Halldórsson, Rúrik Gíslason og Ragnar Sigurðsson voru í byrjunarliðinu og Ólafur Ingi Skúlason kom inn á sem varamaður í seinni hálfleik.

9

DAGAR
í HMBjörn
Bergmann
Sigurðarson

Aldur:

27

Staða:

Framherji

Félag:

Rostov

Landsleikir:

12/1 mark



Lærisveinar Lars áfram á sigurbraut

FÓTBOLTI Nígería, sem verður með Íslandi í riðli á heimsmeistararnótinu í knattspyrnu karla sem hefst í Rússlandi eftir slétta viku, laut í lægra haldi fyrir Tékklandi í vináttulandsleik sem leikinn var í Austurríki í gær. Þetta var síðasti leikur nígeríska liðsins fyrir HM, en liðið tapaði fyrir Englandi í leik liðanna um síðustu helgi og þar áður gerði Nígería jafntefli við Kóngó og laut í gras fyrir Serbíu.

Ísland og Nígería mætast í annarri umferð riðlakeppninnar á heimsmeistararnótinu föstudaginn 22. júní á Volgograd Arena, en það verður í fyrsta skipti sem A-landslið þjóðanna mætast í mótssleik í knattspyrnu karla. Auk Íslands og Nígeríu eru Argentína og Króatía í D-riðli keppninnar.

Lars Lagerbäck stýrði svo Noregi til sigurs í fjórða leiknum í röð þegar liðið hafði betur gegn Panama sem fer líkt og Ísland á HM í fyrsta skipti í sögunni að þessu sinni. Það var Joshua King sem skoraði sigurmark Norðmanna sem hafsa lagt Austurríki og Albaníu auk íslenska liðsins og Panama að velli á sigurgöngu sinni. – hó

Hildur færir sig um set á Spáni

KÖRFUBOLTI Hildur Björg Kjartansdóttir, landsliðskona í körfubolta, hefur ákveðið að söðla um á spænski grundu. Hún mun yfirgefa Leganés og spila þess í stað með Celta Vigo á næstu leiktíð, en liðin leika bæði í spænsku B-deildinni. Hún staðfesti þetta í færslu á Facebook-síðu sinni í gær. Þar segir Hildur Björg: „Það er gott að vera á Spáni, næsta skref er ákveðið. Er búin að semja við Celta de Vigo Baloncesto og er spennat að spila með þeim næsta tímabil!“

Hildur Björg, sem er 22 ára gömul, er uppálin hjá Snæfelli þar sem hún varð Íslandsmeistari árið 2014. Hún hefur einnig spilað með University of Texas Rio Grande Valley í bandaríska háskólabotlanum. Hildur samdi við Breiðablik í upphafi síðasta sumars, en ákvað svo síðsumars að stökkva til Spánar og leika með Leganés.

Hildur var með 11,5 stig og 6,5 fráköst að meðaltali í leik í B-deildinni á síðustu leiktíð. Hún hitti úr 48 prósentum skota sinna, þar af 40 prósentum skota fyrri tatan þriggja línuna. – hó



Mér fannst samvinnan ganga vel

Emil Halldórsson lék vel inni á miðsvæðinu hjá íslenska landsliðinu í knattspyrnu þegar liðið laut í lægra haldi fyrir Noregi í vináttulandsleik á laugardaginn var. Emil fékk nýjan félag inn á miðsvæðið, en vegna meiðsla Arons Einar Gunnarssonar lék Birkir Bjarnason við hlið hans þar.

„Mér fannst bara gott að spila með Birki, það er gott að vita af því að okkar samvinna var fin á minni mati og við getum átt þetta kombó uppi í erminni. Birkir hefur leikið vel í þessari stöðu með Aston Villa og mér fannst gott að spila með honum. Það var ítölsk stemming yfir þessu og fint jafnvægi, einn stutthærdur og hinn síðhærdur.“ segir Emil í samtali við Fréttablaðið um samstarf sitt og Birkis.

„Við munum taka það jákvæða sem við gerðum í leiknum gegn Noregi inn í næsta leik, en á sama tíma reyna að laga það sem við gerðum illa. Við verðum bara að



Emil Halldórsson blæs tyggjókúlu á landsliðsæfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

fækka þeim mistökum við gerðum þegar til Rússlands kemur og ég er viss um að það mun gerast. Það hefur loað við okkur að gera mis-

tök þegar einbeitingin er ekki alveg upp á það besta, en það hefur ekki verið vandamál í mótssleikjum.“ segir Emil.

„Ég held líka að þegar við horfum á leikinn aftur þá sjáum við að það voru margir finir spilkafar og margt gott sem við getum tekið úr þessum leik. Við náðum upp finu spili inn á milli og við vorum með leikinn í okkar höndum þegar um það bil tíu mínútur voru eftir og leikur okkar riðlaðist aðeins.“ segir Emil.

„Við náðum að kúpla okkur aðeins frá fótboltanum í gær. Það er gott fyrir okkur sem búum erlendis að fá tíma til þess að að hitta fjölskyldu og vini. Það gefur mér miknið að eyða tíma með mömmu sem gæf mér miknið þar sem ég stóð uppi sem sigurvegari. Nú fer hins vegar einbeitingin á fullt á Ganaleikinn, við munum læra heimlíkið af þeim leik og hann mun undirbúa okkur vel fyrir Nígeríuleikinn. Svo þurfum við að finnstilla það sem gekk ekki vel í leiknum á móti Noregi.“ segir Emil um tíma sinn á Íslandi og komandi verkefni. – hó

SCARPA AFMÆLISDAGAR

Scarpa er 80 ára
og við fögnum því!

7. TIL 17. JÚNÍ



Allir Scarpa skór með 20-50% afmælisafslætti



KAILASH GTX

50%
afsláttur

Skór í bakpokaferðirnar



**LADAKH
GTX**



**HEKLA
GTX**



**KINESIS PRO
GTX**



**MYTHOS PRO
GTX**

20%
afsláttur



Allir barnagönguskór

25%
afsláttur

MISTRAL KID GTX

30-50%
afsláttur

Skór í vinnuna og allt mögulegt!
Allir **MOJITO**



Allir **SMARTWOOL** sokkar - **20% afsláttur**

Öll **NIKWAX** og **TOKO**

skóhreinsi- og umhirðuefni - **20% afsláttur**



Parisotto bræður, Luigi, Francesco og Antonio að störfum um miðja síðustu öld

Scarpa var stofnað árið 1938 og hefur verið í eigu Parisotto fjölskyldunnar frá árinu 1956. Í dag starfa tveir af upprunalegu eigendum enn við framleiðsluna og hafa safnað í kringum sig fjölda fagmanna sem viðhalda Scarpa hefðinni.

"Hamingja fæst ekki með veraldlegum hlutum heldur með stoltinu af eigin verkum". Þessi einkunnarorð eru í hávegum höfð hjá Scarpa sem leggur gríðarlega mikið upp úr gæðum framleiðslunnar og stöðugri þróun.

Saga Scarpa á Íslandi hófst árið 1983 þegar fyrstu Scarpa skórnir komu til landsins. Síðan þá er áætlað að hátt í 300 þúsund pör af Scarpa skóm hafi verið seld á Íslandi. Það gerir hátt í eitt par á hvern Íslending!

Magnað veftilboð á föstudaginn!

- aðeins í boði á fjallakofinn.is

Þann 8. júní kl. 12:00 aðeins í **80** mínútur, einungis **80** skópör í boði

Kauptu tvö pör af **SCARPA** skóm og þá færðu **40% afslátt**

- einungis í boði á **Fjallakofavefnum**

Í okkar huga er ekkert vanmat

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson tilkynnti í gær hvaða 16 leikmenn mæta Litháen í fyrri leik liðanna í umspili um sæti á HM 2019. Hann er ánægður með hvernig æfingar hafa gengið. Guðmundur segir Litháa vera með sterkt lið sem beri að varast.

HANDBOLTI „Æfingarnar hafa gengið vel og ég hef verið mjög ánægður með leikmennina. Það vantar ekkert upp á það. Tempóið á æfingunum hefur verið hátt og leikmenn óserhflifnir. Það var mjög erfitt að velja þennan 16 manna hóp. Markmiðið var að búa til breiðan hóp leikmanna sem gætu staðið landsliðinu til boða og ég tel að það hafi tekist. Eg er búinn að kynna mörgunum leikmönnum,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í handbolta, sem tilkynnti í gær 16 manna hóp sem fer til Litháens og mætir þar heima mönnum í fyrri leik í umspili um sæti á HM 2019.

Eitt og annað vekur athygli í vali Guðmundar. Ólafur Gústafsson er t.a.m. í hópnum en hann hefur ekki spilað með landsliðinu í nokkur ár vegna þráláttra meiðsla. Stefán Rafn Sigurmannsson var valinn í stað Bjarka Mäs Elissonar sem hefur farið á síðustu tvö stórmót og Agust Eli Björgvinsson verður Björgvini Páli Gústavssyni til halds og trausts. Aron Rafn Eðvarðsson er meiddur sem og Gísli Þorgeir Kristjánsson.

Guðmundur talar af mikilli virðingu um litháiska liðið og segir það sterkara en flestir halda.

Búnir að kortleggja þá

„Ég held að það séu margir sem vanmeti það en við gerum það ekki. Þeir spila sérstaklega vel á heimavelli. Sóknarleikurinn er mjög vel skipulagður og þeir spila bara sinn bolta. Við teljum okkur vera búna að kortleggja þá eins vel og við getum. Í okkar huga er ekkert vanmat,“ sagði Guðmundur.

Rétthenta skyttan Jonas Truchanovicus, nýkrýndur Evrópu meistari með Montpellier, er þekktasti leikmaður Litháens. Guðmundur segir að leikstjórnandinn Aidenas Malasinkas sé einnig mjög öflugur.

„Hann er heilinn í liðinu. Þeir eru líka með góða línunum og eru árársargjarnir í vörninni. Þetta er mjög gott lið og við þurfum að hafa verulega fyrir því að vinna þá,“ sagði Guðmundur.

Litháar spiluðu tvo vináttulandsleiki við Hvít-Rússa á dögnum, unnu fyrri leikinn 32-28 en töpuðu þeim seinni 38-36.

Engar áhyggjur af leikforminu

Fjórir leikmenn í íslenska hópnum léku í Olís-deildinni á síðasta tímabili. Nokkrar vikur eru síðan tímabilið kláraðist en þrátt fyrir það hefur Guðmundur ekki



Guðmundur Guðmundsson á blaðamannafundinum í gær ásamt Guðmundi B. Ólafssyni, formanni HSÍ, og Guðjóni Val Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það var mjög erfitt að velja þennan 16 manna hóp. Markmiðið var að búa til breiðan hóp leikmanna sem gætu staðið landsliðinu til boða og ég tel að það hafi tekist.

Guðmundur Guðmundsson

áhyggjur af leikformi þessara leikmanna.

„Við höfum spilað mjög mikið á æfingum og reynt að gefa þeim eins mikinn spiltíma og kostur er. Eg held að þetta verði ekki vandamál,“ sagði Guðmundur.

Selfyssingurinn Elvar Örn Jónsson lék sem skytta í Gulldeildinni í Nor-egi í fyrstu leikjunum eftir að Guðmundur tók við landsliðinu. Hann er hins vegar hugsaður sem miðjumaður í leikjunum og mun styrja

Hópurinn sem mætir Litháen

Markverðir:
Agust Eli Björgvinsson
Björgvini Páli Gústavsson

Vinstri horn:
Guðjón Valur Sigurðsson
Stefán Rafn Sigurmannsson

Vinstri skyttur:
Aron Pálmarrsson
Daniel Þór Ingason
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Gústafsson

Miðjumenn:
Elvar Örn Jónsson
Janus Daði Smáráson
Hægri skyttur:
Ómar Ingi Magnússon
Ragnar Jóhannsson
Rúnar Káráson



Hægri horn:
Arnór Þór Gunnarsson

Línunenn:
Arnar Freyr Arnarsson
Vignir Svavarsson

leik íslenska liðsins ásamt sveitunga sínum, Janusi Daði Smárásyni. Þá sé alltaf möguleiki að nota Aron Pálmarrsson sem miðjumann.

Traust lagt á Daniel og Ólaf
Guðmundur ætlar aðurnefndum Ólafi Gústafssyni hlutverk í varnarleik Íslands. Sömu sögu er að segja af Haukamanntinum Daniel Þór Ingasyni.

„Eg er með þör í miðri vörninni; Daniel eða Ólafur með Vigni [Svavarssyni] eða Arnari Frey [Arnarsyni],“ sagði Guðmundur sem vill sem oftast nota einungis eina skiptingu milli varnar og sóknar.

„Við erum búnir að fara mjög gaumgæfilega yfir varnarleikinn. Þeir munu keyra mjög grimma hraða miðju á okkur og við þurfum að vera klárir fyrir það. Við höfum eytt miklum tíma í varnarleikinn en auðvitað höfum við líka eft sóknarleikinn. ingvithor@frettabladid.is

Er þegar búin að segja nei við nokkur félög

FÓTBOLTI „Þetta er hreint út sagt dásamlegt, ég kann mjög vel við mig hérna á Blikavellinum og í bláa búningnum svo ég get ekki kvartað,“ sagði Fanndis Friðriksdóttir, leikmaður íslenska kvennalandsliðsins, fyrir æfingu í gær en fram undan er leikur gegn Slóveníu á mánudaginn í undankeppni HM 2019.

Ísland er í lykilstöðu og getur náð toppsæti riðilsins á ný þegar tvær umferðir eru eftir með sigri.

„Við vitum hvað við erum að fara út í þó að þær séu svolítið óútreiknanlegar. Þú veist ekki hvaða lið kemur út á völlinn því þær geta gert stórfurðulega hluti og frábæra hluti. Þegar leikið er gegn lakari andstæðingum er það oft þolinmæðisvinna að brjóta inn en um leið og fyrsta markið kemur færirst ró yfir hlutina.“

Heimsmeistararnót 2019 fer fram í Frakklandi en Fanndis hefur verið í atvinnumennsku hjá Mar-



Það var létt yfir Fanndisi á landsliðsæfingu í gær enda komin á kunnuglegar slóðir á Kópavogsvelli í æfingatreju íslenska landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

seille undanfarið ár. Lítið gekk innan vallar og féll Marseille úr efstu deild á dögnum. Hún ætlar að skoða sín mál eftir landsleikjahléið.

„Ég tók þá á ákvörðun að koma heim innan vallar og féll Marseille úr efstu deild á dögnum. Hún ætlar að skoða sín mál eftir landsleikjahléið.“

Ég fór út síðasta haust til að prófa eitthvað nýtt, ég vildi komast út úr þægindarmannum á Kópavogsvelli ... Þetta leit hrikalega vel út á blaði og það var frábært að búa þarna þó að fótboltinn hefði mátt ganga betur.

Fanndis Friðriksdóttir, leikmaður íslenska kvennalandsliðsins

og þá tók við að pakka og koma mér heim en ég ákvað að ég myndi ekki taka ákvörðun strax,“ sagði Fanndis sem hefur fengið tilbóð.

„Það eru nokkur félög búin að

Skoðaðu
dagskrá og
öll tilboðin á
byko.is

GRÆNN
BOSCH
-RAFMAGNSVERKFÆRI
20%
AFSLÁTTUR

SUMARHÁTÍÐ

Laugardaginn 9. júní

Tilboð gilda til 1. júní eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr. myndbreytingar.

FJÖLDI SUMARTILBOÐA Í VERSLUNUM BYKO 7.-11. JÚNÍ

BOÐIÐ ER UPP Á GRILLAÐAR PYLSUR, GOS, SAFA OG FROSTPINNA FRÁ 12-15 Á LAUGARDAG

- HANDGARÐVERKFÆRI -20%
- ELDHÚSÁHÖLD -25%
- MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS -25%
- POTTAR OG PÖNNUR -25%
- PLASTBOX -25%
- HITAKÖNNUR OG BRÚSAR -25%
- SNICKERS/TOEGUARD/SOLIDGEAR -20%
- ÁBURÐUR -25%
- BLÓMAPOTTAR -30%
- FERÐATÖSKUR -30%
- GARÐHÚSGÖGN -25%
- LEIKFÖNG -30%
- EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRI -25%
- SUMARBLÓM -25%
- TJÖLD -30%
- KÆLIBOX -25%
- ÚTILEGUBORÐ/STÓLAR -25%
- VIÐARBLÓMAKASSAR -25%
- TORIN BÍLAVÖRUR -30%
- VIÐARGARÐHÚSGÖGN -20%
- SONAX BÍLAVÖRUR -20%
- HEKKKLIPPUR -25%
- SLÁTTUORF -20%
- HÁÞRÝSTIDÆLUR -20%

EINNIG FJÖLDI ANNARA VARA Á SÉRSTÖKUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

DAGSKRÁ Í BREIDD LAUGARDAGINN 9. JÚNÍ FRÁ 12-15

ANDLITSMÁLUN • BLÖÐRUTRÚÐUR • POPPVÉL • OSINN KAYAKAR KYNNA BÁTA SÍNA • ÁBURÐARKYNNING FRÁ FÓÐUR-
BLÖNDUNNI • RAGNAR, LÆKNIRINN Í ELDHÚSINU GRILLAR EITTHVAÐ GÓMSÆTT • STEINN KÁRASON GARÐYRKJU-
FRÆÐINGUR • GJÖCO MÁLNING • SONAX BÓNKYNNING • LEIKUR: BISON FUSSBALL BORÐ

ÖLL GRILL FRÁ

NAPOLEON

25%
AFSLÁTTUR



ÖLL REIÐHJÓL
OG FYLGIHLUTIR
25%
AFSLÁTTUR



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

DEMANTSBRÚÐKAUP

Í dag, fimmtudaginn 7. júní, eiga hjónin Kristmann Magnússon og Hjördis Magnúsdóttir – oftast kennd við Pfaff – 60 ára brúðkaupsafmæli.



Pau munu fagna tímamótunum, ástinni og lífinu á sólarströnd ásamt sínum nánustu.

Verður alþjóðaforseti Lions, fyrst allra kvenna

Guðrún Björt Yngvadóttir er að taka við forsetaembætti Lions á alþjóðavísu. Hún verður áttundi evrópski forsetinn í 101 árs sögu hreyfingarinnar og fyrsta konan.

Ég er á ferð og flugi um heiminn 27 daga af 30 í mánuði," segir Guðrún Björt Yngvadóttir, verðandi alþjóðaforseti Lions. Hún er að henda til Frakklands á vörþing þegar ég nær í hana og heldur þaðan til Kína, að fagna sigri Lions í 15 ára baráttu gegn augnsjúkdómnum trakoma í landinu. Svo liggur leiðin á finnska Lionsþingið. Eftir nokkurra daga stöpp heima fer hún til Bandaríkjanna meðal annars til að taka við embættinu formlega. „Starfsárið er 1. júlí til 30. júní, ég tek við 3. júlí," segir hún.

Það var árið 2015 sem Guðrún ákvað að fara í framboð. Hún segir embættið þó ekki hafa höfðað til hennar en hvatningin um að gefa kost á sér hafi verið svo mikil að á endanum hafi hún ákveðið að láta reyna á stuðninginn.

„Ég var fyrst kosin í embætti 3. varaforseta, þá valin úr fjórtán framboðendum, svo 2. varaforseta og síðan 1. og þá átti enginn möguleika á móti mér. En sem varaforseti og fráfarandi forseti er maður í forsvari fyrir hreyfinguna og tekur ábyrgð með forsetanum.

Fyrir svona lítið land eins og Ísland er það sérstakt að eiga fólk í forystu þessara samtaka. Í 101 árs sögu hreyfingarinnar hafa bara verið sjö forsetar frá Evrópu, flestir frá Bandaríkjunum og aðrei verið kona í embættinu áður.

Guðrún Björt á eiginmann, tvö börn og sex barnabörn, þar af eina sjö mánaða nöfnu. Hún er lífeindafræðingur en starfaði við stjórnun innan menntakerfisins í 30 ár, síðast hjá Endurmenntun Háskólans – þar til heimshornafلاكkið hófst.

Lions eru stærstu samtök í heimi sinnar tegundar, með tæpa eina og hálfja milljón félaga í 210 löndum og enn að vaxa. Höfuðstöðvarnar eru í Chicago og þar er Guðrún Björt með skrifstofu. Hún skreppur oft þangað út og heldur fundi með starfsfólkinu og öðrum.

„Starfið felst í að stýra þessum stóru samtökum og hins vegar að fara um heiminn að fagna stórum áföngum, veita upplýsingar, hvetja félagana og mynda tengsl, til dæmis við stórfyrirtæki sem vilja setja fé í góðgerðarverkefni en þurfa öruggan samstarfsvettvang.“

Um 30 ár eru síðan konur voru teknar inn í hreyfinguna. Nú eru þær um 30 prósent félagsmanna. Býst Guðrún Björt við að breyta einhverju með sinni formensku?

„Ég held að það gerist ósjálfrátt. Konur hafa annað sjónarhorn en karlar og fólk er almennt farið að taka tillit til fleiri sjónarmiða í sambandi við verkefni og embætti en áður. Klúbbar sem sinna bara fjárföllum til bygginga og tækjakaupa láða ekki til sín konur eða yngri fólk heldur eru það grasrotarverkefni sem efla klúbbana og það þykir styrkja hreyfinguna að konur og karlar vinni saman.“

Nú stendur yfir fjórðungur vegna þessa kjörs þíns. Er það venjulegt innan hreyfingarinnar?

„Nei, í öðrum löndum leggja allir Lionsfélagar eitthvað lítið á hverju ári í framboðssjóð. Það eru alltaf 10 til



Guðrún Björt Yngvadóttir horfir bjartsýn til nýja embættisins og vilar ekki fyrir sér að taka flugið hvert sem er til að láta gott af sér leiða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Konur hafa annað sjónarhorn en karlar og fólk er almennt farið að taka tillit til fleiri sjónarmiða í sambandi við verkefni og embætti en áður.

kynna mig í hverri heimsálfu til að ná kosningunni á alþjóðþingi.

En Íslendingar hafa aldrei reiknað með að eiga forseta og því áttum við engan sjóð til að standa við bakíð á framboðinu og vissum ekki hversu kostnaðarsamt það yrði. Við fórum í söfnun innan deildanna en sá sjóður gekk til þurrðar strax fyrsta árið sem ég var í framboði enda ferðakostnaðurinn mestur þá.

Stundum þarf að leigja sal og taka á móti gestum, þetta verðum við að borga sjálf, boð eru aldrei greidd af félagsgjöldum. Svo þegar ég fer land úr landi er skipst á gjöfum, ég borga þær úr eigin vasa. Kaupi eitthvað íslenskt.“

Erú góð laun í boði fyrir forsetaembættið?

„Allt sem við gerum í Lions er sjálfböðavinna, engin laun, bara gleði og ánægja. Því meira sem við vinnum, því meiri ánægja!“
gun@frettabladid.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Erla Bernharðsdóttir

frá Ærlækjarseli í Óxarfirði,

lést 31. maí.

Útför hennar fer fram frá Skinnastaðarkirkju föstudaginn 8. júní kl. 14.

Jón Grímsson
Helgi Valur Grímsson
Arnþór Grímsson
Grímur Örn Grímsson
Stefán Haukur Grímsson
Bernharð Grímsson
og fjölskyldur þeirra.

Guðný M. Guðnadóttir
Jóna Kristín Einarsdóttir
Heiðrún Pétursdóttir

Sigríður Benediktsdóttir
Eyrún Egilsdóttir
og fjölskyldur þeirra.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Halla Guðný Erlendsdóttir

Laufásvegi 50, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. maí á

Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 11. júní 2018 klukkan 13.

Anna Erla Guðbrandsdóttir
Margrét Traustadóttir
Hjördis Steina Traustadóttir
Erlendur Traustason
Þóður Ólafur Traustason
barnabörn og barnabarnabörn.

Egill Sveinbjörnsson
Amundi Halldórsson
Kristinn Jónsson
Björg Sigrún Ólafsdóttir
Ágústa Ragnarsdóttir



Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Björg Bjarnis Sigurðardóttir

frá Hesteyri/Boðahleini 15, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði

fimmtudaginn 31. maí sl. Útförin fer fram föstudaginn 8. júní kl. 11.00 frá Garðakirkju í Garðabæ.

Soffía Margrét Jónsdóttir
Guðmundur Jón Jónsson
Marín Rún Jónsdóttir
Gunnar Jónsson

Steinar Skarphéðinn Jónsson
Rósa Ingibjörg Jónsdóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Hjördis Alexandersdóttir
Brynjúlfr Erlingsson

Sigrún Gíssurardóttir
Oddgeir Björnsson



Ástkær eiginkona mín, mamma, tengdamamma, amma og langamma,

Ragna Rósberg

Ásfelli 1, Hvalfjarðarsveit,

lést mánudaginn 28. maí í faðmi fjölskyldunnar sinnar á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akraneskirkju 11. júní kl. 13.00.

Stefán Skagfjörð Óskarsson

Hjalte Hauksson
Benedikt Hólm Hauksson
Jóhanna Steinunn Hauksd.
Guðný Ósk Stefánsdóttir
Sigrún Mjöll Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Haukur Magnússon
Sveinbjörn Reyf Hjaltonson
Bjarni Rúnar Jónsson

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FERÐAVÖRUM 7. - 17. JÚNÍ

A4
klúbburinn

5%

INNEIGN AF
ÖLLUM KAUPUM



Samsonite

Base Boost ferðatöskur

Stærðir: 55 sm, 66 sm og 78 sm.

Verð með afslætti frá **13.592**

Verð áður frá 16.990



Samsonite

Íþróttataska, duffle

Stærðir: 46 og 55 cm.

Verð með afslætti frá **22.392**

Verð áður frá 27.990



Funshine, ferðatöskur

Stærðir: 55 sm, 66 sm, 77 sm og 79 sm.

Verð með afslætti frá **7.192**

Verð áður frá 8.990

Samsonite

Flugtaska, Disney

Stærð: 55 cm.

Verð með afslætti frá **13.592**

Verð áður frá 16.990



Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is

Skráðu þig í A4 klúbbinn á www.a4.is og safnaðu inneign. 5% endurgreiðsla í formi inneignar af öllum kaupum í lok árs.

A4 Krínglunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi


www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](https://www.facebook.com/a4fondur) [Pinterest](https://www.pinterest.com/a4fondur) og [Instagram](https://www.instagram.com/a4verslanir)

A4

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Hæglætisveður í dag og líkur á að sjáist til sólar í flestum landshlutum. Hiti 10 til 18 stig, svalt norðvestan til.



Föstudagur

Reykjavík 7° ↘ 2	Ísafjörður 8° ↗ 14	Akureyri 14° ↗ 7
Egilsstaðir 18° → 3	Kirkjubæjarkl. 15° ↗ 4	Hveravellir 7° ↑ 7

Laugardagur

Reykjavík 9° ↖ 7	Ísafjörður 8° ↑ 8	Akureyri 14° ↗ 5
Egilsstaðir 16° ↗ 2	Kirkjubæjarkl. 10° ← 2	Hveravellir 7° ↑ 9

LÉTT

		1		5		6	7
9	3			6		4	1
5		6				2	8
	2	5					3
7	4			3			
		8			2		4
		3	6		1	8	
	5				7	1	
			8	5		7	

MIDLUNGS

4	6			7	2	9	
	3				4	2	1
				6		5	
		1		4	2		
			8	6			
	2		1		9		3
		6			3		7
9	5					4	2
1							

ÞUNG

5				7			
	3		2		9	1	
		4	5				6
	1				7		6
2	5	7				4	
						5	3
				1	2	6	
				4	9		
4		6					

Krossgáta

LÁRÉTT

- helmingur
- spira
- sjúkdómur
- frjárnám
- skóli
- uppköst
- íþróttafélag
- ávinna
- pára
- kærleiks

LÓDRÉTT

- skyggni
- tófraorð
- háttur
- safna saman
- atyrðir
- eyðast upp
- óforsjálni
- brott
- átt

1	2	3	4	
5			6	7
8			9	
10			11	
		12		
13	14			
15				16
	17			

LÁRÉTT: 1. helmingur, 2. spira, 3. sjúkdómur, 4. frjárnám, 5. skóli, 6. uppköst, 7. íþróttafélag, 8. ávinna, 9. pára, 10. kærleiks. LÓDRÉTT: 1. skyggni, 2. tófraorð, 3. háttur, 4. safna saman, 5. atyrðir, 6. eyðast upp, 7. óforsjálni, 8. brott, 9. átt.

Skák Gunnar Björnsson

Lenka Ptácniková (2.250) átti leik gegn Justin Sarkar (2.297) á Íslandsmótiinu í Valsheimilinu. Svartur á leik 24... Rxb2! 25. Hxb2 Rxb2 26. Hxd6 Bxe2 27. Hxg6 og Lenka vann skákina skömmu síðar. Lenka er efst á Íslandsmóti kvenna sem er hluti mótsins. Eftir sex umferðir voru Próstur Þórhallsson, Helgi Áss Grétarsson og Hannes Hilfar Stefánsson jafnir og efstir.




www.skak.is: Áttunda umferð hefst kl. 16.30.

5	4	7	9	8	3	1	2	6
6	3	9	5	1	2	8	4	7
8	1	2	7	6	4	5	9	3
1	7	5	4	2	9	6	3	8
2	6	8	3	5	1	9	7	4
3	9	4	8	7	6	2	5	1
9	2	1	6	3	7	4	8	5
4	8	3	1	9	5	7	6	2
7	5	6	2	4	8	3	1	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



EITT KORT 34 VÖTN 7.900 kr.

VEIÐIKORTIÐ 2018

Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist. Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.

www.veidikortid.is

Söluastaðir: N1 - ÖLLS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivörverslanir um land allt. Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS

nettó

GIRNILEGA GOTT Á GRILLIÐ!

BRAGÐGÓÐU BORGARARNIR!



-50%

LAMBAFRAMHRYGGJASNEIÐAR

699 KR
KG

ÁÐUR: 1.398 KR/KG



-50%

HELGUSTEIK
Í ESJUMARINERINU

1.665 KR
KG

ÁÐUR: 3.329 KR/KG



NÝTT!
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR

-16%

HAMBORGARAR
DRY AGED 8X12OG

1.594 KR
PK 8 STK



Ópalsjávarfang

**NÝ
VARA**

-16%

**NÝ
VARA**



-25%

GÓÐI GRÍSARIF BBQ

1.199 KR
KG

ÁÐUR: 1.599 KR/KG



ÓPAL KÓNGARÆKJA
Í SKEL, Í VORLAUK OG
SESAM MARINERINU

4.198 KR
KG

ÓPAL RISARÆKJA
SKELFLETT, Í SÍTRÓNU
KÓRIANDER MARINERINU

3.274 KR
KG

ÓPAL RISARÆKJASPJÓT
Í MEDITERRANEAN
MARINERINU

3.778 KR
KG

ÓPAL TÚNFISKLUNDIR
Í SOJA/CHILI
MARINERINU

3.778 KR
KG



-30%

KALKÚNASNEIÐAR
M/ ÍSL. JURTAKRYDDI

1.889 KR
KG

ÁÐUR: 2.698 KR/KG



-30%

KJÚKLINGABRINGUR
BBQ COUNTRY STYLE

1.889 KR
KG

ÁÐUR: 2.698 KR/KG



-30%

EGGALDIN

335 KR
KG

ÁÐUR: 479 KR/KG

KÚRBÍTUR

258 KR
KG

ÁÐUR: 369 KR/KG



-40%

FERSKT NAUTAFILELLÉ

2.975 KR
KG

ÁÐUR: 4.959 KR/KG



GÓÐI

-25%

GRÍSARIF

1.499 KR
KG

ÁÐUR: 1.998 KR/KG

nettó

Á NETTUNU

Tilboðin gilda 7. - 10. júní 2018 www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrisalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

www.netto.is

Mynd af samtímamanninum og dýrsleg forvitni

Ósk Vilhjálmsdóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir sýna í Hafnarhúsinu. Ósk sýnir vídeóverk um landslag sem sennilega enginn hefur séð. Steinunn tekur inn í verk sitt þræði sem snúa að náttúruvernd og iðnaði.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Einskismannsland: Ríkir þar fegurðin ein? er víðamesta sýning Listasafns Reykjavíkur á yfirstandandi sýningarári og er hluti af Listahátíð. Verk eftir fjölmarga íslenska myndlistarmenn eru á sýningunni sem er haldin á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsinu. Ósk Vilhjálmsdóttir og Steinunn Gunnlaugsdóttir eru í hópi þeirra listamanna sem sýna í Hafnarhúsinu.

Hversu þungt er eitt sms?

Verk Steinunnar heitir 360 gráður – Óveruleg þyngd ósýnileikans. „Verkið er í mínum huga einhvers konar portrettmynd af samtímamanninum, okkur, og sýnir ástandið þegar við sökkuvum okkur inn í viðáttur internetsins. Á sama tíma dreg ég fram efnisleikann á bak við tilvist tölvuheimsins,“ segir Steinunn. „Hugmyndin bak við það kom fyrst til mín fyrir rúmum áratug þegar vinur minn spurði mig: Hversu þungt er eitt sms? Eg hafði aldrei hugsað út í þetta, þannig að spurningin var uppljómun fyrir mig. Það eru allir þessir rafmagnskaplar, öll möstrin, gagnaverin og ótalmargt fleira sem þarf svo þessar stafrænu boðleiðir séu mögulegar. Þetta virkar allt svo ósýnilegt, jafnvel göldrótt, því þessi léttu tæki eru þröðlaus og við verðum lítið vör við efnisleikann. Fyrst og fremst langaði mig til að reyna að birta okkur þessa þyngd.“

Í verkinu er ég því líka að taka inn þræði sem snúa að náttúruvernd og iðnaði. Á sínum tíma var stöðugt verið að krefja náttúruverndarinnna, til dæmis andstæðinga Kárahnjúkavirkjunar, um það hvað þeir vildu að kæmi í staðinn. Sumir féllu í þá gildru að finnast þeir knúinir til að svara spurningunni með efnahagslegum rökum og sögðu: Við viljum túrísma. En túrísma er iðnaður. Iðnaður er í eðli sínu mengandi fyrirbæri og inniheldur alltaf aróran, bæði á náttúrunni, fólki og dýrum. Nú er bæði komin stóriðja og ferðamannaíðnaður og ýmis áhrif eru orðin sýnileg. Einn og sér mengar flugvélaflotinn sem fer hér yfir líklega á við öll orkuverin og álverin og landið hefur aldrei verið snert af jafn mörgum mannslíkum og tækjum eins og núna. Og aldrei er komið nóg – það þarf alltaf meira. Í dag benda sumir náttúruverndarsinnar á hátækniíðnaðinn sem nýja lausn líkt og honum fylgi enginn efnisveruleiki, engin mengun og hann sé ekki partur af aróranskerfinu. En þó ætti flestum að vera ljóst að til að þjóna hátækniíðnaðinum er fólk í þrælavinnu annars staðar í heiminum og það þarf gríðarlegan námugróft og málvinnslu sem er auðvitað jafn viðbjóðsleg og skaðleg fyrir vistkerfið hvort sem hún á sér stað hér eða annars staðar. Það eru meðal annars þessir verkfróðir sem ég flétta inn í þetta verk mitt.“

Landslag sem enginn hefur séð

Ósk Vilhjálmsdóttir er á nokkuð öðrum slóðum í sínu verk sem er stórt vídeóverk sem heitir Land undir fót, en sjó skjávarpar varpa risastórum myndum af leiðangri í



Steinunn og Ósk fyrir framan vídeóverk eftir þá síðarnefndu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



360 gráður – Óveruleg þyngd ósýnileikans er verk Steinunnar á sýningunni í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

kringum Hálslóna á tjöld strekkt á milli súlnanna í B-sal Hafnarhússins. „Ég er á fáförnum slóðum þar sem enginn ferðast um. Þetta er sá staður í veröldinni sem ég þekki best en er ekki til lengur. Það er búið að eyða honum, hann er á botninum á Hálslóni,“ segir Ósk. „Ég dvaldi þarna öll sumar og gekk með fólki um svæðið. Það er mjög skrytið að þekkja eitthvað nánast eins og lófann á sér og svo allt í einu er það ekki til lengur. Lengi gat ég ekki hugsað mér að líta svæðið augum en á endanum, þegar liðin voru 10 ár, fann ég að ég varð að fara aftur á þessar slóðir. Maður getur ekki sniðgengið eitthvað sem

manni þykir vænt um þótt það hafi verið gengið í skrokk á því.“

Ég lagði af stað með vídeókameru á bringunni og aðra á hausnum sem námu það sem fyrir augu bar, ég tók enga ákvörðun sjálf um hvað væri áhugavert, linsan og hreyfingar líkamans stjórnuðu vali á myndefni. Ég fór frá jökli, Vesturóræfamegin og fylgdi þessu nýja landslagi umhverfis lónið, þetta var tæplega 70 kílómetra leið sem ég fór á þremur dögum.

Ég var mjög hissa þegar ég kom að svæðinu aftur. Þvílík umbreyting á landslagi. Þetta er eiginlega handan við það sem er gott eða vont. Vatnið í lóninu er ekki vont

þótt það sé búið að koma því barna fyrir. Dýrsleg forvitni yfirtók allt hjá mér, þarna var kominn fjórður og mýrar, litlir lækir og hnausþykk rofabörð allt í kring. Algjörlaga nýtt landslag. Átli ég sé ekki eina manneskjan sem hefur gengið þessa leið í kringum lónið. Þannig að myndirnar sýna landslag sem sennilega enginn hefur séð.“

Myndlist er frumsköpunarafi

Þar sem náttúran og náttúruvernd leikur svo stórt hlutverk í verkum listakvinnanna eru þær spurðar hvort þær telji sig sem listamenn geta haft ákveðin áhrif á samfélagsmæðu um náttúruvernd.

MADUR GETUR EKKI SNIDGENGIÐ EITTHVAÐ SEM MANNI ÞYKIR VÆNT UM ÞÓTT ÞAD HAFI VERIÐ GENGIÐ Í SKROKK Á ÞVI.

Ósk Vilhjálmsdóttir


„Maður veit það aldrei alveg,“ segir Ósk. „Myndlist er í eðli sínu frumsköpunarafi, þar ríkir fullkomið frelsi hugans og myndlistarmaðurinn ræður hvernig hann fer með það og hvað hann gerir. Allt sem maður gerir litast af því hver maður er og hvernig maður hugsar. Mér finnst mikilvægt að gefa sér frelsi, vera opin og leyfa hugsuninni að flæða án þess að vera að velja því fyrir sér hvort hún tengist listsköpun eða einhverju öðru. Ég vinn gjarnan á þeim jaðri.“

„Ég þekki það, eins og flestir, að hafa orðið fyrir svo sterkum hughrifum af verkum að þau hafa beinlínis breytt mér. En þau áhrif eru óútreiknanleg og ekki endilega tengd því sem listamaður verksins hafði í huga þegar hann skapaði það,“ segir Steinunn. „Ég er því ekki að velja mikið fyrir mér áhrifum verka minna á aðra. Um leið og ég er búin með verk verð ég að sleppa af því tókunum. En varðandi spurninguna um áhrif þá er það stundum þannig að listamenn lesa í aðstæður, greina þá stefnu sem er í gangi og sjá fram í tímann. Simpson-sjónvarpsþættirnar eru sköpun, þar var talað um Donald Trump sem forseta Bandaríkjanna mörgum árum áður en hann varð forseti. Það er ágætis dæmi um það hvernig skapandi fólk getur greint samfélagsþróun.“

MIÐNÆTUROPNUN

20% afsláttur af öllum vörum
á miðnæturopnun í Smáralind 7. júní*
Fjöldi annarra tilboða

20%
AFSLÁTTUR



ÚTILÍF

síðan 1974

SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Lára Sóley og Hjalti hafa starfað mikið saman í tónlist og nú blanda þau sögum úr eigin lífi inn í tónleikadagskrána sem hefur yfirskriftina Hamskipti. MYND/AUDUNN NIELSSON

Tónleikar og spjall á persónlegum nótum í Hofi

Tónlistarparið Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson ásamt Valmar Valjaots organista heldur tónleika með sálfræðitvísti í Hofi á Akureyri í kvöld. Þau hafa flutt þá víða á Norðurlandi en eiga Grímsey eftir.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettladid.is

Við hjónin höfum starfað mikið saman í tónlistinni en nú erum við með nýtt form því við blöndum saman tónum og tali," segir Lára Sóley Jóhannsdóttir

um dagskrána Hamskipti sem hún, eiginmaðurinn Hjalti Jónsson og Valmar Valjaots standa að undir yfirskriftinni Hamskipti. Þau verða í Hofi á Akureyri í kvöld klukkan 20.30 en eiga að baki ferðalag með efnið um Norðurlandið endilangt, frá Þórshöfn í austri til Blönduóss í vestri. „Svo ætlum við að vera í Grímsey á sumarslóðum," upp- lýsir Lára Sóley glaðlega.

Lára Sóley er fíðuleikari og hefur verið konsertmeistari Sinfóníu- hljómsveitar Norðurlands. Hjalti er menntaður í klassískum söng, spilar á gítar og er sálfræðingur og Valmar Valjaots er organisti Glerárkirkju. hann er frá Eistlandi en hefur verið búsettur á Íslandi í á þriðja áratug og er virkur í tónlistarlífinu fyrir norðan. Hann spilar á piano á þessum tónleikum. „Við spjöllum á per-

TÓNLISTIN ER FRÁ ÓLÍKUM TÍMABILUM, ÞAR KOMA PRESLEY, PLATTERS OG METALLICA VIÐ SÖGU OG SVO KLASSÍK – SÉRSTÖK BLANDA EN BÝSNA FJÖLBREYTT.

sónulegum nótum um eigið líf inn á milli laga og Hjalti flettar inn í það sálfræðilegum þælingum," lýsir Lára Sóley og heldur áfram: „Tónlistin er frá ólíkum tímabilum, þar koma Presley, Platters og Metallica við sögu og svo klassík – sérstök blanda en býsna fjölbreytt. Við renndum blint í sjóinn með þetta prógramm en höfum fengið góðar viðtökur svo það hefur gengið upp."

Rafmagnað sjónarspil

DANS

Óður og Flexa – rafmagnað ævintýri

★★★★★

Hannes Þór Egilsson og Þyri Huld Árnadóttir

Flytjendur: Höfundar ásamt Ernesto Camilo Aðldazabal Valdes.
Leikstjóri: Pétur Ármannsson
Hljóðmynd: Garðar Borgþórsson
Ljósahönnun: Kjartan Darrí Kristjánsson
Búningar og sviðsmynd: Sigríður Sunna Reynisdóttir

Borgarleikhúsið

2. Júní 2018



Ófurhetjumar eru í essinu sínu í dansverkinu Óður og Flexa – rafmagnað ævintýri. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

Þegar áhorfendur hittu Óð og Flexu fyrst árið 2014 voru þau börn í ofurhetjuleik heima í stofu sem létu myndunaraflið leiða sig í leiknum. Þá voru þau tvö á sviðinu og léku sér við hvort annað í kúnstugum söfa. Vináttan var í forgrunni með öllu sem henni fylgir.

Árið 2016 birtust Óður og Flexa aftur á sviðinu en þá til að halda upp á afmæli. Eins og í fyrsta verkinu var myndunaraflið í aðalhlutverki og áhorfendur fengu að sjá hvernig leikurinn þróast með hjálp þess. Í þetta skipti urðu draumar og ævintýraheimur þeirra vinanna sýnileg áhorfendum þegar figúrur sem

börnin hafa búið til úr prumpu- slími lifna við. Ævintýrið tók síðan yfir leik barnanna og með aðstoð sögumannsins Glæsibuxna hurfu vinirnir og áhorfendur inni í annan heim.

Í verkinu Óður og Flexa – rafmagnað ævintýri, sem nú er sýnt sem hluti af Listahátíð í Reykjavík, eru hversdagsbörnin Óður og Flexa nánast horfin en ofurhetjukarakt- erarnir Óður og Flexa eingöngu sýnilegir. Núna eru áhorfendurnir ekkert leiddir inn í ævintýraheima myndunarafns síns heldur er ævin-

týrið þegar hafið þegar verkið hefst.

Hannes Þór og Þyri Huld, höfundar verksins, hafa þróað karakterana í átt að sterkara látbragði og leik með líkamsfærni sína. Öll tjáning er orðin ýkarti og börnin Óður og Flexa sem einkendust af einlægni og leik í fyrsta verkinu hafa víkið fyrir karakterunum Óð og Flexu sem minna meira á trúða.

Þyri hefur frá fyrstu tíð á sviði Borgarleikhússins sýnt óvenju mikla og sérstaka fimi sem nýtur sín ekki sist í hlutverki Flexu. Hannes hefur þroskað með sér aukði vald

yfir líkamlegu látbragði sem gerir samspil þeirra skemmtilegt. Strax í upphafsatriðinu er tónninn sleginn því þegar Óður og Flexa hefja leik þá láta líkamur þeirra ekki að stjórn með tilheyrandi uppakomum og skemmtun fyrir áhorfendur. Þessar kúnstir náðu salnum sem veltist um af hlátri.

Líkamsbeitingin í sýningunni tengdist síðan á skemmtilegan hátt mismunandi dansstílum bæði úr ranni listdansins og félagslegra dansa. Eins og í fyrri verkum var áhorfendum boðið upp á fallagar samtímadanssenur á milli þess sem almennari dansspor eins og línudans og salsa voru stigin.

Bæði Þyri og Hannes voru fráþær í öllu sem þau gerðu. Mitt í tiltek- tinni allri hjá Óð og Flexu fengu þau heimsókn frá dularfullu vélmenni að nafni Rafmax sem tülkað var af Ernesto Camillo. Þrátt fyrir að vera stórt í upphafi sýndi það veru- lega góða danstakta og hreyffærni um leið og það komst af stað. Sam- spil þeirra allra þriggja var mjög skemmtilegt.

Sögupráðurinn í verkinu er ekkert sérlega merkilegur né boð- skapurinn áhrifamikill en það skipti ekki endilega máli. Það voru annars konar tófrar sem glóðu og heilluðu áhorfendur, eða eins og samferða- maður minn á sýninguna sagði: „Það er ekkert leiðinlegt í verkinu

það er bara skemmtilegt."

Þær 45 mínútur sem verkið stóð voru fljótar að líða enda alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast. Frammistaða allra á sviðinu var með ólíkindum og verkið rann vel. Það var ekki sist gleði og aðdáun sem verkið vakti hjá áhorfendum sem voru á þeirri sýningu sem undir- rituð fór ár, heldur yngri en þeim sem verið höfðu á fyrri verkunum um þau Óð og Flexu.

Hljóðmyndin, samsætt af hljóðum tengdum rafmagni og vel þekktri eðaltónlist, var gripandi og flott. Lýsingin sem lék líka stórt hlut- verk, enda var aðalþema verksins rafmagn, virkaði einnig mjög vel. Búningarnir voru litríkir og flottir sem og sviðsmyndin, þrjár drasl- hrúgur á gólfinu – efni verksins var tiltekt eftir afmælið – og þrjár stórir ljósarammar.

Oftast í dansverkum er hlutverk umgjörðar eins og hljóðs, lýsingar og sviðs að undirstrika og styrkja sjálfan dansinn. Í þessu verki urðu ljósin og sviðsmyndin nánast eins og viðbótarkarakterar. Þessi sýning var allsherjar hüllumhæ, fjór og kraftur þar sem hreyfing, hljóð og ljós heillaði áhorfendur.

Sessleja Magnúsdóttir

NIDURSTADA: Fjörug og flott sýning þar sem áhorfendur fengu að sjá mátt leik- hústækinnar og mannslíkamans.

Kraftur og grimmd

Óþægileg ást

★★★★★

Höfundur: Elena Ferrante
Þýðandi: Brynja Cortes Andrésdóttir
Fjöldi síða: 190 bls.
Útgefandi: Bjartur 2018

Óþægileg ást er fyrsta skáldsaga Eleni Ferrante, en hún varð síðar heimsfræg fyrir hinn magnaða Napólí-fjórleik sinn. Í þessari fyrstu skáldsögu sinni, sem kom út árið 1992, slær Ferrante tón sem hún hefur haldið sig við allt frá því. Í Napólí-fjórleik sínum lýsti hún flóknum samskiptum vinkvenna á sérlega sannfærandi og minnstæðan hátt jafnframt því sem hún veitti sýn inn í samfélag þar sem karlar hafa öll völd og hika ekki við að beita andlegu og líkamlegu ofbeldi til að ná sínu fram. Söguviðið þar var borgin Napólí með allar sínar skuggahlíðar.



Söguvið þessarar fyrstu skáldsögu Ferrante er einmitt Napólí og þar er fjallað um flókið samband tveggja kvenna, mæðganna Amalíu og dótturinnar Delíu. Amalía drukknar og í kjölfarið fer

Delía til æskustöðvanna Napólí og leitar svara við krefjandi spurningum um erfitt samband sitt við hina dularfullu móður sína. Þessar konur voru hluti af hvor annarri, en um leið algjörar andstæður, og náðu aldrei fyllilega að tengjast. Nú þegar móðirin er látin spyr Delía sig hvernig kona móðir hennar hafi verið og hvað hafi gerst á síðustu dögum hennar. Um leið rifjar hún upp æsku sína og horfist í augu við óþægilega atburði úr fortíðinni, þar sem ofbeldi, lygar og blekkingar komu við sögu.

Söguviðið er Napólí, sem lýst er sem fremur núturlegum stað. Þar hafa karlmenn öll ráð í hendi sér. Þeir eru að stærstum hluta fautar, sem eiga erfitt með að sýna einlægni og eitra andrúmsloftið með yfirgangi sínum. Þegar þeim mislíkar láta þeir hnefana ráða. Í magnaðasta kafla bókarinnar leggur faðir Delíu hendur á hina fullorönu dóttur sína og kallar hana ýmsum ónefnum. Þessi kaflar er gott dæmi um þann mikla kraft sem Ferrante setur í skrif sín og getur, eins og í þessu tilviki, virkað eins og kjafthögg á lesandann.

Óþægileg ást er kraftmikil saga sögð af miklu öryggi, vel fléttuð og dularfull. Á köflum minnir hún jafnvel á glæpasögu, enda er engan veginn ljóst hvernig dauða móðurinnar bar að. Hinu mjög svo flókna sambandi dóttur og móður er lýst á eftirminnilegan hátt og nokkuð sérstakan, en á köflum er eins og Delía renni saman við móður sína og breytist jafnvel í hana. Frásögnin er óreiðukennd og nútíð og fortíð blandast saman. Það er óvissa í loftinu og kuldri og grimmd svifa yfir vötnum.

Ferrante er gríðarlega góður sögu- maður sem heillar lesandann sem glemir því stundum hversu mis- kunnarlaus höfundur hún raun- verulega er. Hún fegrar ekki mann- lifið heldur opinberar grimmdina og óréttlætið sem þar þrífst. Aðal- persónur hennar eru konur sem hafa verið sviknar, blekktar og beittar ofbeldi. Söguheimur Ferrante er ekki fallegur en sannur, um leið ein- kennilega heillandi því lesandinn er limdur við síðurnar. Vert er síðan að þakka fyrir góða þýðingu Brynju Cortes Andrésdóttur.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIDURSTADA: Það er engan byrjenda- brag að finna á þessari fyrstu skáldsögu Ferrante. Hinir fjölmörgu aðdáendur hennar eiga hiklaust að lesa þessa fyrstu bók hennar, þeir verða ekki sviknir.

Birgit fær þýsk heiðursverðlaun

Íslenska kvikmyndatökukonan Birgit Guðjónsdóttir hlýtur heiðurs- verðlaun Þýsku kvikmyndaverð- launanna (Deutsche Kamerapreis) í ár, en þau eru veitt fyrir framúrskar- andi feril viðkomandi listamanns. Í umsógn dómnefndar segir að öll verk sem hún hefur fengist við beri merki næmis hennar og innsæis og sé sama hvort hún fái við leiknar myndir eða heimildarmyndir fyrir sjónvarp eða bióhús. „Töfrar hennar liggja ekki bara í því að taka fal- legar myndir heldur að skapa há- fina blöndu augnablika, afstöðu,

sjónarhorna og hreyfingar mynda- vélarinnar,“ bætur dómnefndin við. Birgit fæddist á Íslandi árið 1962. Hún hefur á ferli sínum tekið þátt í gerð fjölmargra mynda fyrir bíó og sjónvarp. Auk þessa að sinna kvikmyndagerð hefur hún um ára- bil kennt við kvikmyndaháskóla í Baden-Württemberg og Babels- berg. Hún er félagi í Þýsku og Evr- ópsku kvikmyndaakademíunni og átti frumkvæði að stofnun samtaka Þýskumælendi kvikmyndatöku- kvenna. Verðlaunin verða afhent við hátíðlega athöfn í Köln 7. júlí. – kb



Birgit skapar hárfina blöndu augnablika. MYND/THORSTEN JANDER

SUMMAR SMELLIR

NÝR SUMARBÆKLINGUR FULLUR AF SPENNANDI GRÆJUM

KYNNINGAR TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR
249.990

True 4K UHD HDR
120Hz 3D Stúningur
Fótbolta Stilling
Allt að 300" mynd

HM SKJÁVARPINN
BENQ TK800 TRUE 4K HDR SKJÁVARPI
199.990

55" 4K UHD HDR
79.990

ÁFRAM ÍSLAND

LED MINI
Risasmár HD skjávarpi
19.990

Salora 408HD1200 HD Ready LED

NÝR BÆKLINGUR

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

7. Júní 2018 • Birgit Guðjónsdóttir um höfningu, innviðskráningu og myndabreytingu

ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ

Í fyrstu skónum frá Biomechanics

Biomechanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.

biomechanics®

Stærðir: 18-24
Verð: **7.995**
Margir litir



skórnir þínir
SMÁRALIND • 2 H.ÉÐ

BÍÓ



Þær eru fáar klípurnar sem Indiana Jones getur ekki bjargað sér úr með því að sveifla nautasvipunni góðu.

Indiana Jones er sumarhetja allra tíma

Þótt enginn skortur sé á alvöru sumarsmellum í ár er freistandi að stökkva örfáa áratugi aftur í tímann og horfa á Raiders of the Lost Ark. Betri geta sumarmyndirnar tæpast orðið.

Samkvæmt fræðunum fann Steven Spielberg upp „sumarsmellinn“ í Hollywood árið 1975 með Jaws. Blóðþyrstur risahákarl sem kjamsaði á fólk sem hætti sér í sjósund í sumarfríinu virtist vera akkúrat það sem þurfti til þess að draga fólk í milljónatali í bíó.

Tveimur árum síðar breytti George Lucas kvikmyndaheiminum varanlega með Star Wars og 1981 sameinuðu þessir vinir krafta sína og trommuðu upp með Raiders of the Lost Ark. Einhverri fjörugustu og ævintýrlegustu poppkornsmynd síðari tíma.

Hraðinn og hasarinn í æsilegu kapphlaupi fornleifafræðingsins Indiana Jones við nasista um að finna Sáttmálsörkina var eitthvað það geggjáðasta sem sést hafði í bíó þótt í raun væri um að ræða bergmál þrjúbíó-myndanna sem Lucas og Spielberg ólust upp við.

Lucas gaf Harrison Ford ómetanlegt tækifæri þegar hann réð hann í hlutverk geimkúrekans Han Solo í Star Wars og sem betur fer höguðu örlögin því þannig til að Ford endaði einnig í hlutverki Indiana Jones.

Ford hefur gert þá báða, Jones og Solo, að einhverjum dáðustu persónum kvikmynda-sögunnar og það væri til þess eins að æra óstöðugan að reyna að telja saman allar þær skrilljónir dollara sem þessar tvær kempur hafa rakað saman í Star Wars



Marion Ravenwood verður traustasti bandamaður Indiana Jones í Raiders of the Lost Ark. Frábær persóna og harðasti naglinn í myndinni.

og Indiana Jones-myndunum.

Lucas og Spielberg hafa ekki enn látið hvarfla að sér að fá annan leikara til þess að leika fornleifafræðinginn með hattinn og svipuna enda myndi slíkt varla vita á gott. Kannski reikar nefnilega hugur manns tæp 40 ár eftir í tímann til Fords og Indys vegna þess að nýjstu Star Wars-myndinni, Solo: A Star Wars Story, gengur ekki nógu vel í miðasólunni.

Samkvæmt fræðunum fann Steven Spielberg upp „sumarsmellinn“ í Hollywood árið 1975 með Jaws. Blóðþyrstur risahákarl sem kjamsaði á fólk sem hætti sér í sjósund í sumarfríinu virtist vera akkúrat það sem þurfti til þess að draga fólk í milljónatali í bíó.

Harrison Ford statar af því að hafa leikið tvær af dáðustu hetjum kvikmynda-sögunnar, Indiana Jones og geimkúrekann Han Solo.

myndinni einfaldlega vegna þess að Alden Ehrenreich er ekki Harrison Ford.

Misráðið vitaskuld, ekki sist þar sem Ford sjálfur, sem í seinni tíð virðist hafa umturnast í gamlan nöldursegg, hefur ausið arftakann unga lofi. „Alden negldi þetta. Hann gerði þetta að sinu,“ hefur Ron Howard, leikstjóri Solo, haft eftir Ford. En betur má ef duga skal. Greinilega.

Það er hvorki heiglum né hetjum hent að feta í fótspor Fords en Indiana Jones stendur þó enn óhagg-aður og ómengaður í þvældum leðurjakka, með hattinn og svipuna á lofti. Indy er búinn að vera mesta og besta sumarmyndayndið í 37 ár og alltaf tilefni til þess að endurnýja kynnin við hann.

Þorarin@frettabladid.is

YAMAHA P-115
Rafpíanó

Verð. 99.990

HLJÓDFÆRAHÚSIÐ
STÓRHAUS 1114 | Símanúmer 20 1 100 Reykjavík | www.hljodfaerahusid.is
TÓNABÚÐIN
STÓRHAUS 1114 | Símanúmer 7 1 000 Akureyri | www.tonabudin.is

SUNSTAR
GUM
HEALTHY GUMS, HEALTHY LIFE.™

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

Varmadælar & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlæggar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m².

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

SHAILENE WOODLEY SAM CLAFLIN

ADRIFT

BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

BASED ON THE BOOK BY TAMI OLDHAM ASHCRAFT WITH SUSEA MCGEARHART
SCREENPLAY BY AARON KANDELL & JORDAN KANDELL AND DAVID BRANSON SMITH
DIRECTED BY BALTASAR KORMÁKUR

**NÝTT
Í BÍÓ**
FRUMSÝND
13. JÚNÍ

FORSALA MIÐA Í FULLUM GANGI

LAUGARÁS  **BÍÓ**
BARA LUXUS

HÁSHÓLA  **BÍÓ**

SMÁRA  **BÍÓ**

BORGAR  **BÍÓ**

 LAKESHORE

 H BROTHERS
星 語 兄 弟

INGENIOUS

www.Adrift.movie

© 2015 STX FILMS

STX
FILMS

Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

Hvar@frettbladid.is

7. JÚNÍ 2018

Tónlist

Hvað? Hamskipti, tónleikar með sálfræðitvísti

Hvenær? 20.30

Hvar? Hof, Akureyri
Tónlistarparið Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson ásamt hinum góðkunnna Valmari Valjaots halda tónleika í Hofi. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð undir yfirskriftinni Hamskipti sem þau hafa staðið fyrir nú í vor og sumar víða um Norðurland. Á tónleikumum flytja þau fjölbreytta tónlist, klassik, þungarokk og allt þar á milli. Tónlistin er fléttu saman með frásögnum og sálfræðilegum þælingum um samskipti fólks og áhrif tónlistar á lífið, en Hjalti starfar sem sálfræðingur ásamt því að vera tónlistarmáður. „Markmið tónleikanna er að áhorfendur eigi notalega kvöldstund þar sem við flytjum fjölbreytilega tónlist, spjöllum á persónulegum nótum um eigið líf og spinnum út frá því sálfræðilegar þælingar. Þetta er svolitíð eins og fyrsti tími hjá sálfræðingi,“ segir Hjalti.

Hvað? Geisha Cartel útgáfupartí
Hvenær? 21.00

Hvar? Prikíð, Bankastræti
Fyrsta plata Geisha Cartel kemur loks út nú 7. Júní. Komið og fagníð með að Prikínu.

Hvað? Behzod spilar Rakhmaninov

Hvenær? 19.30

Hvar? Harpa
Undrabarnið frá Úsbekistan, Behzod Abduraimov, spilaði sig inn í hjörtu tónleikagesta Símfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2015 þegar hann lék píanókonert eftir Prokofiev með slíkum tilþrifum að tónleikagestir supu hveljur af hrifningu. Nú snýr hann aftur með einn vinsælasta konert allra tíma í farteskinu. Píanókonert nr. 2 eftir Rakhmaninov er ljóðrænn og tilþrifamikill í senn, sannkölluð flugeldasýning fyrir þá sem hafa gaman af píanóleik eins og hann gerist bestur.

Viðburðir

Hvað? The Lover

Hvenær? 20.00

Hvar? Tjarnarbió

The Lover er sjónrænt dansverk, hugleiðing um samband manns og náttúru. Fjallað er um tengsl milli tilvistar, hýbla og aðstæðna mannverunnar í eilífðar samhengi. Hvernig maðurinn og jörðin bæði skapa byr og eyða. Hvernig manneskjan býr í náttúrunni og hvernig náttúran býr í mannskepnunni. Líkami Báru og umhverfi hans eru í stöðugri þróun og umbreytingu á meðan á sýningunni stendur. Í verkinu er áhorfendum boðið í rými til íhugunar; hvað er mennskt, hvað er dyrslegt, hvað er náttúrulegt, hvað er af mannavöldum, hvað er lífrænt...

Hvað? Box – Skeifunni
Hvenær? 12.00 og 17.00



Box verður opnað í dag – matur og stuð í Skeifunni. FRETTLADID/SIGTRYGGUR ARI

Hvar? Skeifan

Box – Skeifunni verður opnað fimmtudaginn 7. júní klukkan 12.00 Á svæðinu verður fjöldi seljenda bæði matar og drykkjar, einnig verður á svæðinu risaskjúr, frábær tónlistaratriði og pop-up búðir (opnaðar þarnaestu helgi). Box – Skeifunni verður opið alla fimmtudaga til sunnudaga frá 7. júní til 29. júlí. Þeir seljendur sem verða á svæðinu fyrstu helgina eru KO:Re, Jömm, Krúska, Magellan, Skráðuvagninn, Naustið, Indican, Flatbókubíllinn, Prikíð, Vöflluvaðinn, Box-barinn og fleiri. (ATH. breytingar geta orðið á seljendum eftir dögum.)

Sýningar

Hvað? Djúprýstingur

Hvenær? 18.00

Hvar? Nýlistasafnið

Nýlistasafnið býður ykkur hjartanlega velkomin á opnun afmælissýningar Nýló í dag. Nýlistasafnið (Nýló) var stofnað árið 1978 af hópi 27 listamanna

og er í dag eitt elsta safn og sýningarrými í Evrópu sem rekið er af listamönnum. Í fjörutíu ára sögu Nýló hafa yfir 2.500 íslenskir og erlendir listamenn komið að sýningum og viðburðum í safninu.

Hvað? 111 – Ljósmyndasýning Spessa

á Listahátið í Reykjavík

Hvenær? 14.00

Hvar? Rýmd, Völvufelli

Breiðholtið og stoltir íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í nýrri röð ljósmynda Spessa sem sýndar eru í galleríinu Rýmd í Völvufelli. Portretmyndir Spessa úr póstnúmerinu 111 bera það með sér að hann hefur komist í nálægð við alls konar fólk sem byggir Breiðholtið. Hann gætir þess að halda hæfilegri fjarlægð af virðingu við viðfangsefnið. Hér er á ferðinni órsaga kynslóða í hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni.

Hvað? Pillow Talk – Listahátið í

Reykjavík

Hvenær? 17.00

Hvar? Norræna húsið

Koddahjal eða „Pillow Talk“ gefur innsýn í líf hælisleitenda og flóttafólks á Íslandi með því að bjóða fólki að setja sig í spor þeirra og hlusta á sögur þess. Hátölurum hefur verið komið fyrir í rúmunum, sem notuð eru fyrir hælisleitendur, og þáttakendum býst að leggjast í rúmin og hlusta á frásagnir fólksins. Sögurnar eru vandasamlega settar fram með það að markmiði að gefa þátttakendum nýja leið til að skilja „sögur flóttafólks“.

Hvað? Street View (Reassembled) á

Listahátið í Reykjavík

Hvenær? 17.00

Hvar? Norræna húsið

Listaverk finnska listamannsins Anssi Pulkkinen samanstendur af rústum heimila sem hafa verið fluttar frá Sýrlandi sjóleiðina til Evrópu. Efniviðurinn var keyptur af fyrri eigendum og fluttur burt með fullu samþykki þeirra. Um er að ræða steypt veggjábrot, s.s. stiga og hluta gólfs en ekki er mögulegt að átta sig á uppruna, nákvæmri staðsetningu eða sögu hússins út frá þessum brotum.

Hvað? Bókverk

Hvenær? 15.30

Hvar? Safnahúsið

Á þessari áringu útgávu eru dregin fram áhugaverð dæmi um skapandi prentverk, bókband og tilraunir með form bókanna úr safmeign Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Leitað er fanga allt aftur til loka 19. aldar og eru verkin sett í samhengi við bókagerð listafólks fram til dagsins í dag. Dieter Roth (1930–1989), sem var einn af frumkvöldum bókverkagerðar í heiminum, vann sín fyrstu bókverk hér á landi í kringum 1957 og ruddi brautina fyrir bókverkagerð íslensks listafólks.

Njóttu þess að fara í sund / sjósund

Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum

Verndar viðkvæm eyru – hentar bæði börnum og fullorðnum



EAR CARE BAND-IT vörurnar eru hannaðar af Háls-, nef- og eyrnalækni og voru sérstaklega þróaðar fyrir börn með rör í eyrum og fyrir þá sem eru viðkvæmir og vilja halda vatni frá eyrum og eyrnatöppum á réttum stað.

- Talið er að allt að 95% barna fái eyrnabólgu að minnsta kosti einu sinni fyrir sex ára aldur.
- Þá er oft sett rör í hljóðhimnu vegna slím eða vökva í miðeyra

Með því að nota EAR BAND-It eyrnatappa og eyrnabandið getur þú komið í veg fyrir að vatn komist inn í eyrun og þar að leiðandi gerir það að verkum að börn, fullorðnir og allir sund iðkendur geta verið áhyggjulausir í vatni.

Til í þremur stærðum.

- S - frá 1. til 3. ára
- M - frá 4. til 9 ára
- L - frá 10 ára og eldri (fullorðnir)

Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.

Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavörverslunum.



Calvin Klein

carhartt®

KENZO

TOMMY HILFINGER

CHEAP
MONDAY
STOCKHOLM

SAMSØE φ SAMSØE

Nudie JEANS CO

DIESEL®

VANS

jeffreycampbell

TATUAGGI

Fru.it

billi bi
COPENHAGEN

Dr. AirWair
Martens

SUPERGA®
PEOPLE'S SHOES OF ITALY

MIÐNÆTUROPUN
Í SMÁRALIND

20%

AF ÖLLUM VÖRUM
ALLAN DAGINN

OPIÐ TIL 24:00

gs skór // galleri sautján

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

LETHAL WEAPON



LETHAL WEAPON

KL. 21:15

Önnur sería þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á niunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.

Frábær Fimmtudagur

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

DECEPTION

KL. 19:45

Léttur og skemmtilegur sakamálaþáttur um virtan sjón-hverfingamann sem verður eitt helsta leynivopn bandarísku alríkislögreglunnar við lausnir á flóknum glæpamálum.



NCIS

KL. 20:30

Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félagar hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



BARRY

KL. 22:00


Meinfyndinn gamanþáttur frá HBO um hinn lánlitla launmorðingja Barry en óvænt verkefni rekur hann til Los Angeles.



COLOSSAL

KL. 22:00


Gloria er atvinnulaus og eftir að kærasti hennar rekur hana úr íbúðinni þá neyðist hún til að fara frá New York og flytja aftur í gamla heimabæinn.



THE DETOUR

KL. 21:35

Önnur þáttaröð þessara stórskemmtilegu gamanþátta um Nate og hans viðburðarika og óhefðbundna fjölskyldulíf.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.40 Strákarnir
08.05 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Á uppljóð
10.40 Jamie's Super Food
11.25 Í eihúsinu hennar Evu
11.45 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 I Am Sam
15.10 Sundays at Tiffanys
16.35 PJ Karsjó
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The Big Bang Theory
19.45 Deception
20.30 NCIS
21.15 Lethal Weapon Önnur syra þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á niunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.

22.00 Barry
22.30 Crashing
23.00 Real Time with Bill Maher
23.55 Burðardýr Þáttaröðin Burðardýr fjallar um einstaklinga úr íslenskum verkefnum sem flekst hafa inn í skuggavef alþjóðlegs eiturlyfjasmýglis. Í hverjum þætti heyrum við einstakling segja sína sönnu sögu. Skipuleggjendur eiturlyfjasmýglis nýta sér neyð fórnarlamba, nota hótanir og ofbeldi til að fá vilja sínum framgengt. Í þáttunum kynnumst við manneskjnum á bak við fyrirsagnirnar, fólkinn sem við köllum burðardýr. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
00.30 C.B. Strike
01.30 Vice
02.00 Silent Witness Breskir sakamálaþættir af allra bestu gerð frá BBC sem fjalla um líösmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar morð hafa verið framín. Nikki Alexander og samstarfsfólk hennar eru öll afar fær á sínu sviði og láta sönnunargögnin á líkinu leiða sig að sannleikanum. Hvert mál sem þau fást við er rakið í tveimur þáttum.
02.50 Silent Witness
03.40 Girls
04.10 Girls
04.40 I Am Sam

STÖÐ 2 SPORT

07.25 Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors
09.20 Goals of the Season
10.15 Breiðablik - Stjarnan
12.10 Fjölnir - Valur
14.00 Pepsi-mörkin
15.35 Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors
17.30 Goals of the Season
18.25 Premier League World
18.55 England - Costa Rica
21.00 Búrið
21.35 Season Highlights
23.20 Fjölnir - Valur

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ríó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

STÖÐ 3

19.10 Last Man on Earth
19.35 Man Seeking Woman
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Supergirl
21.35 The Detour
22.00 Boardwalk Empire
22.55 The Simpsons
23.20 American Dad
23.45 Bob's Burger
00.35 Last Man on Earth
01.00 Seinfeld
01.25 Friends
01.50 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.13 Grettir
07.27 K3
07.38 Mæja býfluga
07.50 Tindur
08.00 Dóra könnuður
08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.47 Doddi lítli og Eyrnastór
09.00 Áfram Diego, áfram!
09.24 Svampur Sveins
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Strumpanir
10.25 Ævintýraferðin
10.37 Hvellur keppnisbill
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Stóri og Lítil
11.13 Grettir
11.27 K3
11.38 Mæja býfluga
11.50 Tindur
12.00 Dóra könnuður
12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.47 Doddi lítli og Eyrnastór
13.00 Áfram Diego, áfram!
13.24 Svampur Sveins
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Strumpanir
14.25 Ævintýraferðin
14.37 Hvellur keppnisbill
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Stóri og Lítil
15.13 Grettir
15.27 K3
15.38 Mæja býfluga
15.50 Tindur
16.00 Dóra könnuður
16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.47 Doddi lítli og Eyrnastór
17.00 Áfram Diego, áfram!
17.24 Svampur Sveins
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Strumpanir
18.25 Ævintýraferðin
18.37 Hvellur keppnisbill
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Kalli á þakinu



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

GOLFSTÖÐIN

13.05 Golfing World
13.55 US Women's Open
19.35 Inside the PGA Tour
20.00 Fed Ex ST. Jude Classic
23.00 Golfing World

STÖÐ 2 BIÓ

12.50 Steinaldarmennirnir
14.20 Wilson
15.55 Sundays at Tiffanys
17.25 Steinaldarmennirnir
18.55 Wilson Gráglettin gamanmynd frá 2017 með Woody Harrelson í hlutverki Wilsons sem er einmana, taugaveiklaður, fánánlega heiðarlegur og blátt áfram miðaldra maður sem þóli ekki annað fólk og mannlegt samfélag yfirhöfuð. Hann hittir fyrrverandi eiginkonu sína á ný og í kjölfarið fær hann að kynnst hamingjunni, þegar hann kemst að því að hann á unglingsdóttur, sem hann hefur aldrei hitt.
20.30 Sundays at Tiffanys
22.00 Colossal
23.50 Sleepless Spennumynd frá 2017 með Jamie Foxx og Michelle Monaghan í aðalhlutverkum. Vincent Down er lögreglumaður í Las Vegas sem leikur tveimur skjöldum. Annars vegar blandar hann sér inn í hóp spilltra lögreglumanna sem stela bæði fé og eiturlyfum í ágóðaskyni og hins vegar er hann útsendari innra eftirlits lögreglunnar og á að uppræta spilllinguna frá rötum.
01.25 Skin Trade
03.00 Colossal

RÚV

16.15 Sjóræningjarokk
16.55 Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
17.25 Veidikofinn
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ronja ræningjadóttir
18.24 Einmitt svona sögur
18.37 Hróturinn Hreinn
18.44 Flink
18.47 Tulipop
18.50 Vísindahorn Ævars
19.00 Fréttir
19.25 Veður
19.30 Ísland - Gana
22.15 Tíufréttir
22.30 Veður
22.35 Lögregluvaktin
23.20 Gullkálfar
00.10 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.40 The Tonight Show
09.20 The Late Late Show
10.00 Siminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.25 King of Queens
12.50 How I Met Your Mother
13.10 Dr. Phil
13.50 American Housewife
14.15 Kevin (Probably) Saves the World
15.00 America's Funniest Home Videos
15.25 The Millers
15.50 Solsidan
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Man With a Plan
20.10 Gudjohnsen
21.00 Instinct
21.50 How to Get Away with Murder
22.35 Zoo
23.25 The Tonight Show
00.45 24
01.30 Salvation
02.15 Law & Order: Special Victims Unit
03.05 SEAL Team
03.50 Agents of S.H.I.E.L.D.
04.40 Siminn + Spotify

PIER

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ÚTIHÚSGÖGNUM




20%
AFSLÁTTUR AF
BORÐBÚNAÐI



20-40%
AFSLÁTTUR AF
LUKTUM OG
KERTASTJÖKUM



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR AF
BORDSTOFUHÚSGÖGNUM



10-40%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM
STOFUHÚSGÖGNUM
SÓFAR, SÓFABORÐ,
HLIDARBORÐ & HILLUR

Skopið úrvalið á
www.pier.is

Gildir 7.- 13. júní. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Frægir á ferð og flugi

Stjörnurnar voru svo sannarlega bæði á ferð og flugi í vikunni enda ótal viðburðir þar sem þurfti að sýna sig og sjá aðra á síðustu dögum. Það verður spennandi að sjá hvað gerist á næstu dögum, hvort svipað verður upp á teningnum.



Vilhjálmur prins fékk að hoppa á bak velfáks nokkurs á Mön, en þar fer fram svakaleg mótörhjólakeppni.

Elisabet Englandsdrottning var hress og kát á meðan hún skoðaði sérþjáfaða sjúkrahunda á þriðjudaginn.



Leikkonan Retta úr Parks and Recreation kynnti nýja ævisögu og enginn annar en Jim O'Heir, sem leikur hinn frábæra Jerry í sömu þáttum, mætti á svæðið.



Lily Allen sást spóka sig á götum London á dögum. Hún virtist nú bara hin sprækasta.

-6°
21° Tilfinning
-7°
-8°


Op þú hitar bílinn með fjarstýringu – Webasto bílahitari

LH BÍLASMIDURINN HF
BÍLDHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is

Webasto
Feel the Drive



Jaden Smith, hinn ótrúlegi sonur Wills Smith, var mættur á viðburð á vegum Louis Vuitton og stillti sér þar upp með listrænum stjórnum tiskuhússins.



GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opíð kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Anne Hathaway, Awkwafina og sjálf Rihanna stílltu sér upp eftir heimsfrumsýningu Ocean's 8.



Neil DeGrasse Tyson stjarnedlisfræðingur var áreiðanlega stórskemmtilegur í spjalli sem hann tók í Los Angeles um daginn.

HJÓLADAGAR ELLINGSEN

20%
AFSLÁTTUR



MERIDA CROSSWAY
10-V GENT 2018

VERÐ 55.992.-
FULLT VERÐ 69.990.-



MERIDA CROSSWAY
10-V LADY 2018

VERÐ 55.992.-
FULLT VERÐ 69.990.-



MERIDA CROSSWAY 100
GENT 2018

VERÐ 91.992.-
FULLT VERÐ 114.990.-



MERIDA CROSSWAY 100
LADY 2018

VERÐ 91.992.-
FULLT VERÐ 114.990.-



MERIDA MATTS 15
MD 2018

VERÐ 63.992.-
FULLT VERÐ 79.990.-



MERIDA JULIET 15
MD RASBERRY 2018

VERÐ 63.992.-
FULLT VERÐ 79.990.-



MERIDA MATTS J24
2018 BOY

VERÐ 55.992.-
FULLT VERÐ 69.990.-



MERIDA MATTS
J24 2018 GIRL

VERÐ 55.991.-
FULLT VERÐ 69.990.-



MERIDA TWENTY 7
FULLD27 ONE - 600 2018

VERÐ 239.992.-
FULLT VERÐ 299.990.-



MERIDA CYCLOCROSS
400 2018

VERÐ 159.992.-
FULLT VERÐ 199.990.-



MERIDA CLASSIC
HALLINDAL 7 LADY RED

VERÐ 79.992.-
FULLT VERÐ 99.990.-



MERIDA CLASSIC
KRAKERØY 7 LADY BLACK

VERÐ 79.992.-
FULLT VERÐ 99.990.-



MERIDA
DINO-BELLA 12"

VERÐ 19.992.-
FULLT VERÐ 24.990.-



MERIDA
BELLA-DINO 16"

VERÐ 23.992.-
FULLT VERÐ 29.990.-



MERIDA
DINO-BELLA 20"

VERÐ 35.992.-
FULLT VERÐ 44.990.-

- ▶ FÁNAR
- ▶ LÍMMIÐAR
- ▶ AUGLÝSINGASKILTI



Pú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

NÝ VEFVERSLUN

HUGINN MUNINN SKYRTUR

HUGINN MUNINN

www.huginnmuninn.is

Rafmagnstjakkar

Kynningarverð: **282.897 kr. m/vsk**

HANGCHA

RRMI OFNASMIDJAN

s. 511 1100 | www.rrmi.is

STENDUR EITTHVAÐ TIL?

Dimmisjón, árshátíð, annað?

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is

Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



Strákarnir ætla með ferð sinni til Akureyrar að koma plötusnúðakúrtúrnum heldur betur á kortið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Plötusnúðameningin tekin alla leið í Sjallanum

Snorri Ástráðsson plötusnúður og **Arnór Björnsson** ætla að endurtaka goðsagnakennt Verzlóball á Akureyri um helgina. Þetta verður reiv af nýja skólanum og Sjallanum verður breytt í Las Vegas.

Þetta byrjaði allt á Verzlóballi...“ segir Snorri Ástráðsson, plötusnúður, en hann og Arnór Björnsson – Arnór FKN Björns – eru að gíra sig upp í að ferðast norður á Akureyri með tvo troðfulla bíla af leikmunum. Þeir eru að fara að spila á reivi fyrir norðan á laugardaginn, en þetta verður endurtekning á goðsagnakenndu Verzlóballi sem þeir félagar komu fram á fyrir nokkru og innihélt hoppukastala, reykybysur og slatta af fíflaskap.

„...og þetta gerðist eiginlega óvart, ég var spurður hvort strákur úr skólanum mætti hoppa upp á svið með mér og láta eins og hálfviti, þetta reyndist vera hann Arnór – þessu balli var síðan reyndar frestað, þetta var sem sagt hið fræga „Gillz ball“ sem var mikið í fréttum á þessum tíma.“

Ballið sem um ræðir var umtalað ball þar sem DJ Muscleboy, eða Egill Einarsson, Gillzenegger, átti að koma fram en var aflýst eftir þrýsting frá feministafélagi skólans. Gamalt málteki segir að upp úr aflýstum bóllum spretti oft önnur og jafnvel betri böll.

„Það var í apríl að Arnór hafði samband við mig og spurði hvort ég væri til í að taka upp leika frá því árinu áður og ég sagði auðvitað já. Við fengum „budget“ og fórum þá eiginlega að fíflast – þetta var hálf-gert manúkast sem varði í þrjá daga þar sem við vorum að leigja hoppukastala, reykybysur, konfetti og eitt-hvert bull.“

Ballið sló í gegn og svo mikið að framleidd var hálf tíma löng stuttmynd um það. Þá var úr vöndu að ráða fyrir Snorra og Arnór: Hvað áttu þeir að gera við fræðöina og framann? Úr varð að þeir ákváðu að halda í mekka skemmtanálífs Norðurlands, jafnvel landsins alls, Sjallann.

„Akureyri er einn af mínum uppáhaldsstöðum að spila á og þangað ætlum við með alls konar



Sirka svona verður stemmingin í Sjallanum á laugardaginn.

NÚ ER HIPPHOPP AÐEINS AÐ DALA EFTIR ÞESSA BYLGJU SÍÐASTA SUMAR OG ÞÁ ÆTLA ÉG AÐ KOMA STERKUR INN MEÐ REIVID Í STAÐINN.

leikmuni og hálfvitaskap í farteskínu.“

Ógiggjó hefur verið kynnt með stuttum leikþætti sem má finna á viðburðinum á Facebook.

„Við verðum allir í ákveðnum karakter þarna. Axel, sem er að skipuleggja þetta með okkur, verður í ljónabúningi og ég verð mjög reður allan tímann. Þetta verður tekið alla leið.“

Snorri segir að hluti af þessu sé viðleitni hans til að taka plötusnúðameninguna alla leið, að búa til stóra viðburði þar sem plötusnúðar eru á aðalhlutverki eins og tíðkast víða erlendis – en hann segir fyrirmyndir þeirra í þessu reivi vera meira „commercial“ á borð við alla rísa plötusnúðana sem til að mynda skemmta reglulega í Las Vegas.

„Hér á Íslandi erum við litlu hjálparmennirnir hjá röppurum... ekki að ég hafi það, þvert á móti, en það er bara kominn tími til þess að við uppfjum þennan DJ-kultúr, og sómuleiðis reivið. Nú er hipphopp aðeins að dala eftir þessa bylgju síðasta sumar og þá ætla ég að koma sterkur inn með reivið í staðinn.“ stefanthor@frettabladid.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

FIMMTUDAGUR 7. JÚNÍ 19:30

BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV

Joshua Weilerstein hljómsveitarstjóri

Behzod Abduraimov einleikari

Ludwig van Beethoven
Egmont, forleikur

Florence Price
Sinfónía nr. 1


Sergej Rakhmanínov
Píanókonsert nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

Undrabarnið frá Úsbekistan, Behzod Abduraimov, spilaði sig inn í hjórtu tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2015 þegar hann lék píanókonsert eftir Prokofíev með slíkum tilþrifum að tónleikagestir supu hveljur af hrifningu. Nú snýr hann aftur með einn vinsælasta konsert allra tíma í farteskinu. Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er ljóðrænn og tilþrifamikill í senn, sannkölluð flugeldasýning fyrir þá sem hafa gaman af píanóleik eins og hann gerist bestur.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

Væntanlegt

NÓA



Súkkulaði Kringlur

SÚKKULAÐIHJÚPAÐAR SALTKRINGLUR

N
Súkkulaði
Kringlur

SÚKKULAÐIHJÚPAÐAR

SÚKKULAÐI
HJÚPAÐ

SÚKKULAÐI
HJÚPAÐ

TAKMARKAÐ
MAGN

160 g



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGÁST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst: dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Benedikts Bóasar Hinrikssonar



Áfram, Ísland

Rúmlega 2.000 miðar voru óseldir á síðasta leik Íslands áður en dregirnir okkar fara á Heimsmeistararnótið þegar þessi grein er skrifuð. Það er ekki nógu gott. Það er fátt skemmtilegra en að fara á völlinn, hvað þá á landsleiki.

Miðaverð er auðvitað mjög hátt. Það er verið að verðleggja marga út af þessari skemmtun. Góð sæti kosta 7.500 krónur en þau lélegustu 3.500.

Í ljósi umræðunnar um nýjan þjóðarleikvang er auðvitað hálf bagalegt fyrir alla sem standa að því verkefni að það sé ekki mikill áhugi á að koma á völlinn. Það á jú að byggja 20 þúsund manna völl og er gert er ráð fyrir að það sé alltaf uppsett.

Það skrýtnasta í þeirri umræðu er að nefndir eftir nefndir, og bara nefndu það, komust að þeirri niðurstöðu að tvær niðurstöður væru bestar. Ekki fleiri og ekki færri. Það finnst mér skrýtið. Enda hefði ég haldið að það væri hægt að koma með svona 10 hugmyndir að nýjum velli, stórum og smáum.

Ísland þarf samt nýjan völl og nýjan leikvang. En hann þarf ekki að taka 20 þúsund manns. Hann þarf bara að rúma 10-12.000 manns.

Það er ljóst að KSL, ríkið og Reykjavíkurborg hafa ekki átt mörg samtöl við aðra en ráðgjafarfirmar tækið Lagardere Sports og ætla að treysta því í einu og öllu.

Skýrsla KPMG um nýjan völl bendir þó á að Lagardere Sports gæti haft mikilla hagsmuna að gæta verði verkefnið að veruleika sem kalli á skynsamlega rýni helstu hagsmunaaðila í ráðleggingar fyrirtækisins.

Það eitt segir mér að það var ekki staðið nógu vel að þessu. Það vantar meiri fagmennsku enda á þessi nýi völlum að kosta marga milljarða. Það má ekki bara leika sér og ég kalla eftir meiri fagmennsku.



Opió allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

Salöt frá 649 kr.



SUBWAY

Nú tvær nýjar tegundir!

GRILL-MATURINN ELSKAR

Pykkvabæjar

BEARNAISE KARTÖFLUSALAT
Pykkvabæjar

FLUSALAT
Pykkvabæjar

Nýtt

KASALAT
Pykkvabæjar

SÆTKARTÖFLU SALAT
Pykkvabæjar

Nýtt